Landsnefndin fyrri
1770–1771

Den islandske Landkommission
1770–1771

DEN ISLANDSKE LANDKOMMISSION 1770–1771

II

BREVE FRA PRÆSTER

REDAKTØRER

Hrefna Róbertsdóttir
Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir

ISLANDS
NATIONALARKIV

I samarbejde med
Rigsarkivet og Islands Historiske Forening

Reykjavík 2016

LANDSNEFNDIN FYRRI 1770–1771

II

BRÉF FRÁ PRESTUM

RITSTJÓRAR

Hrefna Róbertsdóttir
Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir

ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Í samstarfi við
Ríkisskjalasafn Danmerkur og Sögufélag

Reykjavík 2016

LANDSNEFNDIN FYRRI 1770–1771 II
Bréf frá prestum

DEN ISLANDSKE LANDKOMMISSION 1770–1771 II
Breve fra præster

RITSTJÓRAR · REDAKTØRER
Hrefna Róbertsdóttir og Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir

AÐALSTYRKTARAÐILAR · HOVEDSPONSORER
Augustinus Fonden, Rannís — The Icelandic Center for Research

ÚTGEFENDUR · UDGIVERE
Þjóðskjalasafn Íslands · *Islands Nationalarkiv*, Sögufélag · *Islands Historiske forening*,
Ríkisskjalasafn Danmerkur · *Rigsarkivet*
Reykjavík 2016

SAMRÁÐSNEFND · SAMARBEJDSUDVALG
Hrefna Róbertsdóttir, Helgi Skúli Kjartansson, Steen Ousager

UPPSKRIFTIR SKJALA · TRANSSKRIBERING
Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir

RÁÐGJÖF UM FRÁGANG FRUMTEXTA · SPROGLIG VEJLEDNING
Christina Folke Ax, Jóhannes B. Sigtryggsson, Leon Jespersen

SAMLESTUR SKJALA · SAMMENLIGNING TEKST OG KILDER
Hrefna Róbertsdóttir, Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir

PRÓFARKALESTUR · KORREKTURLÆSNING
Christina Folke Ax, Hrefna Róbertsdóttir,
Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir, Jóhannes B. Sigtryggsson, Leon Jespersen

ÞÝÐINGAR ÚR ÍSLENSKU · OVERSÆTTELSER FRA ISLANDSK
Christina Folke Ax, Skjal ehf. — Pétur Rasmussen

ÞÝÐINGAR ÚR DÖNSKU · OVERSÆTTELSER FRA DANSK
Jón Torfason

ÞÝÐINGAR ÚR LATÍNU · OVERSÆTTELSER FRA LATIN
Gottskálk Þór Jensson, Gunnar Örn Hannesson

SKÝRINGAR OG SKRÁR · FORKLARINGER OG REGISTER
Christina Folke Ax, Hrefna Róbertsdóttir, Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir

UMBROT · LAYOUT
Egill Baldursson ehf.

HÖNNUN KÁPU · OMSLAG
Kría hönnunarstofa — Eva Hrönn Guðnadóttir

KORT · KORT
Benedikt Jónsson, Björk Ingimundardóttir, Egill Baldursson

PRENTUN · TRYKNING
Ednasprint Slóveníu

© Þjóðskjalasafn Íslands, Hrefna Róbertsdóttir, Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir

Fjölbindaverkið · *Serien*: ISBN 978-9979-876-25-0
II. ISBN 978-9979-876-27-4

Efnisyfirlit

Inngangur 13

Íslensku prestarnir og bréf þeirra til Landsnefndarinnar 1770–1771 21

Um íslensku í bréfum til Landsnefndarinnar fyrri 1770–1771 . . 59

Dreifibréf til presta um skipan Landsnefndarinnar 30.7.1770 . . 113

GULLBRINGUSÝSLA

Skrá yfir fædda og dána í Seltjarnarnesþingum 1760–1769 frá séra Árna Þórarinssyni 28.1.1771. Lit. X. N° 1 119

Séra Árni Þórarinsson á Lambastöðum ritar álitsgerð um hérað sitt 12.2.1771. Lit. Y 120

Séra Árni Þórarinsson á Lambastöðum fjallar um hreppstjóra, landsaga og fátækramál 18.6.1771. Lit. Zz. N° 1 167

Séra Árni Þórarinsson á Lambastöðum skrifar um garðahleðslu 24.7.1771. Lit. Zz. N° 2 177

Skrá yfir fædda og dána í Garða- og Bessastaðasóknum 1761–1770 frá séra Guðlaugi Þorgeirssyni í Görðum 23.1. 1771. Lit. O 179

Séra Guðlaugur Þorgeirsson í Görðum á Álftanesi fjallar um húsaga, barnauppeldi, búskap og verslun 1.5.1771. Lit. UU. N° 1 182

Séra Guðlaugur Þorgeirsson í Görðum á Álftanesi sendir álitsgerð um spítalana [1.5.1771]. Lit. UU. N° 2 204

BORGARFJARÐARSÝSLA

Séra Þorvarður Auðunarson í Saurbæ á Hvalfjarðarströnd fjallar um agaleysi barna og fleira 5.7.1771. Lit. Kk. N° 4 219

Séra Ólafur Brynjólfsson í Görðum á Akranesi sendir tillögur til úrbóta 1.8.1771. Lit. Kk. N° 2 228

Óundirritað bréf úr Borgarfirði um kjör alþýðu [án dags. 1770/1771]. Án lit. nr. 233

MÝRASÝSLA

Séra Vigfús Jónsson í Hítardal skrifar um fólksfjölda og rekur sögu verslunar í landinu [án dags. 1770/1771]. Lit. OO 239

SNÆFELLSNES- OG HNAPPADALSSÝSLUR

Séra Vigfús Jónsson í Miklaholti skrifar um húsaga og hreppstjórn ásamt fleiru 31.1.1771. Lit. V 283

Prestar í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslum senda tillögur til úrbóta 12.8.1771. 2. B. J. Ref. N° 699 m 292

BARÐASTRANDARSÝSLA

Séra Björn Halldórsson, prófastur í Sauðlauksdal, fjallar um sjúkdóma, húsaga og garðrækt 12.6.1771. Lit. Ll. N° 2 305

ÍSAFJARÐARSÝSLA

Séra Guðlaugur Sveinsson á Kirkjubóli gerir grein fyrir höfnum í nyrðri hluta Ísafjarðarsýslu 10.10.1770. Lit. J. N° 1 . . 317

Séra Guðlaugur Sveinsson á Kirkjubóli skrifar um aga vinnuhjúa 11.10.1770. Lit. J. N° 2 324

Séra Guðlaugur Sveinsson á Kirkjubóli sendir ritgerð sem hann nefnir „Um garðlag“ 30.11.1770. Lit. DD 331

HÚNAVATNSSÝSLA

Séra Eiríkur Guðmundsson á Stað í Hrútafirði skrifar um verslun og atvinnu 20.12.1770. Lit. X. N° 2 359

Séra Eiríkur Guðmundsson á Stað í Hrútafirði skrifar um kjör presta ásamt fleiru 10.4.1771. Lit. ZZ. N° 10 372

Séra Þorsteinn Pétursson á Staðarbakka ritar greinargerð sem hann nefnir „Landbetrunarþanka nýfundingar“ [án dags. 1770/1771]. Lit. ZZ. N° 1 388

Séra Guðmundur Guðmundsson í Undirfelli og séra Jónas Benediktsson í Vesturhópshólum skrifa um aga vinnuhjúa og fleira 5.5.1771. Lit. Oo. N° 1 406

MÚLASÝSLUR

Séra Halldór Gíslason á Desjarmýri í Borgarfirði eystra skrifar um agaleysi vinnufólks og fleira 2.1.1771. Lit. Kk. N° 3 . . . 419

Bréf frá Finni Jónssyni Skálholtsbiskupi sem fylgir greinargerðum presta og prófasta úr Múlasýslum 29.7.1771. Lit. Ff. N° 4 424

Séra Páll Guðmundsson, prófastur í Norður-Múlasýslu, ritar álitsgerð um hérað sitt 18.6.1771. Lit. Ff. N° 5 425

Prestar í Suður-Múlasýslu fjalla um leiðir til viðreisnar landinu 6.3.1771. Lit. Ff. N° 6 438

Séra Þorsteinn Jónsson á Dvergasteini skýrir frá hag sveitarinnar 23.1.1771. Lit. Ff. N° 7 448

SKAFTAFELLSSÝSLUR

Prestar í Austur-Skaftafellssýslu fjalla um leiðir til viðreisnar landinu 16.8.1771. 2. B. J. Ref. N° 699 l 457

Prestar í Vestur-Skaftafellssýslu fjalla um leiðir til viðreisnar landinu 29.5.1771. Lit. Tt. N° 2 463

RANGÁRVALLASÝSLA

Séra Sigurður Jónsson, prófastur í Holti undir Eyjafjöllum, skrifar um barnaskóla, málefni presta og fleira 1.7.1771. Lit. Gg. N° 1 481

Prestar í Landeyjum og Fljótshlíð skrifa um kjör presta og fleira 26.6.1771. Lit. Gg. N° 2 487

Séra Einar Jónsson í Stórólfshvols- og Skúmstaðaprestakalli skrifar um ásigkomulag sóknanna 26.6.1771. Lit. Gg. N° 4[a] 501

Séra Einar Jónsson í Stórólfshvols- og Skúmstaðaprestakalli skrifar um kirkjur í bændaeign 3.7.1771. Lit. Gg. N° 4[b] . . 514

Séra Jón Hannesson í Marteinstungu skrifar um húsaga og leiðir til viðreisnar landinu 11.5.1771. Lit. Gg. N° 3 524

ÁRNESSÝSLA

Séra Halldór Finnsson og séra Jón Teitsson í Gaulverjabæ skrifa um bjargræðisvegina 9.11.1770. Lit. F. 537

Séra Páll Högnason á Torfastöðum skrifar um óhentugt fyrirkomulag á sóknarskipan 22.7.1771. Lit. Hh. N° 1 542

Séra Kolbeinn Þorsteinsson í Miðdal skrifar um fjárpestina 27.4.1771. Lit. XX. N° 2 550

ÓSTAÐSETT BRÉF

Óundirrituð álitsgerð um húsaga, brúðkaup og jarðarfarir ásamt fleiru [án dags.] 1770. Lit. T. N° 1 555

SKRÁR

Heimildir 567

Skammstafanaskrá 571

Hugtök og orðskýringar 576

Efnisorð 591

Mannanafnaskrá 607

Staðanafnaskrá 615

Útgefendur og greinahöfundar 625

Indhold

Indledning 17

De islandske præster og brevene til Landkommissionen 1770–1771 39

Det islandske sprog i Landkommissionens breve 1770–1771 . . . 85

Rundskrivelse til præster om oprettelse af Landkommissionen på Island 30.7.1770 113

GULLBRINGUSYSSEL

Fortegnelse over fødte og døde i Seltjarnarnestingsogne 1760–1769 fra pastor Árni Þórarinsson 28.1.1771. Lit. X. N° 1 . . 119

Pastor Árni Þórarinsson på Lambastaðir skriver om sit herred 12.2.1771. Lit. Y 120

Pastor Árni Þórarinsson på Lambastaðir beretter om repstyrerhvervet, politivæsen og fattigvæsen 18.6.1771. Lit. Zz. N° 1 167

Pastor Árni Þórarinsson på Lambastaðir skriver om bygning af gærder 24.7.1771. Lit. Zz. N° 2 177

Fortegnelse over fødte og døde i Garða- og Bessastaðasogne 1761–1770 fra provst Guðlaugur Þorgeirsson i Garðar 23.1. 1771. Lit. O 179

Provst Guðlaugur Þorgeirsson i Garðar på Álftanes beretter om hustugt, børneopdragelse, landbrug og handel 1.5.1771. Lit. UU. N° 1 182

Provst Guðlaugur Þorgeirsson i Garðar på Álftanes beretter om hospitalerne [1.5.1771]. Lit. UU. N° 2 204

BORGARFJARÐARSYSSEL

Pastor Þorvarður Auðunarson i Saurbær på Hvalfjarðarstrand beretter om børnenes mangel på tugt med mere 5.7. 1771. Lit. Kk. N° 4 219

Pastor Ólafur Brynjólfsson i Garðar på Akranes foreslår forbedringer 1.8.1771. Lit. Kk. N° 2 228

Brev uden underskrift fra Borgarfjörður om almuens vilkår [uden dato 1770/1771]. Uden lit. nr. 233

MÝRASYSSEL

Provst Vigfús Jónsson i Hítardalur skriver om befolkningstallet og beretter om handelens historie i landet [uden dato 1770/1771]. Lit. OO 239

SNÆFELLSNES- OG HNAPPADALSSYSLER

Pastor Vigfús Jónsson i Miklaholt skriver om hustugt og styring af reppen med mere 31.1.1771. Lit. V 283

Præster i Snæfellsnes- og Hnappadalssysler foreslår forbedringer 12.8.1771. 2. B. J. Ref. N° 699m 292

BARÐASTRANDARSYSSEL

Provst Björn Halldórsson i Sauðlauksdalur beretter om sygdomme, hustugt og havedyrkning 12.6.1771. Lit. Ll. N° 2 . . 305

ÍSAFJARÐARSYSSEL

Pastor Guðlaugur Sveinsson på Kirkjuból redegør for havne i den nordre del af Ísafjarðarsyssel 10.10.1770. Lit. J. N° 1 . 317

Pastor Guðlaugur Sveinsson på Kirkjuból skriver om tugt af tjenestefolk 11.10.1770. Lit. J. N° 2 324

Pastor Guðlaugur Sveinsson på Kirkjuból sender en afhandling, som han kalder "Om gjærders opförsel" 30.11.1770. Lit. DD 331

HÚNAVATNSSYSSEL

Pastor Eiríkur Guðmundsson på Staður i Hrútafjörður skriver om handel og næringsveje 20.12.1770. Lit. X. N° 2 359

Pastor Eiríkur Guðmundsson på Staður i Hrútafjörður skriver om præsternes kår med mere 10.4.1771. Lit. ZZ. N° 10 . . . 372

Pastor Þorsteinn Pétursson på Staðarbakki skriver en redegørelse, som han kalder "Landforbedringstancker nyebefunden" [uden dato 1770/1771]. Lit. ZZ. N° 1 388

Pastor Guðmundur Guðmundsson i Undirfell og pastor Jónas Benediktsson i Vesturhópshólar skriver om tugt af tjenestefolk med mere 5.5.1771. Lit. Oo. N° 1 406

MÚLASYSLER

Pastor Halldór Gíslason på Desjarmýri i Borgarfjörður eystri skriver om tjenestefolks ulydighed med mere 2.1.1771. Lit. Kk. N° 3 419

Brev fra Finnur Jónsson, biskop på Skálholt, som er vedlagt redegørelserne fra præsterne og provsterne i Múlasysler 29.7. 1771. Lit. Ff. N° 4 424

Provst Páll Guðmundsson i Norður-Múlasyssel skriver en redegørelse om sit herred 18.6.1771. Lit. Ff. N° 5 425

Præster i Suður-Múlasyssel beretter om måder til at genrejse landet 6.3.1771. Lit. Ff. N° 6 438

Pastor Þorsteinn Jónsson på Dvergasteinn beretter om områdets tilstand 23.1.1771. Lit. Ff. N° 7 448

SKAFTAFELLSSYSLER

Præster i Austur-Skaftafellssyssel beretter om måder til at genrejse landet 16.8.1771. 2. B. J. Ref. N° 699 l 457

Præster i Vestur-Skaftafellssyssel beretter om måder til at genrejse landet 29.5.1771. Lit. Tt. N° 2 463

RANGÁRVALLASYSSEL

Provst Sigurður Jónsson i Holt under Eyjafjöll, skriver om børneskoler, præsternes anliggender med mere 1.7.1771. Lit. Gg. N° 1 481

Præster i Landeyjar og Fljótshlíð skriver om præsternes kår med mere 26.6.1771. Lit. Gg. N° 2 487

Pastor Einar Jónsson i Stórólfshvols- og Skúmstaðapræstekald skriver om sognenes tilstand 26.6.1771. Gg. N° 4[a] 501

Pastor Einar Jónsson i Stórólfshvols- og Skúmstaðapræstekald skriver om kirker ejet af bønder 3.7.1771. Lit. Gg. N° 4[b] 514

Pastor Jón Hannesson i Marteinstunga skriver om hustugt og måder til at genrejse landet 11.5.1771. Lit. Gg. N° 3 524

ÁRNESSYSSEL

Provst Halldór Finnsson og pastor Jón Teitsson i Gaulverjabær skriver om næringsvejene 9.11.1770. Lit. F 537

Pastor Páll Högnason på Torfastaðir skriver om ubekvem afgrænsning af sogne 22.7.1771. Lit. Hh. N° 1 542

Pastor Kolbeinn Þorsteinsson i Miðdalur skriver om fårepesten 27.4.1771. Lit. XX. N° 2 550

BREVE UDEN STEDSANGIVELSE

Ikke underskrevet redegørelse om hustugt, bryllupper og begravelser med mere [uden dato] 1770. Lit. T. N° 1 555

REGISTER

Kilder 567

Register over forkortelser 571

Ord- og begrebsforklaringer 583

Emneord 599

Personregister 607

Stednavneregister 615

Udgivere og forfattere til artikler 625

Inngangur

Annað bindi í heildarútgáfu skjala Landsnefndarinnar fyrri 1770–1771 kemur nú út. Í þessu bindi er að finna bréf frá prestum og próföstum landsins en bréf biskupa verða birt síðar með skjölum annarra háembættismanna. Bréf og greinargerðir prestastéttarinnar eru bæði skrifuð á íslensku og dönsku. Bréf sem bárust nefndinni á íslensku þýddi Eyjólfur Jónsson, ritari nefndarinnar, jafnóðum á dönsku. Þau bréf sem bárust nefndinni skömmu fyrir brottför hennar haustið 1771 voru þó ekki þýdd, en úr því er bætt í tengslum við þessa útgáfu.

Alls eru hér birt 36 bréf og greinargerðir, þar af 24 skrifuð á íslensku. Í efnisyfirliti má sjá yfirlit yfir bréfritara og umfjöllunarefni þeirra. Undirskriftir voru þó nokkuð fleiri en bréfin vegna þess að í mörgum tilfellum tóku nokkrir prestar sig saman við bréfaskriftirnar, oft undir forystu prófasta. Einnig eru nokkur dæmi um að prestar hafi sent fleiri en eitt bréf. Samtals settu 45 guðsmenn nafn sitt undir bréf eða greinargerð. Tvö bréf eru óundirrituð, annað úr Borgarfirði en óljóst er hvaðan að af landinu hitt er. Í stöku tilfellum áritaði prófastur bréf undirmanna sinna, studdi efni þess eða andmælti. Finnur Jónsson Skálholtsbiskup safnaði t.d. saman öllum bréfum úr Múlasýslum og sendi ásamt fylgibréfi. Athygli vekur hversu miklu fleiri bréf bárust úr Skálholtsbiskupsdæmi en úr umdæmi Hólabiskups. Skýrist það að líkindum af mismunandi afskiptum biskupanna af bréfrituninni. Báðir hvöttu til ritunar, en biskupinn á Hólum vildi sjálfur safna saman bréfum og greinargerðum presta á Norðurlandi. Þau virðast síðan ekki hafa hafa verið send eða ekki borist nefndinni, og því eru engin bréf í safninu frá prestum úr Skagafjarðarsýslu, Eyjafjarðarsýslu og Þingeyjarsýslu.[1]

[1] Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir, „Skjalasafn Landsnefndarinnar fyrri, bréfritarar, búseta og þjóðfélagsstaða“, *Landsnefndin fyrri 1770–1771* I. *Bréf frá almenningi. Den islandske Landkommission 1770–1771* I. *Breve fra almuen.* Ritstj. Hrefna Róberts-

Landfræðileg dreifing bréfa klerkastéttarinnar er nokkuð önnur en dreifing bréfa frá almenningi sem birt voru í fyrsta bindi þessarar heimildaútgáfu. Þar munar mestu að nær engin bréf bárust frá prestum á Norðurlandi. Prestabréf komu samt úr ríflega helmingi af sýslum landsins. Engin bréf bárust úr Kjósarsýslu, Dalasýslu, Strandasýslu, Skagafjarðarsýslu, Eyjafjarðarsýslu, Þingeyjarsýslu og Vestmannaeyjum. Almenningsbréfin bárust hins vegar fyrst og fremst frá þeim svæðum sem Landsnefndin heimsótti í leiðangri sínum. Það hlýtur að vera skýring þess að engin almenningsbréf bárust frá Snæfellsnesi, Vestfjörðum og Austurlandi. Í tilviki prestanna höfðu prófastar og biskupar hins vegar mikil áhrif á hvernig ritunin var skipulögð.[1] Prestar höfðu ákveðið hlutverk þegar kom að því að kynna Landsnefndina og verkefni hennar fyrir landsmönnum. Tilskipun um komu Landsnefndarinnar 15. maí 1770 var prentuð í stóru upplagi, alls 2600 eintökum, og fóru 650 eintök til hvors biskups. Prestarnir áttu að lesa tilskipunina upp í kirkjum og hvetja almenning til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri. Þess var vænst að bæði almenningur og prestar skrifuðu nefndinni um það sem þeim var ofarlega í huga um landsins gagn og nauðsynjar. Veraldleg yfirvöld fengu hin 1300 eintökin af tilskipuninni til dreifingar. Yfirvöld í Danmörku lögðu því mikla áherslu á að kynning á starfsemi nefndarinnar næði til sem flestra.[2] Dreifibréf prófastsins í Árnessýslu, Halldórs Finnssonar, til presta er birt hér í bókinni sem dæmi um hvernig staðið var að kynningu á tilskipuninni. Prestar áttu samkvæmt því að gegna lykilhlutverki í að fræða almenning um verkefni hennar.[3]

Tvær ritrýndar fræðigreinar eru birtar í bókinni. Sú fyrri er eftir sagnfræðinginn og þjóðfræðinginn Christinu Folke Ax sem skrifar um prestana. Hún varpar ljósi á hvað þeim þótti brýnast að bæta úr

dóttir og Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir. Reykjavík 2016, s. 134–136. Hér eftir verður vísað til bókarinnar og greina í henni með aðaltitli á íslensku.

1 Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir, „Skjalasafn Landsnefndarinnar fyrri, bréfritarar, búseta og þjóðfélagsstaða“, s. 133–136

2 Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir, „Landsnefndin fyrri og verkefni hennar“, *Landsnefndin fyrri 1770–1771* I, s. 81.

3 „Dreifibréf til presta um skipun Landsnefndarinnar 30.7. 1770“, *Landsnefndin fyrri 1770–1771* II. *Bréf frá prestum. Den islandske Landkommission 1770–1771* II. *Breve fra præster*. Ritstj. Hrefna Róbertsdóttir og Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir. Reykjavík 2016, 113–114.

varðandi eigin aðbúnað og hvað gæti orðið samfélaginu til heilla. Hún ræðir stöðu þeirra m.a. með hliðsjón af almenningi og varpar ljósi á ólíkar aðstæður innan prestastéttarinnar. Seinni greinin er eftir Jóhannes B. Sigtryggsson málfræðing. Rannsóknarefni hans er málsögulegt, greining á íslensku máli í þeim bréfum sem birt eru í fyrstu tveimur bindunum. Eitt af einkennunum er að málhreinsunaráhrifa gætir lítið sem og tilrauna til að fyrna málið.

Fyrirkomulag á útgáfu prestabréfanna er með sama sniði og á útgáfu bréfa almennings í fyrsta bindi verksins.[1] Bréfunum er raðað í landfræðilega röð, byrjað er á Gullbringusýslu og haldið vestur og norður um land. Innan hverrar sýslu er einnig landfræðileg röð og kort birt af sýslunum með hreppamörkum frá 18. öld. Kortagerð var í höndum Bjarkar Ingimundardóttur, Benedikts Jónssonar og Egils Baldurssonar.

Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir skrifaði upp öll bréfin eftir frumskjölum og las fyrstu gerð saman við frumrit. Hrefna Róbertsdóttir samlas þá bréfin við frumrit. Verklag og verkaskipting var hin sama og í fyrra bindi, ritstjórar lásu prófarkir ásamt Jóhannesi B. Sigtryggssyni, Christinu Folke Ax og Leon Jespersen. Ritreglur um frágang texta bæði á íslensku og dönsku voru birtar í fyrsta bindi, og er vísað til þeirra hér um frágang á öllum texta þessa bindis. Jóhannes B. Sigtryggsson var ráðgjafi ritstjóra við mótun íslensku ritreglnanna og dönsku reglurnar voru unnar í samstarfi við Christinu Folke Ax og Leon Jespersen. Sömu viðmiðum er fylgt hér og þar er greint frá.[2] Skammstafanaskrá sem er birt aftast í bókinni, er aukin frá fyrra bindi og tekur nú til alls skjalasafnsins. Ritstjórar nutu aðstoðar Bjarkar Ingimundardóttur við frágang skrárinnar.

Í fyrsta bindi var birt skrá yfir allt skjalasafn nefndarinnar og þar eru ítarlegar upplýsingar um öll skjöl sem birt verða í öllum sex bindum heildarútgáfunnar.[3] Orðskýringar eru aftast í ritinu sem einkum tengjast félagskerfi, búskaparháttum og landaurakerfi 18. aldar. Neðanmáls eru helstu fyrirbæri skýrð í fyrsta skipti sem þau koma fyrir og

[1] Sjá: „Inngangur“, *Landsnefndin fyrri 1770–1771* I, s. 25–28. Þar er ítarlega farið í verklag og viðmið við útgáfuna.

[2] „Ritreglur“, *Landsnefndin fyrri 1770–1771* I, s. 37–41.

[3] „Skrá yfir skjalasafn Landsnefndarinnar fyrri“, *Landsnefndin fyrri 1770–1771* I, s. 49–75.

jafnframt í orðskýringarlista. Torskildar orðmyndir, annaðhvort á íslensku eða dönsku, eru eingöngu skýrðar neðanmáls. Ritstjórar sömdu skýringarnar ásamt Christinu Folke Ax. Helgi Skúli Kjartansson, Björk Ingimundardóttir og Leon Jespersen lásu þær yfir og komu með gagnlegar ábendingar. Um ýmis atriði var leitað til Gísla Baldurs Róbertssonar, Steinunnar Steinþórsdóttur og Áslaugar Sverrisdóttur. Heimildaskrá, nafnaskrár og atriðisorðaskrá fylgja þessu bindi eins og hinu fyrra og eiga eingöngu við þetta bindi. Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir vann skrárnar.

Textar bókarinnar eru á nokkrum tungumálum. Frumbréfin eru bæði á 18. aldar dönsku og 18. aldar íslensku. Auk þess eru efnisyfirlit, greinar og skýringarefni tvímála. Pétur Rasmusen þýddi íslensku frumbréfin og greinar ritsins á dönsku. Það er einkennandi að mörg hugtök í 18. aldar textunum eru af latneskum uppruna og hefur yfirbragði textans verið haldið í þýðingunni. Christina Folke Ax þýddi skýringar og aðra styttri texta á dönsku. Jón Torfason þýddi grein Christinu Folke Ax á íslensku. Prestarnir sem skrifuðu Landsnefndinni beittu allloft fyrir sig latínu og sáu Gunnar Örn Hannesson og Gottskálk Þór Jensson um að þýða þær og skýra í slíkum tilvikum. Umbrot bókarinnar var sem fyrr í höndum Egils Baldurssonar og Eva Hrönn Guðnadóttir hannaði kápu. Mynd eftir einn nefndarmann Landsnefndarinnar, Þorkel Fjeldsted, prýðir kápuna, en hann gerði nokkrar vatnslitamyndir á ferðum sínum um landið.

Styrktaraðilum, og þá sérstaklega Augustinusarsjóðnum og Rannís, forstöðumönnum skjalasafnanna, samstarfsmönnum í samráðsnefnd um útgáfuna, útgefendum, semverkafólki beggja vegna Atlantsála, greinarhöfundum, þýðendum, umbrotsmanni, hönnuði og ekki síst samstarfsmönnum á Þjóðskjalasafni sem tekið hafa þátt í baráttunni við skjölin er öllum þakkað kærlega fyrir gott samstarf.

Ritstjórar

Indledning

Hermed udkommer andet bind af den samlede udgave af arkivet fra Landkommissionen 1770–1771. Dette bind indeholder breve fra landets præster og provster. Brevene fra biskopperne trykkes senere sammen med papirerne fra andre højere embedsmænd. Præstestandens breve og redegørelser er både skrevet på islandsk og dansk. Breve, som indgik til kommissionen på islandsk, blev løbende oversat til dansk af kommissionens sekretær, Eyjólfur Jónsson. De breve, som indkom til kommissionen kort før dens afrejse i efteråret 1771, blev imidlertid ikke oversat, og i denne udgave rådes der bod på dette.

I alt trykkes her 36 breve og redegørelser, hvoraf 24 er skrevet på islandsk. I indholdsfortegnelsen ses en oversigt over brevskriverne og de emner, de behandler. Der er en del flere underskrifter end breve, fordi en række præster i mange tilfælde slog sig sammen om at skrive, tit under ledelse af deres provst. Der er også en del eksempler på, at præster har sendt mere end ét brev. I alt har 45 gejstlige sat deres navn under et brev eller en redegørelse. To breve er ikke underskrevet, det ene fra Borgarfjörður, mens det ikke står klart, hvorfra i Island det andet stammer. I enkelte tilfælde har provsten påtegnet breve fra deres underordnede med støtte til eller protest mod indholdet. Biskoppen i Skálholt, Finnur Jónsson, indsamlede fx alle breve fra Múlasysler og fremsendte dem med en følgeskrivelse. Det er bemærkelsesværdigt hvor mange flere breve, der er indgået fra Skálholt bispedømme end fra Hólar. Det kan sandsynligvis forklares med en forskel i biskoppernes fremgangsmåde. Begge opfordrede til, at præsterne skrev til kommissionen, men biskoppen i Hólar ville selv indsamle breve og redegørelser fra præster på Nordlandet. Tilsyneladende er de derefter ikke afsendt eller indgået til kommissionen, og derfor er der ingen breve i arkivet fra præster fra Skagafjarðarsyssel, Eyjafjarðarsyssel og Þingeyjarsyssel.[1]

[1] Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir, "Landkommissionens arkiv, brevskriverne, hjemsted og

Den geografiske spredning af brevene fra gejstlige adskiller sig en del fra spredningen af breve fra almuen, som blev trykt i første bind af denne kildeudgave. Den største forskel er, at der næsten ikke indkom nogen breve fra præster på Nordlandet. Der kom dog alligevel breve fra præster i godt halvdelen af landets sysler. Der indkom ingen breve fra Kjósarsyssel, Dalasyssel, Strandasyssel, Skagafjarðarsyssel, Eyjafjarðarsyssel, Þingeyjarsyssel og Vestmannaøerne. Almuens breve kom til gengæld først og fremmest fra de områder, Landkommissionen besøgte under sit ophold. Det må være forklaringen på, at der ikke indkom nogen breve fra almuen fra Snæfellsnes, Vestfjordene og Østlandet. Hvad præsterne angik, havde provster og biskopper derimod stor indflydelse på, hvordan arbejdet blev organiseret.[1] Præsterne havde en fast rolle i forbindelse med præsentationen af Landkommissionen og dens opgaver for befolkningen. Forordningen om Landkommissionens ankomst fra 15. maj 1770 blev trykt i et stort oplag, i alt 2600 eksemplarer, og der blev sendt 650 eksemplarer til hver af biskopperne. Præsterne skulle oplæse forordningen i kirkerne og opfordre almuen til at bidrage med synspunkter og forslag til forbedringer. Man forventede, at både almuen og præsterne skrev til kommissionen om hvad, der lå dem mest på sinde angående landets ve og vel. De verdslige myndigheder fik de resterende 1300 eksemplarer af forordningen til distribution. Myndighederne i Danmark lagde stor vægt på, at bekendtgørelsen af kommissionens virke kom ud til så mange som muligt.[2] Rundskrivelsen fra provsten i Árnessyssel, Halldór Finnsson, til præsterne udgives i denne bog som et eksempel på, hvordan man udførte præsentationen af forordningen. Præsterne skulle ifølge den spille en central rolle i at oplyse almuen om kommissionens opgaver.[3]

sociale status", *Landsnefndin fyrri 1770–1771* I. *Bréf frá almenningi. Den islandske Landkommission 1770–1771* I. *Breve fra almuen*. Red. Hrefna Róbertsdóttir og Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir. Reykjavík 2016, s. 157–161. Herefter henvises der til bogen og artikler i den med den danske hovedtitel.

1 Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir, "Landkommissionens arkiv, brevskriverne, hjemsted og sociale status", s. 157–161.

2 Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir, "Landkommissionen 1770–1771 og dens arbejde", *Den islandske Landkommission 1770–1771* I, s. 100–101.

3 "Rundskrivelse til præsterne om nedsættelse af Landkommissionen 30.7.1770", *Den islandske Landkommission 1770–1771* II. *Breve fra præster*. Red. Hrefna Róbertsdóttir og Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir. Reykjavík 2016, s. 115–116.

Der udgives to fagfællebedømte artikler i bogen. Den første er af historikeren og etnologen Christina Folke Ax, som skriver om præsterne. Hun belyser, hvad de syntes var mest påkrævet at forbedre angående deres egne forhold, og hvad der kunne være til gavn for samfundet. Hun drøfter deres stilling bl.a. i forhold til almuen og belyser de vekslende forhold inden for præstestanden. Den anden artikel er af sprogforskeren Jóhannes B. Sigtryggsson. Hans undersøgelse er sproghistorisk, en analyse af det islandske sprog i de breve, som er trykt i de første to bind. Et karakteristikum er, at der er ringe puristisk indflydelse og heller ingen forsøg på at arkaisere sproget.

Organiseringen af udgivelsen af præsternes breve følger de samme principper som udgivelsen af almuens breve i værkets første bind.[1] Brevene er ordnet geografisk. Der begyndes med Gullbringusyssel og fortsættes mod vest og nord. I hvert enkelt syssel er rækkefølgen også geografisk, og der trykkes kort over syslerne med grænser mellem repperne fra 1700-tallet. Udarbejdelsen af kortene er foretaget af Björk Ingimundardóttir, Benedikt Jónsson og Egill Baldursson.

Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir har transskriberet alle brevene fra originalerne og har kollationeret første afskrift og originalerne. Hrefna Róbertsdóttir har derefter kollationeret denne version og originalerne. Arbejdsprocedurer og arbejdsfordeling har været den samme som i første bind; redaktørerne har læst korrektur sammen med Jóhannes B. Sigtryggsson, Christina Folke Ax og Leon Jespersen. Skriveregler om transskribering af teksterne både på islandsk og dansk er trykt i første bind, og der henvises til dem her angående redigeringen af alle tekster i dette bind. Jóhannes B. Sigtryggsson har været redaktørernes konsulent ved udformningen af de islandske skriveregler, og de danske regler er udarbejdet i samarbejde med Christina Folke Ax og Leon Jespersen. Der følges samme retningslinjer her, som er anført i første bind.[2] Forkortelseslisten, som er trykt sidst i bogen, er udvidet i forhold til første bind og omfatter nu hele arkivet. Redaktørerne har fået hjælp fra Björk Ingimundardóttir ved udarbejdelsen af listen.

Første bind indeholdt en fortegnelse over hele kommissionens arkiv med udførlige oplysninger om alle de dokumenter, som bliver trykt i

[1] Se: "Indledning", *Den islandske Landkommission 1770–1771 I*, s. 33–36, hvor der gives en udførlig gennemgang af arbejdsmetoder og retningslinjer for udgaven.

[2] "Skrive- og redigeringsregler", *Den islandske Landkommission 1770–1771 I*, s. 42–47.

alle seks bind af den samlede udgave.[1] Der er ordforklaringer til sidst i udgaven, som især vedrører 1700-tallets samfundsforhold, landbrugsforhold og afgiftssystem. I fodnoterne forklares de vigtigste fænomener første gang, de optræder, og også i ordforklaringslisten. Vanskeligt forståelige ordformer, islandske eller danske, forklares kun i fodnoterne. Redaktørerne har udarbejdet forklaringerne sammen med Christina Folke Ax. Helgi Skúli Kjartansson, Björk Ingimundardóttir, og Leon Jespersen har gennemlæst dem og givet nyttige råd. Angående visse forhold har Gísli Baldur Róbertsson, Steinunn Steinþórsdóttir og Áslaug Sverrisdóttir hjulpet til. I dette bind er der som i første bind en kildefortegnelse, et personregister og en emneordsliste, og de omfatter kun dette bind. De er udarbejdet af Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir.

Bogens tekster omfatter adskillige sprog. De originale breve er både på 1700-talsdansk og 1700-talsislandsk. Indholdsfortegnelser, artikler og forklaringer er på begge sprog. Pétur Rasmussen har oversat de islandske originalbreve og artiklerne til dansk. Det er karakteristisk, at mange begreber i 1700-talsteksterne er af latinsk oprindelse, og dette udtryk er bibeholdt i oversættelsen. Christina Folke Ax har oversat forklaringer og korte tekster til dansk. Jón Torfason har oversat Christina Folke Ax' artikel til islandsk. Præsterne har tit brugt latinske ord og vendinger, og Gunnar Örn Hannesson og Gottskálk Þór Jensson har oversat og udarbejdet forklaringer til dem. Layoutet af bogen har som sidst været udført af Egill Baldursson, og Eva Hrönn Guðnadóttir har tegnet omslaget. Omslaget prydes af et billede af en af kommissionens medlemmer, Þorkell Fjeldsted, som har malet nogle akvareller på sine rejser rundt i Island.

Projektets hovedsponsorer, Augustinusfonden og Rannís — The Icelandic Centre for Research, arkivernes ledere, medlemmerne af samarbejdsudvalget om udgivelsen, udgiverne, samarbejdspartnere på begge sider af Atlanten, forfatterne af artikler, oversættere, layouteren, designeren og ikke mindst kollegerne i Islands Nationalarkiv, som har deltaget i kampen med dokumenterne, takkes alle hjerteligt for et godt samarbejde.

Redaktørerne

[1] "Register over Landkommissionens arkiv", *Den islandske Landkommission 1770–1771* I, s. 49–75.

CHRISTINA FOLKE AX

Íslensku prestarnir og bréf þeirra til Landsnefndarinnar 1770–1771

> Prestarnir skulu bæði áminna söfnuðinn, refsa honum og ganga á undan með góðu fordæmi, en marga þeirra skortir myndugleika til þess. Aðrir, þótt þeir hafi hug og skilning, eru fátækir og þurfa að vinna að bústörfum og geta þar af leiðandi ekki áunnið sér það álit og virðingu sem almúganum ber að sýna yfirvöldum sínum og þess vegna geta þeir tæplega varast hinn veraldlega lifnað (*vitiis secule*).[1]

Eins og milli steins og sleggju. Nánast þannig lýsti Björn Halldórsson, prófastur í Sauðlauksdal í Barðastrandarsýslu, aðstæðum presta í nágrenni við hann á Vestfjörðum á áttunda áratug átjándu aldar. Það var hlutverk þeirra að sýna söfnuði sínum gott fordæmi, leiðbeina fólki um bústjórn, bæði í efnalegu tilliti og siðferðilegu, og áminna þá sem ekki hegðuðu sér í samræmi við góðar og kristilegar siðvenjur. En prestunum reyndist erfitt að öðlast völd og virðingu fólks sem þeir voru háðir efnahagslega. Sérstaklega þegar ekki var sjáanlegur verulegur munur á lífsmáta og fjárhagsstöðu prestanna og fólksins í söfnuðinum.

Einhverjir aðrir prestar í landinu gætu hafa ritað þessi orð séra Björns því að grunnstef í öllum þeim bréfum, sem prestarnir sendu til Landsnefndarinnar, var umkvörtun yfir bágum kjörum og skilningsdaufum og oft á tíðum óhlýðnum almúga. Þótt þessi atriði séu yfir-

[1] *Landsnefndin fyrri 1770–1771* II. *Bréf frá prestum. Den islandske Landkommission 1770–1771* II. *Breve fra præster*. Ritstj. Hrefna Róbertsdóttir og Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir. Reykjavík 2016, s. 310 (*ÞÍ*. Rtk D3/5–16. Séra Björn Halldórsson, prófastur í Sauðlauksdal, fjallar um sjúkdóma, húsaga og garðrækt 12.6.1771. Lit. Ll. N° 2). Hér eftir í þessari grein verður vísað til bókarinnar og greina í henni með aðaltitli á íslensku. Björn Halldórsson var einn helsti umbótasinninn meðal presta hér á landi. Um hann er m.a. fjallað í: Fanney Hólmfríður Kristjánsdóttir, Af Guðsmönnum og grænum fingrum. Prestar í viðreisn jarðyrkjunnar á Íslandi 1754–1764. Viðhorf, hlutverk og áhrif. BA-ritgerð við Háskóla Íslands 2010.

gnæfandi í bréfunum ræða prestarnir mörg önnur málefni. Nefna má lýsingar á auðlindum og landgæðum sóknanna, reglur um tíundahald, lifnaðarhætti íbúanna, óhentug mörk milli sókna, bága verslun og margt fleira.

Hér verður fjallað um félagslegar og menningarlegar aðstæður þeirra presta sem skrifuðu til Landsnefndarinnar 1770–1771. Þetta er fyrst og fremst tilraun til að lýsa aðstæðum bréfritaranna og reyna að glöggva sig á bakgrunni þeirra viðfangsefna sem rædd eru í bréfunum og hvers vegna afstaða prestanna mótaðist á þann veg sem hún gerði. Vísað skal til annarra rita um aðstæður íslensku kirkjunnar og guðfræðileg álitamál, menntun prestanna, kjör þeirra og ævisöguleg atriði.[1]

Samkvæmt grein Jóhönnu Þ. Guðmundsdóttur um landsnefndarskjölin í fyrsta bindi þessarar útgáfu bárust nefndinni 36 bréf frá prestum og próföstum. Undir þeim eru rituð 45 nöfn, auk tveggja óundirritaðra. Þau eru frá samtals 27 bréfriturum, undir nokkur bréf hafa fleiri en einn skrifað og sumir prestanna sendu fleiri en eitt bréf. Þetta þýðir að bréf hefur borist til nefndarinnar frá um fjórðungi hinna 190 prestakalla í landinu.[2] Bréf prestanna eru víðs vegar af landinu, þó ekki úr Kjósar-, Dala-, Stranda-, Skagafjarðar-, Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslum. Aftur á móti er eina bréfið, sem nefndinni barst úr Austur-Skaftafellssýslu, ritað af presti. Tilskipunin um Landsnefndina var prentuð í 2600 eintökum og átti að lesa hana upp í kirkjum og á þingstöðum. Erindisbréf nefndarinnar, og þær sértæku spurningar sem hún átti að svara, var þó ekki sent prestunum heldur einungis hærra settum embættismönnum. Prestarnir gátu því skrifað um það sem þeim fannst markverðast án hliðsjónar af því. Nokkrir þeirra komust þó yfir það eftir öðrum leiðum eins og sést af bréfum þeirra.[3]

Þegar þess er gætt að aðeins um fjórðungur prestanna skrifaði til nefndarinnar og að flestir þeirra voru frá sunnan- og vestanverðu land-

[1] Ágætt rit varðandi það er: Loftur Guttormsson, *Frá siðaskiptum til upplýsingar. Kristni á Íslandi* 3. Ritstj. Hjalti Hugason. Reykjavík 2000.

[2] Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir, „Skjalasafn Landsnefndarinnar fyrri, bréfritarar, búseta og þjóðfélagsstaða“, *Landsnefndin fyrri 1770–1771* I, s. 127–128.

[3] Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir, „Landsnefndin fyrri og verkefni hennar“, *Landsnefndin fyrri 1770–1771* I, s. 80–89; „Tilskipun um Landsnefnd í Íslandi 15. maí 1770“, *Landsnefndin fyrri 1770–1771* I, s. 165–166.

inu má ekki fullyrða án fyrirvara að bréfin sýni almenn viðhorf allra presta í landinu. Mikill munur var innan prestastéttarinnar, bæði hvað snertir kjör og menntun, og gera má ráð fyrir að flestir þeirra presta sem skrifuðu nefndinni hafi haft meiri menntun að baki og væntanlega búið við betri kjör en aðrir. Þótt bréf presta og prófasta til nefndarinnar geti varla talist gefa fullkomna mynd af almennum aðstæðum þeirra gefa þau að minnsta kosti innsýn í viðhorf *sumra* presta í landinu, kjör þeirra og kringumstæður, verkefni hversdagsins og hvernig þeir töldu að bæta mætti hag landsmanna.

SKIPULAG KIRKJUNNAR OG MENNTUN PRESTA

Íslenska kirkjan heyrði undir Sjálandsbiskup, sem sat í Kaupmannahöfn, en Íslandi var skipt í tvö biskupsdæmi, Hólabiskupsdæmi fyrir Norðurland og Skálholtsbiskupsdæmi fyrir Austur-, Suður- og Vesturland. Í Hólabiskupsdæmi voru fjögur prófastsdæmi en 12 prófastar heyrðu undir Skálholtsbiskup. Hver prófastur hafði eftirlit með prestum í sínu umdæmi.[1]

Þótt íslenska kirkjan heyrði undir dönsk kirkjuyfirvöld fékk hún að starfa að mestu óáreitt án íhlutunar danska konungsríkisins. Það þýðir ekki að miðstjórnarvald ríkisins hafi ekki skipt sér af íslensku kirkjunni og ástandi kristindóms í landinu. Embættismenn, jafnt kirkjulegir sem veraldlegir, tóku virkan þátt í umræðu um vanda landsins, rannsökuðu aðstæður og bentu á lausnir. Áhugi klerkanna beindist ekki einvörðungu að andlegum málefnum heldur einnig að atvinnulífinu.[2] Dæmi um samspil íslenskra embættismanna og miðstjórnarinnar í Kaupmannahöfn eru ferðir danska prestsins Ludvigs Harboes um Ísland á árunum 1741–1745.[3] Konungur sendi Harboe til að rannsaka ástand kirkju og trúmála á Íslandi en undirrót ferðarinnar var frásögn Jóns Thorchillius, fyrrverandi rektors í Skálholti, sem hafði sagt upp stöðu sinni vegna ósættis og taldi að kirkjumál á

[1] Harald Gustafsson, *Mellan kung och allmoge. Ämbetsmän, beslutsprocess och inflytande på 1700-talets Island.* Stockholm 1985, s. 56–57.

[2] Innréttingarnar í Reykjavík, sem stofnaðar voru um miðja 18. öld, eru eitt dæmi. Sjá: Hrefna Róbertsdóttir, *Landsins forbetran. Innrettingarnar og verkþekking i ullarvefsmiðjum átjándu aldar*. Reykjavík 2001.

[3] Eftir ferðina varð Ludvig Harboe biskup á Sjálandi 1757.

Íslandi væru í ólestri. Harboe hélt mest til á Hólum í Hjaltadal en reyndi að ræða við presta úr öllum héruðum til að öðlast mynd af kristnihaldi í landinu. Hann leysti þannig verkefni sitt með aðstoð íslensku prestastéttarinnar. Gögn Landsnefndarinnar eru hins vegar einstæður heimildabrunnur því að þar eru bréf frá næstum öllum samfélagshópum á Íslandi.[1] Þetta var þó ekki í fyrsta skipti sem leitað var til prestastéttarinnar til að fjalla um tiltekin vandamál.

Í kjölfar ferðar Harboes voru sendar út hingað margvíslegar tilskipanir, m.a. um helgidagahald, húsvitjanir, húsaga og fermingu. Þessar tilskipanir eru þó ekki bein afleiðing af skýrslum Harboes því að sams konar hugmyndir voru uppi í Danaveldi og um þetta leyti voru settar svipaðar tilskipanir fyrir önnur héruð í Danmörku, t.d. um ferminguna.[2]

Íslenskir prestar, eins og aðrir íslenskir embættismenn, höfðu langflestir hlotið menntun sína í latínuskólunum tveimur, annars vegar í Hólaskóla og hins vegar í Skálholtsskóla. Í landinu var ekkert eiginlegt þéttbýli en þessi skólasetur mynduðu blómlegt samfélag sem samanstóð af nemendunum, heimilismönnum biskupssetranna og öllum þeim sem tengdust skólunum. Að lokinni skóladvölinni hélt mikill minnihluti nemendanna til Danmerkur til að nema við Kaupmannahafnarháskóla. Þar gátu þeir myndað félagsleg tengsl og kynnt sér hugmyndastrauma samtímans. En langt í frá allir höfðu ráð á framhaldsnámi í Kaupmannahöfn. Slíkt framhaldsnám var ekki skilyrði fyrir embættisveitingu á vegum kirkjunnar, það dugði að hafa próf frá latínuskólunum.[3] Guðfræðipróf frá Hafnarháskóla veitti hins vegar aðgang að tekjumestu prestaköllunum. Margir prestar kvarta yfir því í bréfunum til nefndarinnar að ekki sé nein æðri menntastofnun á Íslandi þar sem þeir eigi kost á að bæta við menntun sína án þess að leggja í hina löngu og kostnaðarsömu ferð til Kaupmannahafnar.

[1] Að frátöldu kvenfólki og vinnufólki, sbr. Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir, „Skjalasafn Landsnefndarinnar fyrri, bréfritarar, búseta og þjóðfélagsstaða“, s. 125–133.

[2] Loftur Guttormsson, *Frá siðaskiptum til upplýsingar*, s. 309–313. Um samhengið milli hugmynda um umbætur í Danmörku og á Íslandi, sjá t.d.: Hrefna Róbertsdóttir, *Wool and society. Manufacturing policy, economic thought and local production in 18th-century Iceland.* Göteborg & Stockholm 2008, s. 18–228.

[3] Loftur Guttormsson, *Frá siðaskiptum til upplýsingar,* s. 158.

Prófasturinn í Kjalarnesprófastsdæmi, séra Guðlaugur Þorgeirsson í Görðum á Álftanesi, lýsir í bréfi sínu til nefndarinnar hverjir nemendur latínuskólanna voru og hverjir þeirra urðu prestar. Hann segir að nemarnir séu ákjósanleg blanda sona sýslumanna, presta og bænda. Synir veraldlegu embættismannanna hafi flestir farið til Háskólans í Kaupmannahöfn til frekara náms en einnig nokkrir þeirra sem verr voru settir fjárhagslega. Synir veraldlegu embættismannanna lásu flestir lög sem Guðlaugur prófastur taldi mikilsverðustu námsgreinina.[1] Það skipti þó örugglega máli að lagapróf frá háskóla varð eftir 1736 skilyrði fyrir sýslumannsembætti og gilti það einnig á Íslandi.[2] Aðrir námsmenn lásu guðfræði en sneru aftur heim til Íslands eins fljótt og þeir komu því við vegna fátæktar. Þar kepptu þeir svo um laus prestsembætti við þá latínuskólanemendur sem ekki höfðu numið í Kaupmannahöfn. Guðlaugur prófastur taldi kjör prestanna aum og gaf í skyn að þeirra sem veldu prestsstarfið biði líf í fátækt.[3]

VERKEFNI OG KJÖR PRESTANNA

Það kemur ekki á óvart að í flestum bréfunum er kvartað yfir lágum tekjum af prestaköllunum. Samkvæmt rannsókn sagnfræðingsins Haralds Gustafssonar hafði meirihluti hinna 190 sóknarpresta minna en 40 ríkisdali í árstekjur og nokkrir minna en 10 ríkisdali. Til samanburðar hafði biskupinn í Skálholti 700 ríkisdali í tekjur árið 1770.[4] Árið 1764 höfðu 22 prestar í þeim 127 prestaköllum, sem heyrðu undir Skálholtsbiskup, minna en 10 ríkisdali í árstekjur og ekki var

[1] *Landsnefndin fyrri 1770–1771* II, s. 192–193 (*ÞÍ*. Rtk. D3/3–6. Séra Guðlaugur Þorgeirsson í Görðum á Álftanesi fjallar um húsaga, barnauppeldi, búskap og verslun 1.5.1771. Lit. UU. N° 1).

[2] Harald Gustafsson, *Mellan kung och allmoge*, s. 95.

[3] Sagnfræðingurinn Gunnar Karlsson hefur sýnt fram á að það sé rétt hjá prófastinum að nemendur við latínuskólana höfðu mismunandi félagslegan bakgrunn. Sjá Gunnar Karlsson, „Uppruni íslenskra menntamanna frá 16. öld til 18. aldar“, *Menntaspor. Rit til heiðurs Lofti Guttormssyni sjötugum 5. apríl 2008*. Ritstj. Dóra S. Bjarnason o.fl. Reykjavík 2008, s. 251–256. Sjá einnig: Loftur Guttormsson, *Frá siðaskiptum til upplýsingar*, s. 151–159.

[4] Harald Gustafsson, *Mellan kung och allmoge*, s. 56–57. Um efnahagslegan bakgrunn prestanna sjá einnig: Loftur Guttormsson, *Frá siðaskiptum til upplýsingar*, s. 227–228.

ástandið betra í Hólabiskupsdæmi. Biskupinn á Hólum, Gísli Magnússon, lýsir áhyggjum yfir því að margir prestar væru ekki betur settir en almennir bændur og nytu af þeim sökum lítillar virðingar. Þeir vanræktu hið andlega starf sitt því að öll orkan færi í brauðstrit.[1] Þetta er sama viðhorf og Björn Halldórsson kvartaði yfir í tilvitnuninni í upphafi þessarar greinar. Kóngurinn veitti að vísu lítils háttar fjárstuðning til fátækustu prestanna en samt kvörtuðu margir þeirra yfir því að þeim veittist erfitt að sinna þeim kirkjulegu skyldum sem fylgdu prestsembættinu vegna búsanna.

Hluti prestanna kvartaði yfir því að þeir þyrftu að borga sömu skatta, tíundir og önnur afgjöld og bændur. Þar við bættist að þeir áttu að halda byggingum á prestssetrunum við og útvega þá hluti sem nauðsynlegir voru til þjónustugjörðarinnar, svo sem messuklæði, altarisdúka og pappír. Þetta var meðal sameiginlegra kvörtunarefna sjö presta í Vestur-Skaftafellssýslu.[2] Sjömenningarnir óskuðu eftir að greidd yrði tíund til prests og kirkju af öllu jarðagóssi í sveitum þeirra eins og tíðkaðist annars staðar í landinu en ekki var gert í þeirra sóknum.[3] Þeir vildu einnig hafa rétt til reka sem bærist á fjörur prestssetranna. Þar, eins og annars staðar á landinu, tilheyrði vogrek[4] konunginum ef eigandi þess gæfi sig ekki fram innan árs. Ef svo var ekki gekk umrætt vogrek til sýslumanns, fógeta eða lénsmanns á vegum konungs eða til jarðareiganda.[5] Það var þessi hluti af útleigðum tekjum konungsins sem prestarnir vildu fá hlutdeild í. Loks óskuðu prestarnir sjö að jafnað væri á milli prestakalla til að minnka muninn milli fátækra kirkna og þeirra ríku sem höfðu meiri hlunnindi og ítök.

Prestar og kirkja fengu víðast hvar sinn hluta af tíundinni en aðrir þættir skiptu einnig máli. Sumar kirkjur á Íslandi stóðu frá fornu fari

[1] *Saga Íslendinga 1701–1770* 6. Ritstj. Páll Eggert Ólason og Þorkell Jóhannesson. Reykjavík 1943, s. 352–353 og s. 365–366.

[2] *Den islandske Landkommission 1770–1771* II, s. 463–464 (*ÞÍ*. Rtk. D3/6–4. Prestar í Vestur-Skaftafellssýslu fjalla um leiðir til viðreisnar landinu 29.5.1771. Lit. Tt. N° 2).

[3] Ein ástæða fyrir þessari umkvörtun prestanna gæti verið sú að margar jarðir í Vestur-Skaftafellssýslu voru klausturjarðir en af þeim þurfti ekki að greiða tíund. Þetta átti einnig við um jarðeignir biskupsstólanna.

[4] Reki sem mannaverk sjást á, t.d. smíðisgripir úr timbri, en ekki óunninn rekaviður.

[5] *Alþingisbækur Íslands* III (1595–1606). Acta comitiorum generalium Islandiæ. Reykjavík 1917–1918, s. 49–51 (Konungsbréf um vogrek frá 20. maí 1595).

á landi jarðareigenda, svokallaðra kirkjubænda, og þá fékk presturinn ekki allar tekjur sem tilheyrðu kirkjunni því að jarðareigandinn tók sinn hlut. Aftur á móti áttu prestarnir að greiða landskuld.[1] Einar Jónsson, prestur í Stórólfshvols- og Skúmstaðarprestakalli, fékk litlar tekjur af slíkum bændakirkjum (*proprietær kirker*) og benti á tilganginn með að ráða yfir kirkju:

> Allt svo má það sýnast að þvílíkar proprietarie kirkjur hafi ríkar gjörðar verið af fornaldarmönnum, og eigi nú svo mikið jarðagóts (sem afgjörir eitt anselegt stykki af Íslandi) meir til þess að þeir soddan skyldu hafa yfirfljótanlegt og að gjöra þá ríku ríkari, en til að undirhalda og forsorga fátæka erfiðandi evangelu þénara og við makt halda religionen.[2]

Það að prestur skyldi greiða landskuld þýddi þó ekki endilega að hann byggi við sára fátækt. Séra Árni Þórarinsson á Lambastöðum á Seltjarnarnesi sagðist ekki þurfa að kvarta yfir kjörum sínum því að hann þjónaði þægilegu kalli þar sem söfnuðurinn var velviljaður og bæði betri bændur og almúgafólk greiddu sín gjöld skilvíslega. Honum var þó ljóst að hann byggi við betri aðstæður en margir aðrir prestar.[3]

Jafnvel þótt presturinn þyrfti ekki að horfa á hluta af mögulegum tekjum sínum hverfa í aðrar áttir var við annars konar vanda að etja. Margir prestanna kvörtuðu yfir því að vantaði ákveðnar reglur um það af hvaða eignum ætti að reikna tíund. Í bréfinu til Landsnefndarinnar, þar sem séra Árni á Lambastöðum hrósaði söfnuði sínum fyrir að greiða gjöld sín skilvíslega, ræddi hann um tíundarvandkvæðin. Hann sagði að ekki væri eining um það hvort ákveða ætti tíundina eftir verðgildi kvikfjárins eða afurðanna sem þau gæfu af sér. Fólki fannst heldur ekki að það ætti að greiða tíund af hestum, uxum og geldum sauðum. Aðrir prestar kvörtuðu yfir að bændurnir teldu ekki rétt fram og greiddu þar af leiðandi aðeins það sem þeim þætti sjálfum hæfilegt.[4] Það var í sjálfu sér ekkert óvanalegt að bændurnir reyndu

[1] Loftur Guttormsson, *Frá siðaskiptum til upplýsingar*, s. 229.

[2] *Landsnefndin fyrri 1770–1771* II, s. 515–516 (*ÞÍ*. Rtk. D3/4–36. Séra Einar Jónsson í Stórólfshvols- og Skúmstaðaprestakalli skrifar um bændakirkjur 3.7.1771. Gg. N° 4[b]).

[3] *Landsnefndin fyrri 1770–1771* II, s. 153 (*ÞÍ*. Rtk. D3/2–7. Séra Árni Þórarinsson á Lambastöðum ritar álitsgerð um hérað sitt 12.2.1771. Lit. Y).

[4] Sjá t.d. *Landsnefndin fyrri 1770–1771* II, s. 526–527 (*ÞÍ*. Rtk. D3/4–34. Séra Jón Hannesson í Marteinstungu skrifar um húsaga og leiðir til viðreisnar landinu 11.5.1771. Lit. Gg. N° 3).

að borga sem minnst en hluti vandans var án efa það að bændasamfélagið var að miklu leyti mótað af gömlum siðum og venjum. Hugmyndin um hvað tíðkaðist var bundið minni manna og því síbreytilegt. Þess vegna var aðferðin við að leggja tíundina á einnig sveigjanleg.[1] Prestarnir töldu að bæta mætti úr þessu með því að settar væru fastar reglur um greiðslu tíundarinnar.

Hluti af tekjum presta var fyrir prestsverk, svo sem skírn barna, fermingu, hjónavígslur, kirkjuinnleiðslu kvenna[2] og útfarir. Meðal skylduverka presta var að messa á helgidögum og húsvitja en þá áttu þeir m.a. að hlýða börnum yfir kverið. Það voru engir barnaskólar á Íslandi á 18. öld svo að skólaumsjón í sókninni var ekki hluti af starfsskyldum prestanna.[3] Þess í stað fór fræðsla barna fram á heimilum og jafnframt voru börnin yfirheyrð við guðsþjónustur á sunnudögum.

Á Íslandi var ekki alltaf auðvelt fyrir söfnuðinn að mæta til messu á sunnudögum þótt mælt væri fyrir um það í tilskipun um húsaga og helgihald frá 1744[4] sem sett var í kjölfar ferðar Harboes. Í flestum sóknum voru bæir dreifðir og engir eiginlegir vegir til. Í bréfunum til Landsnefndarinnar lýsa einstakir prestar og prófastar á tilþrifamikinn hátt vandkvæðunum við að þjóna einstökum kirkjum í sóknum sínum. Fá bréf bárust til nefndarinnar frá prestum á Vestfjörðum, þar sem samgöngur væru verri en víðast annars staðar, en það er enginn vafi á að hér var lýst raunverulegum vanda. Prófasturinn í Norður-Múlasýslu, séra Páll Guðmundsson, þurfti þannig að glíma við það að þriðjungurinn af sókn hans lá handan við Jökulsá á Brú. Yfir ána hafði að vísu verið lögð trébrú fyrir 70 árum en hún væri nú orðin svo fúin að búist var við að hún hryndi einhvern daginn. Eftir það gæti sóknarpresturinn ekki sinnt skyldum sínum við þriðjung sóknarbarnanna og sá hluti safnaðarins færi á mis við húsvitjanir og fleira. Þar fyrir utan

[1] Christina Folke Ax, De uregerlige. Den islandske almue og øvrighedens reformforsøg 1700–1870. Ph.d.-afhandling ved Københavns Universitet 2003, s. 126–138.

[2] Kirkjuathöfn þar sem prestur leiddi konu í kirkju nokkrum vikum eftir barnsburð svo að hún gæti hreinsast fyrir Guði.

[3] Á þessum tíma voru mjög fáir djáknar í landinu en presturinn naut oft aðstoðar meðhjálpara.

[4] *Lovsamling for Island* 2. Samlet og udgivet af Oddgeir Stephensen og Jón Sigurðsson. København 1853, s. 509–518 (Forordning om Sabbathens og andre Hellig-Dages tilbörlige Helligholdelse paa Island, 29. maj 1744).

átti söfnuðurinn erfitt með að sækja messu að vetrarlagi. Prófasturinn gat heldur ekki sinnt reglulegum vísitasíum í norðurhluta prófastsdæmisins í þeim fjórum kirkjum sem lágu handan við Jökulsána. Séra Páll taldi ekki ósanngjarnt að ferðamenn greiddu dálítinn brúartoll svo að hægt væri að lagfæra brúna. Presturinn yrði að sjálfsögðu undanþeginn gjaldinu þegar hann færi um brúna í embættiserindum og sömuleiðis safnaðarfólk á leið til og frá kirkju.[1]

Forskellen mellem præster og almue var imidlertid ikke kun af sproglig art. Den kunne også komme til udtryk i hjemmene eller nærmere bestemt i deres ejendele. Der findes ikke en samlet undersøgelse af de islandske præsters ejendele i det 18. århundrede, men man kan få et indblik ved at se på det dødsboskifte, der blev foretaget, da dom-

[1] *Den islandske Landkommission 1770–1771* II, s. 239–260 (*ÞÍ*. Rtk. D3/2–26. Provst Vigfús Jónsson i Hítardalur skriver om befolkningstallet og beretter om handelens historie i landet [uden dato 1770/1771]. Lit. OO.)

[2] *ÞÍ*. Rtk. D3/1–12. Den islandske Landkommissions brevbog for 1770–1771. Lit. B. N° 37. Brev til provst Vigfús Jónsson 10.2.1771; *ÞÍ*. Rtk. D3/1–24. Lovmand Björn Markússon skriver redegørelse om retsvæsen, almindelige forbedringer af landets tilstand og opdeling af det i to amter 23.12.1770. Lit. K.). Disse breve vil blive publiceret i bind IV og V i denne serie. Tak til Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir for at have henledt min opmærksomhed på disse breve.

[3] *Æfisaga Jóns prófasts Steingrímssonar, eftir sjálfan hann*. Reykjavík 1913–1916, s. 258.

kirkepræsten Guðmundur Þorgrímsson på Lambastaðir ved Reykjavík døde i 1791.[1] Boet var en blanding af ting, som man ville finde i de fleste hjem. Der var en hel del sengetøj, tønder, lertallerkener, forskelligt værktøj som f.eks. en ambolt, leer, slibesten, og uldrokke. Præsten havde også fiskeskibe og husdyr. Blot var der måske mere af det, end man ville finde hos en almindelig bonde.

Der var imidlertid også en række ting, som viste, at præsten havde en noget anden baggrund end sine naboer. Der var en del klædesølv med alt fra bæltespænder til knapper foruden sølvbestik. Også enkens ejendele var del af det, der blev noteret, for der var traditionelle islandske kvindedragter, men også kniplinger og skindhandsker. Desuden var der bordduge og teduge i damask med tilhørende damaskservietter. Til at dække bordet var der fade og engelske tintallerkener. Der var tinlysestager og tinkander. En lysesaks og kobberlamper. Dertil kom et sæt rødskæftede bordknive, en potageske, porcelænstekopper foruden en kaffe- og en tekande af porcelæn. Familien havde desuden øl- og vinglas. I hjemmet fandtes også et tebord, forgyldte spejle og et stueur. Præsten havde endog en dragkiste, som var et forholdsvist nyt møbel og var begyndt at afløse de almindelige kister. Ikke overraskende ejede præsten også en hel del bøger om religiøse emner. Da boet var gjort op inklusive rede penge, gældsbeviser og jordegods, var der ejendele for 2184 rd. 35 sk., og fratrukket forskellig gæld blev der 1545 rd. og 18 sk. til overs til arvingerne.

Skiftet var naturligvis et udtryk for pastor Guðmundurs økonomiske formåen. De ejendele, som præsten og hans familie omgav sig med, tydede dog også på, at de levede et andet liv end den almue, de boede blandt. Præsten havde mulighed for at sætte sig ved et veldækket bord, de forgyldte spejle gave rummet størrelse og pragt, og de kunne indtage en nymodens drik som kaffe. Det var et dannet hjem, som man også fandt hos de øvrige embedsmænd i området, men ikke hos bønderne — heller ikke selv om disse havde råd.[2]

[1] *ÞÍ.* Skjalasöfn sýslumanna og sveitarstjórna. Gull-Kjós. ED1/9-1. Skiptabók klerkdómsins 1781–1796. Boet efter domkirkepræst Guðmundur Þorgrímsson på Lambastaðir 1791.

[2] Se f.eks. Christina Folke Ax, Et andet Island — kulturel kompleksitet på Seltjarnarnes 1750–1830. Upubliceret speciale, Københavns Universitet 1998; Christina Folke Ax, "Menningarmunur á Íslandi í lok 18. aldar". *Saga* XL:1 (2002), s. 63–90.

Man kan ikke sammenligne forholdene for præsterne omkring Reykjavík med de forhold, som præsterne havde i andre dele i landet, og domkirkepræsten Guðmundur Þorgrímsson stammede fra en velhavende embedsmandsfamilie. Reykjavík var i 1791, da skiftet blev optegnet, langsomt begyndt at udvikle sig til en lille handelsby, og efterhånden flyttede også flere højtstående embedsmænd til nærområdet. Det var et andet socialt miljø, end det var tilfældet for præster i andre dele af øen. Som oven for nævnt levede præsterne under meget forskellige forhold, og hjemmet hos en af de fattigere præster var uden tvivl meget anderledes end det beskrevet ovenfor. Man bør dog for en god ordens skyld huske på, at det som nævnt kun var ca. en fjerdedel af landets præster, der skrev til kommissionen. Man kan derfor godt regne med, at de udgjorde en form for elite blandt præsteskabet. Men blandt de præster, der satte sig ned og skrev til kommissionen, viser den hyppige brug af latinske og danske ord og citater, at præsterne på mange måder var en del af en anden kulturel sfære end almuen. Det samme gjorde de forslag, de havde til forbedringer.

PRÆSTERNE OG ALMUEN

De islandske præster indsendte klager og betænkninger over mange forskellige ting; men samlet set kan man opdele dem i tre hovedgrupper, som hang nøje sammen. For det første var der, som beskrevet ovenfor, alle klagerne over præsternes fattigdom og dårlige vilkår, som gjorde det vanskeligt for dem at opretholde deres myndighed og leve op til deres forpligtelser. Et andet problem var manglende udnyttelse af landets naturlige ressourcer, og det tredje og helt store problem var følgelig almuen, fordi mange af bønderne ikke evnede eller havde forstand på at udnytte de givne naturressourcer, eller fordi de ikke havde styr på deres tjenestefolk.[1]

[1] Også de bønder, der skrev til Landkommissionen 1770–1771, klagede over tjenestefolkene, se. *Den islandske Landkommission* I. Sandsynligvis havde præsterne også lige så mange problemer med tjenestefolkene som de bønder, de klagede over. Der findes eksempler på dette i: Loftur Guttormsson, *Bernska, ungdómur og uppeldi á einveldisöld. Tilraun til félagslegrar og lýðfræðilegrar greiningar*. Reykjavík 1983, s. 68 ff.

Flere af brevene indeholder opremsninger af de ressourcer, der var i sognet. Det drejer sig om alt fra en opremsning af de fugle, fisk og havpattedyr, som det i princippet var muligt at fange, men også om mulige havne. Det var i og for sig i princippet ikke Island, der var noget galt med, for der var mange ressourcer. Ganske vist var landet plaget af sygdom blandt fårene og hyppige år med misvækst og ringe fiskeri, og måske derfor var det nødvendigt at udnytte andre ressourcer også. Men et grundlæggende problem var almuen. Den havde ifølge præsterne ikke forstand på at udnytte områdets naturlige ressourcer.

Nogle af bekymringerne handlede om, at bønderne f.eks. ikke udnyttede gødningen ordentligt eller gødede hjemmemarken på den rigtige måde. Andre klager gik på, at bønderne ikke indhegnede deres græsmarker. Det betød, at dyrene mere eller mindre var der hele året, så græsset ikke nåede at gro. Endelig var der flere af præsterne, der beklagede, at der ikke længere var nogen sæterdrift. Her var argumentet det samme som i forbindelse med indhegningen. Hvis græsset fik fred til at gro, kunne der blive høstet hø, før dyrene fik lov til at græsse der.

Sideløbende med disse beklagelser ønskede præsterne også, at der blev indført forbedringer. Nogle af disse var f.eks. garnfiskeri i stedet for fiskeri med krog på langline, som var den almindelige fangstmetode. Det hjalp ikke på udbyttet, at der som regel kun blev anvendt en enkelt krog.[1] Der var også flere præster, der talte for, at flere indførte havebrug og nye afgrøder som især kål. Det var bare ikke så let. Provsten Guðlaugur Þorgeirsson skrev således, at bønderne ikke så kål som menneskemad, men snarere som græs og dyrefoder. Han ville gerne tvinge fæsterne til at anlægge kålgårde ved at indføre det som et krav i deres fæstebreve. Men så stødte han, som andre af præsterne, på det problem, at købmændene ikke indførte en tilstrækkelig mængde frø eller frø af for dårlig kvalitet.[2] De reformivrige præster var ikke kun et islandsk fænomen. De fleste steder i Europa fandtes såkaldte "kar-

[1] Gísli Gunnarsson, *Monopoly Trade and Economic Stagnation. Studies in the Foreign Trade of Iceland 1602–1787*. Lund 1983, s. 168.

[2] *Den islandske Landkommission 1770–1771* II, s. 186–187 (*ÞÍ*. Rtk. D3/3–6. Provst Guðlaugur Þorgeirsson i Garðar på Álftanes beretter om hustugt, børneopdragelse, landbrug og handel 1.5.1771. Lit. UU. N° 1.)

toffelpræster", der brugte deres stilling som præst til at tale for forskellige forbedringer af landbruget og indførsel af nye afgrøder.[1]

Præsternes breve er på mange områder en god kilde til almuens levemåde, især kan fremhæves præsten på Lambastaðir i Gullbringusyssel, pastor Árni Þórarinsson. I et af sine breve til Landkommissionen giver han sin beskrivelse af den almindelige kost hos befolkningen og også af deres bolig. Han beskriver den islandske badstue som et meget usundt sted at opholde sig. Det var den del af huset, hvor folk opholdt sig for det meste — raske såvel som syge. Det var her man arbejdede, spiste og sov. Der var ingen udluftning, luften var fæl af uddunstningerne fra tranlamperne. Væggene var fugtige og gulvene beskidte. Stanken var så modbydelig og kvalmende, at svage og følsomme personer:

> maae fornemme en utaalelig modbydelse og uleylighed deraf, om de komme ind i huset eller forblive der nogen stund. Mand bliver og med störste ömhed var, at de uskyldige smaae börn i disse mistænkelige værelser idelig besværes af trödsk[2] og hoste, der af erfarenhed ofte endes med döden.[3]

Ifølge præsten var de vigtigste årsager til almuens elendige helbred, at kosten var usund og dårligt tilberedt, at mange spiste og drak for meget, at måltiderne var uregelmæssige, at deres tøj og sko var elendige, at boligen var usund, at de ikke bevægede sig nok om vinteren, og at de ikke brugte læge- og madurter.

Set fra præsternes synsvinkel var den islandske almue en sammensat størrelse. Der var ingen tvivl for præsterne om, at den islandske almue levede i den yderste armod, men denne var også til en vis grad selvforskyldt. For det første var almuen træg, når det handlede om at

[1] Michael Bregnsbo, "Præster under pres. Den danske statskirkegejstligheds reaktioner på udfordringen fra Oplysningen i 1790'erne", *Mellem religion og oplysning. Sekulariseringen af 1700-tallets politiske og kulturelle univers. Den jyske Historiker* nr. 105 (2004), s. 102. Om reformivrige bønder og præster i Island se: Fanney Hólmfríður Kristjánsdóttir, Af Guðsmönnum og grænum fingrum; Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir, "Viðreisn garðræktar á síðari hluta 18. aldar. Viðbrögð og viðhorf almennings á Íslandi", *Saga* LII:1 (2014), s. 9–41.

[2] Slimhindelidelse forårsaget af svamp, som ofte optræder i mundhulen hos småbørn.

[3] *Den islandske Landkommission 1770–1771* II, s. 141 (*ÞÍ*. Rtk. D3/2–7. Pastor Árni Þórarinsson på Lambastaðir skriver om sit herred 12.2.1771. Lit. Y.)

indføre forskellige forbedringer og fornyelser i deres måde at drive jorden på og udnytte ressourcerne; men for det andet var der en vis grad af selvrådighed og uvaner, ligesom folk var for eftergivende over for børn og tjenestefolk, som fik lov til at udvikle sig i en uheldig retning. Som præsten Þorvarður Auðunarson i Saurbær på Hvalfjarðarstrand skrev i sit brev til Landkommissionen, var det en prøvelse for ham at se, hvor ringe respekt børn og unge havde for deres forældre og husbønder. De var uvillige til at adlyde ordrer, men gik i sted langsomt af sted og brokkede sig. Mens faderen var tidligt oppe og arbejdede hårdt, lå sønnen og sov sig til et dårligt helbred.

> Årsagen bag denne uskik, mener jeg, er forældrenes utilbørlige forkælelse af børnene allerede som små ved at undlade at formane dem efter behov og forsømme at holde dem til blufærdighed, lydighed og manddom. Og selv om man både for længst har offentliggjort den kongelige forordning om hustugt, og præsten tit og ofte taler om den slags, både i prædikens almene ord og også på regelmæssige husvisitatser, er det alligevel forgæves hos nogle.[1]

Det syntes at være en almindelig opfattelse, at tjenestefolk nærmest af natur var dovne og ulydige. Det er i alt fald et klagepunkt, der går igen hos de fleste af præsterne, og som også findes i breve fra bønderne og embedsmænderne. Ifølge præsterne turde hverken de selv eller bønderne at stille krav til tjenestefolkene eller sige fra over for ublu krav om lønninger, fordi de var bange for, at tjenestefolkene ville forlade deres plads for at blive løsarbejdere eller løsgængere. Der var også andre tjenestefolk, der havde det nærmest som princip, at de ikke blev mere end et par år hos samme husbond.

Når det var almuen, der var et af Islands grundlæggende problemer, var det vel i og for sig en selvfølge, at en del af præsterne berørte repstyrernes arbejde i deres breve. Det var repstyrernes opgave at bestyre fattigvæsenet, men også holde opsyn med almuen. De skulle kende bøndernes formue og karakter, så de kunne opmuntre de dovne og undervise dem, der havde brug for det. Nogle præster beskyldte dem for a være ulydige og mangle initiativ, som det var tilfældet med

[1] *Den islandske Landkommission 1770–1771* II, s. 224 (*ÞÍ*. Rtk. D3/5–14. Pastor Þorvarður Auðunarson i Saurbær på Hvalfjarðarstrand beretter om børnenes mangel på tugt med mere 5.7.1771. Lit. Kk. N° 4.)

den oven for citerede pastor Þorvarður Auðunarson. Han mente, at de var ulydige, fordi de ikke greb ind, når folk beviseligt betalte forkert tiende, og det manglende initiativ gav sig til udtryk i, at de ikke ansporede almuen til at gøre tingene bedre og leve op til forordningerne. Repstyrerne var uvidende og ofte manglede begavelse. Det kunne vel ikke forventes andet, når repstyrerene i bund og grund ikke var meget anderledes end den gemene bonde. De fleste af de præster, der beskæftigede sig med problemerne omkring repstyrerne, mente, at deres antal burde formindskes, men de burde til gengæld have løn for deres arbejde.

Kort fortalt var det en ond cirkel. Når bønderne ikke havde blik for de ressourcer, der omgav dem, eller ikke havde styr på deres tjenestefolk, så de kunne udnytte disse ressourcer, endte bønderne med at blive fattige. I sidste ende betød det, at præsterne mistede indtægter og blev fastholdt i fattigdom.

AFSLUTNING

De islandske præster var en broget forsamling. Den rummede præster, der havde studeret i København og andre, der aldrig havde forladt øen. Der var præster, der kom fra forholdsvis velstående kald, og så var der præster, der næppe havde til dagen og vejen. Det var kun omkring en fjerdedel af de islandske præster, der skrev til Landkommissionen, og der er al mulig grund til at tro, at der var tale om præster, der var lidt — og i nogle tilfælde meget — bedre stillet end de fleste af deres kolleger. Det store mørketal sætter de islandske præsters forhold i perspektiv. De fleste af brevskriverne klagede over de besværligheder, som præsterne var konfronteret med, og uregelmæssighederne i tiendebetalingen. Men når de bedre stillede præster havde problemer, hvordan har det så ikke set ud for de dårligt stillede?

Man kan med rette hævde, at netop præsternes usikre økonomiske vilkår var medvirkende til, at de havde et indgående kendskab til den islandske almue og dens levevis. For langt de fleste præster var jordbruget det vigtigste element i husholdningen, fordi kun meget få — eller så godt som ingen — præster kunne leve udelukkende af de indtægter, som stammede fra præstekaldet. Præsterne skulle derfor også sende folk på fiskeri ved kysten, de skulle have høstet høet og slagtet

får om efteråret. Præsterne var således i mange tilfælde i stand til at beskrive almuens levemåde indgående på samme måde, som når de beskrev sognets ressourcer. Og selv om det ikke var alle, der var lige så grundige som præsten på Lambastaðir, kan præsternes breve give et indblik i livet for den jævne befolkning i Island i slutningen af det 18. århundrede.

Men de præster, der skrev til Landkommissionen i 1770 og 1771, beskrev almuen uden selv helt at være del af den. Det er måske baggrunden for de mange detaljer, man støder på i nogle af brevene. Det, som var en selvfølge for en almindelig bonde, var det ikke for en præst. Han så verden fra et andet perspektiv, fordi han havde en anden uddannelsesmæssig baggrund, indgik i andre netværk og var delvis en del af en anden kulturel sfære. Netop derfor var præsterne ikke sandhedsvidner. Deres beskrivelser af almuen afslører deres eget rationale og ikke nødvendigvis almuens. Man kan ikke umiddelbart slutte sig til, at de islandske bønder og repstyrere var dumme og tjenestefolkene dovne. Til gengæld giver de breve, som præster og provster indsendte til Landkommissionen i 1770 og 1771 et indblik i præsternes levevilkår, og hvordan de så deres samtid.

JÓHANNES B. SIGTRYGGSSON

Um íslensku í bréfum til Landsnefndarinnar fyrri 1770–1771

Bréf til Landsnefndarinnar fyrri frá árunum 1770–1771 eru mikilvæg heimild um íslenska tungu á tímabili þar sem fátæklegt er um að litast um skrif almennings. Í þessari grein er fjallað um nokkrar hljóð- og sérstaklega beygingarbreytingar sem bréfin varpa nýju ljósi á eða fylla upp í þekkingu á. Heildarúttekt á máli Landsnefndarbréfanna bíður betri tíma.

En hvernig var íslenskan á 18. öld? Jón Helgason prófessor lýsti henni þannig að aldrei hefði málið verið eins fjölbreytilegt eða fjölskrúðugt og þá.[1] Ólíkir straumar hefðu ást við á öldinni, sérstaklega á síðari hluta hennar, annars vegar mjög dönskuskotið mál og stíll en hins vegar fyrnskuáhrif á mál og stafsetningu.[2] Íslenskan var einnig á tímamótum við lok aldarinnar því að með Lærdómslistafélaginu og ritum þess (*Rit þess Islenzka Lærdóms-Lista Felags*), sem félagið gaf út árin 1781–1798, fór skipulegra málhreinsunaráhrifa að gæta hér á landi, sbr. orð Svavar Sigmundssonar: „Það eru ekki síst áhrif þessa félags sem gera það að verkum að segja má að málhreinsunin sé orðin

[1] Jón Helgason, „Från Oddur Gottskálksson till Fjölnir. Tre hundra års isländsk språkutveckling“, *Island. Bilder från gammal och ny tid*. Skrifter utgivna av Samfundet Sverige-Island 1. Lund 1931, s. 42: „Det finnes ingen period i vår historia, där de språkliga förhållanden äro så brokiga som under 1700-talet, i synnerhet dess senare hälft. Å den ena sidan har man det starkast daniserade språk som någon gång skrivits av islänningar. Å den andra sidan ett språk, som imiterar gammalt och föråldrat skrivsätt och uttryckssätt i än högre grad en man tidigare eller senare känner exempel på.“

[2] Sjá: Kjartan G. Ottósson, *Íslensk málhreinsun. Sögulegt yfirlit*. Rit Íslenskrar málnefndar 6. Reykjavík 1990, s. 35–38; Gunnar Sveinsson, *Alþingisbækur Íslands*. Acta comitiorum generalium Islandiæ. XVII. 1791–1800. Reykjavík 1990, s. xiv: „Reyndar hafði ýmiss konar fyrnska verið tekin upp í Ritum þess íslenzka lærdómslistafélags 1781 og áfram, og tóku margir hana sér til fyrirmyndar.“

opinber stefna hér á landi um 1800.“[1] Þetta er því forvitnilegt tímabil í sögu íslenskunnar og áhugavert að skoða ritað mál almennings og presta frá þessu skeiði.

Vantað hefur fleiri rannsóknir á máli 18. aldar til að fyllri mynd fáist af íslenskunni á þessum tíma.[2] Til samanburðar hafa verið samdar tvær veigamiklar lýsingar á málinu á 16. öld, rannsókn Jóns Helgasonar á Nýjatestamentisþýðingu Odds Gottskálkssonar og lýsing Oskars Bandles á Guðbrandsbiblíu.[3] Frá allra síðustu árum má þó t.d. nefna rannsókn mína á málinu á Ævisögu Jóns Steingrímssonar (1728–1791) frá lokum 18. aldar (rituð 1778–1783 og 1791) sem er einmitt frá svipuðu skeiði og bréfin til Landsnefndarinnar fyrri.[4] Af öðrum athugunum á 18. aldar máli má nefna óútgefna prófritgerð Svavars Sigmundssonar um málið á *Stuttri og einfaldri undirvísun um kristindóminn* eftir Jón biskup Vídalín (1666–1720).[5] Rit Jóns Vídalíns er frá f.hl. 18. aldar en Ævisaga Jóns Steingrímssonar frá lokum aldarinnar. Í viðauka Jóns Helgasonar við þýðingu Jóns Ólafssonar úr Grunnavík (1705–1779) á Nikulási Klím er nokkuð ítarleg lýsing á málinu á þýðingunni.[6] Jón úr Grunnavík fyrnir hins vegar þar allnokkuð mál sitt og því er varasamt að treysta alveg á hann sem vitnisburð um almennt mál á 18. öld.[7]

[1] Svavar Sigmundsson, „Hreinsun íslenskunnar“, *Íslenskt mál og almenn málfræði* 12–13 (1990–1991), s. 127–142.

[2] Sjá: Svavar Sigmundsson, „Staða rannsókna á máli 18. aldar“, *Vefnir. Tímarit félags um átjándu aldar fræði* (1998). *Vef.* http://fraedi.is/kvistur/grein.php?id=688: „Spurningunni um hvernig stöðu rannsókna á máli 18. aldar sé háttað er í rauninni fljótsvarað. Hún er heldur bág. Víða er 18. aldar máls og málfræði þó getið í einstökum greinum og bókum en það hefur ekki verið viðfangsefni neinnar einnar rannsóknar.“

[3] Jón Helgason, *Jón Ólafsson frá Grunnavík*. Safn Fræðafjelagsins um Ísland og Íslendinga 5. Kaupmannahöfn 1926; Oskar Bandle, *Die Sprache der Guðbrandsbiblía. Orthographie und Laute. Formen.* Bibliotheca Arnamagnæana 17. Hafniæ 1956.

[4] Jóhannes B. Sigtryggsson, *Málið á Ævisögu Jóns Steingrímssonar*, Reykjavík 2011.

[5] Svavar Sigmundsson, Málið á „Stutt og Einfølld Undervisun um Christenndomenn“ eftir Jón biskup Vídalín, Kaupmannahöfn 1729, með samanburði við nokkur bréf sama höfundar. Stafsetning. Hljóðfræði. Stafsetning. Hljóðfræði. Cand. mag.-ritgerð við Háskóla Íslands 1966.

[6] Ludvig Holberg, *Nikulás Klím*. Íslenzk þýðing eftir Jón Ólafsson úr Grunnavík (1745). Jón Helgason sá um útg. Íslenzk rit síðari alda 3. Kaupmannahöfn 1948.

[7] Sjá Kjartan G. Ottósson, „Den isländska språkhistoriens primärkällor och deras användning“, *Nordistiken som vetenskap. Artiklar om ämnets historia, teorier och metoder*. Ritstj. Jan Svensson. Lund 1988, s. 140.

Mikilvægasta 18. aldar málfræðin eða samtímalýsingin á málinu er *Grammatica Islandica* Jóns Magnússonar (1662–1738) sem ekki var gefin út þá en er varðveitt í handritum.[1] Halldór Halldórsson prófessor taldi að það gætti meir bókmáls í málfræði Jóns, sem var bróðir Árna Magnússonar handritasafnara, en virtist við fyrstu sýn.[2]

Eggert Ólafsson (1726–1768) stældi fornan rithátt í ritum sínum og leitaði þar fyrirmynda um réttritun.[3] Hann samdi *Réttritabókina* árið 1762 sem hafði mikil áhrif á stafsetningu fram á 19. öld þó að hún væri aldrei gefin út.[4] Eftir Jón Ólafsson úr Grunnavík liggur ritið *Orthographia Islandica* í handritinu AM 435 fol.[5]

Mikið orðfræðiefni er til frá 18. öld.[6] Mikilvægast af því er íslensk-latnesk orðabók Jóns Ólafssonar úr Grunnavík, varðveitt í eiginhandarritinu AM 433 fol. Jón Helgason sagði um orðabókina: „Hún er merkilegasta og rækilegasta orðabók aldarinnar og hefur ærinn fróðleik að geyma um þjóðtrú, menningarsögu og bókmentir. Ef hún væri komin í boðlegt lag, myndi enginn hika við að kalla hana eitt helsta afrek í fræðimensku Íslendinga á 18. öld.“[7] Önnur mikilvæg 18. aldar orðabók er *Nucleus latinitatis* (Kleyfsi) Jóns Árnasonar biskups (útg. 1738) sem hefur verið endurútgefin.[8] Þriðja mikilvæga 18.

[1] Jón Magnússon, *Grammatica Islandica. Íslenzk málfræði*. Jón Axel Harðarson gaf út með inngangi, þýðingu og athugasemdum. Reykjavík 1997.

[2] Halldór Halldórsson, „Sitthvað um orðið kvistur“, *Lingua Islandica – Íslenzk tunga* 4 (1963), s. 70.

[3] Sjá Vilhjálmur Þ. Gíslason, *Eggert Ólafsson*. Íslenzk endurreisn 2. Reykjavík 1926, s. 46–48 og 147–174.

[4] Sjá: Vilhjálmur Þ. Gíslason, *Eggert Ólafsson*, s. 147–167; Sidney Rufus Smith, „Orthographical Criteria in Eggert Ólafsson's 'Réttritabók'“, *Scandinavian Studies* 41 (1969), s. 241–242.

[5] Sjá: Kristín Bjarnadóttir, Aðalsteinn Eyþórsson og Þorsteinn G. Indriðason, „Skrá um íslensk málfræðirit til 1925: Mart finna hundar sjer í holum“, *Íslenskt mál og almenn málfræði* 10–11 (1988–1989), s. 186–187; Jón Helgason, *Jón Ólafsson frá Grunnavík*, s. 71–87.

[6] Sjá: Guðrún Kvaran, „Det attende århundredes islandske leksikografi“, *LexicoNordica* 7 (2000), s. 75–90.

[7] Sjá Jón Helgason, *Jón Ólafsson frá Grunnavík*, s. 121. Ítarleg umfjöllun um orðabókina er hjá Guðrún Kvaran, „Úr orðabókarhandriti Jóns Ólafssonar úr Grunnavík“, *Íslensk mál og almenn málfræði* 27 (2005), 201–216.

[8] Jón Árnason, *Nucleus latinitatis* […]. Ný útgáfa. Orðfræðirit fyrri alda III. Guðrún Kvaran og Friðrik Magnússon sáu um útgáfuna. Reykjavík 1994. Sjá yfirlit yfir

aldar orðabókin er síðan *Orðabók. Íslensk-latnesk-dönsk* Björns Halldórssonar (1724–1794) sem var að mestu fullsamin 1787 þó að hún kæmi ekki út fyrr en 1814.[1]

BRÉF TIL LANDSNEFNDARINNAR FYRRI Á ÍSLENSKU OG MÁLIÐ Á ÞEIM

Af samtals 183 bréfum sem bárust Landsnefndinni fyrri á árunum 1770–1771 eru 100 rituð á íslensku og eru langflest þeirra síðarnefndu rituð af almenningi.[2] Þau eru öll nema þrjú prentuð í 1. og 2. bindi þessarar útgáfu. Almenningur var hvattur til að skrifa nefndinni og viðbrögðin voru góð en samtals 110 bréf bárust frá almenningi og prestum í landinu.[3] Í 1. bindi útgáfunnar eru birt 74 bréf frá almenningi, öll nema eitt rituð á íslensku. Tvö af hverjum þremur bréfum presta, sem prentuð eru í 2. bindi, eru á íslensku, samtals 24 af 36. Auk þess skrifa tveir sýslumenn og Bjarni Pálsson landlæknir bréf á íslensku og verða þau gefin út í 3. bindi þessarar útgáfu. Annars eru bréf frá embættismönnum rituð á dönsku (samtals 71 bréf).[4] Þau 97 bréf á íslensku, sem gefin eru út í 1.–2. bindi þessarar útgáfu eru efniviðurinn í eftirfarandi athuganir mínar.[5] Öll eru bréfin rituð af körlum.

beygingareinkenni í *Nucleus latinitatis* hjá Guðrún Kvaran og Friðrik Magnússon, „Inngangur“, Jón Árnason, *Nucleus latinitatis*, s. xxii–xxiii.

1 Björn Halldórsson, *Lexicon Islandico-Latino-Danicum Biörnonis Haldorsonii*. Havniæ 1814. Orðabók Björns var endurútgefin árið 1992: Björn Halldórsson, *Orðabók. Íslensk-latnesk-dönsk*. Jón Aðalsteinn Jónsson sá um útgáfuna. 2. útg. Orðfræðirit fyrri alda 2. Reykjavík 1992. Friðrik Magnússon skrifaði þar um orðaforðann í henni. Sjá: Friðrik Magnússon, „Athugun á orðaforða orðabókar Björns Halldórssonar“, Björn Halldórsson. *Orðabók*, s. xxxi–xlv.

2 Sjá má hvaða bréf þetta eru í „Skrá yfir skjalasafn Landsnefndarinnar fyrri“, *Landsnefndin fyrri 1770–1771* I. *Bréf frá almenningi. Den islandske Landkommission 1770–1771* I. *Breve fra almuen*. Ritstj. Hrefna Róbertsdóttir og Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir. Reykjavík 2016, s. 49–75. Tilgreint er í sérdálki tungumál bréfs. Hér eftir í þessari grein verður vísað til bókarinnar og greina í henni með aðaltitli á íslensku.

3 Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir, „Landsnefndin fyrri og verkefni hennar“, *Landsnefndin fyrri 1770–1771* I, s. 77.

4 Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir, „Skjalasafn Landnefndarinnar fyrri, bréfritarar, búseta og þjóðfélagsstaða“, *Landsnefndin fyrri 1770–1771* I, s. 124–125.

5 Ég hef ekki fyrir þessa athugun tekið með þau tvö bréf sem sýslumenn skrifuðu á íslensku né bréf Bjarna landlæknis.

Bréfin eru góður efniviður til rannsókna á máli 18. aldar. Það verður þó að hafa í huga að dreifing bréfa frá almenningi og prestum til Landsnefndarinnar er ójöfn.[1] Það virðist hafa farið mikið eftir því hvert Landsnefndin ferðaðist hvaðan bréf bárust,[2] t.d. eru nær engin bréf frá Austurlandi sem nefndin ferðaðist ekkert til á starfstíma sínum.[3] Það er því varasamt að álykta of mikið um mállýskuatriði í máli út frá fjölda dæma í bréfunum. Þrátt fyrir þetta eru bréfin mikilsverð heimild um skrif hópa, sérstaklega almennings, sem annars liggur fátt eftir frá þessum tíma.

Finna má dæmi í bréfum alþýðu og presta til Landsnefndarinnar um ýmsar hljóð- og beygingarbreytingar sem þekktar eru úr öðrum síðari alda heimildum og fjalla ég um nokkrar þeirra hér fyrir aftan.[4] Umfjöllun mín einskorðast við breytingar á hljóðum og beygingum en ég fjalla ekki um breytingar á setningagerð á þessum tíma.[5] Megináherslan í umfjöllun minni er á beygingarbreytingar enda koma fyrir ýmis athyglisverð beygingartilbrigði í máli á 18. öld sem sjást merki um í bréfunum.

Hljóðbreytingar eru breytingar á framburði hljóða og hljóðasambanda. Þær skiptast í hljóðkerfisbreytingar og stöðubundnar hljóðbreytingar. Þær fyrrnefndu eru breytingar á þeim hljóðum sem mynda hljóðkerfi málsins. Dæmi um slíka breytingu er afkringing hljóðanna *y*, *ý*, *ey* sem hófst á s.hl. 14. aldar og leiddi til þess að þau féllu saman

[1] Um búsetu bréfritara, sjá: Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir, „Skjalasafn Landnefndarinnar fyrri“, s. 133–137.

[2] Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir, „Skjalasafn Landnefndarinnar fyrri“, s. 136: „Eins og sjá má er mjög afgerandi að bréf frá almenningi komu nær eingöngu frá þeim svæðum sem nefndin dvaldist á eða fór um, þ.e. Suðvesturlandi, Árnessýslu og Norðurlandi.“ Nánar um ferðir nefndarmanna sjá: Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir, „Landsnefndin fyrri og verkefni hennar“, s. 89–94.

[3] Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir, „Landsnefndin fyrri og verkefni hennar“, s. 95.

[4] Dæmi um nokkrar síðari alda beygingarmyndir sem finna má í bréfunum: *missirs* (I 182), *mælir* (þf. et.)(I 185), *sauðfjársins* (I 199), *innbyggjendurnar* (I 423), *veturnar* (I 230), *föðursumbyggju* (II 449), *höndur* (þf. ft.)(I 230), *einninn* (I 229), *hvörninn* (I 235), *Hjörtsson* (I 650), *Márstaða* (II 411), *megra* (miðstig af *magur*)(I 514), *djúpustu* (efsta stig af lo. *djúpur*)(I 574), *olla* (= *valda*)(nh.)(I 560), *ollir* (= *veldur*)(nt.)(II 527), *hrökkur* (= *hrekkur*)(nt. af so. *hrökkva*)(I 423).

[5] Sjá yfirlit yfir setningafræðilegar breytingar í sögu íslensku hjá Eiríkur Rögnvaldsson, „Setningafræðilegar breytingar í íslensku“, *Setningar. Handbók um setningafræði.* Ritstjóri Höskuldur Þráinsson. Íslensk tunga III. Reykjavík 2005, s. 602–635.

við *i*, *í*, *ei*.[1] Stöðubundnar hljóðbreytingar eru breytingar á hljóðum í ákveðnu hljóðumhverfi. Dæmi um slíka breytingu er afkringing *ö* á undan *j* sem varð vart um 1600 (*mjög* > *mjeg*, *sjö* > *sje*). Í flestum tilfellum hafa upprunalegar myndir hins vegar orðið einráðar aftur (*fjögur*) eða tvímyndir komið upp (*smjör/smjer*).[2]

Flestar afdrifaríkustu hljóðkerfisbreytingar í sögu íslenskunnar urðu löngu fyrir 18. öld. Helstu sérhljóðabreytingar urðu t.d. á 13. og 14. öld.[3] Undantekning frá því er svokallað flámæli (samfall *i* og *e* annars vegar og hins vegar *u* og *ö* í opnum áhersluatkvæðum) sem var áberandi seint á 19. öld og á f.hl. 20. aldar en lét undan síga fyrir áhrif málhreinsunar á 20. öld.[4] Nokkrar samhljóðabreytingar, sem urðu meira áberandi síðar, eru þó taldar eiga uppruna sinn á 18. öld, t.d. svokallað linmæli og kv-framburður.[5] Ég hef ekki getað fundið merki um þessar breytingar í frumritum þeirra bréfa til Landsnefndarinnar sem ég hef skoðað en hef ekki heldur leitað skipulega að þeim.

Með beygingarbreytingu er átt við einhvers konar breytingu á beygingu orða. Þær geta falist í því að einstakar formdeildir hverfi (t.d. tvítala í íslensku) eða þeim fjölgi. Í síðara alda íslensku hafa beygingarbreytingar oftast falist í því að einstakar endingar hafa breyst, ákveðin orð skipt um endingar eða um kyn. Dæmi um breytingu á beygingarendingu má finna í þf. ft. hjá karlkyns u-stofnum þar sem tekin hefur verið upp endingin *-i* í stað fornu endingarinnar *-u*, t.d. þf. ft. *sonu* > *syni* (af *sonur*). Flestar þeirra eru áhrifsbreytingar, þ.e. breytingar orðmynda fyrir áhrif annarra.[6]

[1] Guðvarður Már Gunnlaugsson, *Um afkringingu á /y, ý, ey/ í íslensku*. Reykjavík 1994.

[2] Stefán Karlsson, „Tungan“, *Íslensk þjóðmenning 6. Munnmenntir og bókmenning*. Ritstj. Frosti F. Jóhannsson. Reykjavík 1989, s. 10–11.

[3] Sjá Stefán Karlsson, „Tungan“, s. 7–8.

[4] Jóhannes B. Sigtryggsson, *Málið á Ævisögu Jóns Steingrímssonar*, s. 73–76.

[5] Sjá Svavar Sigmundsson. „Staða rannsókna á máli 18. aldar“.

[6] Skýr umfjöllun um ólíkar tegundir áhrifsbreytinga er hjá: Katrín Axelsdóttir, *Sögur af orðum. Sex athuganir á beygingarþróun í íslensku*. Reykjavík 2014, s. 33–41.

HLJÓÐBREYTINGAR

Af hljóðbreytingum fjalla ég hér nánar annars vegar um breytinguna *rn* > *nn* í áhersluleysi sem talin er hafa verið mállýskubreyting og hins vegar um breytingu í nokkrum lýsingarorðum þar sem skotið var inn *ð* í efsta stigi, t.d. *hæstur* > *hæðstur*. Báðar þessar hljóðbreytingar koma upp í síðari alda íslensku. Umfjöllun um fyrri breytinguna sýnir hvernig bréfin til Landsnefndarinnar fyrri geta hugsanlega nýst í sögulegum mállýskurannsóknum. Síðari breytingin (*hæðstur* o.s.frv.) er dæmi um breytingu sem málhreinsunarmenn á 19. og 20. öld börðust gegn.

Áherslulétt rn

Hljóðasambandið *rn* breyttist og féll saman við *nn* á 14. öld (og einnig *rl* og *ll*). Samfallshljóðasambandið hefur væntanlega verið [tn][1] en á eftir upprunalegu stuttu sérhljóði hélt *nn* sínum forna framburði, þ.e. [n:].[2] Óvíst er hvort hinn almenni *rdn*-framburður ([rtn]) *rn* í nútímamáli er leifar af eldri framburði eða áhrif frá stafsetningu en öfugir rithættir eins og *Orný* fyrir *Oddný* í bréfi frá 14. öld benda til þess að framburður hljóðasambandsins hafi þá frekar verið [tn] en [rtn].[3]

Í áhersluleysi er hljóðasambandið *rn* stundum ritað 'nn' í seinni tíma máli (t.d. *þjófannir* fyrir *þjófarnir*).[4] Elstu dæmi um þessa táknun eru frá 15. öld.[5] Ekki er skýr lengdarmunur á *n* og *nn* í áhersluleysi. Anna Helga Hannesdóttir gerði könnun á því í hvaða hljóðumhverfi væri algengast í nútímamáli að hljóðasambandið *rn* væri borið fram [tn] og hvar [rtn]. Myndir með *rn* í áhersluleysi (*álfarnir*, *konurnar*) voru í hópi orða þar sem algengast var að *r* félli niður í framburði (einnig í algengum orðum eins og *hérna*, *barn*).[6] Það má því færa rök

[1] Stefán Karlsson, „Tungan", s. 16.

[2] Hornklofar ([ ]) eru hafðir utan um hljóðritunartákn.

[3] Stefán Karlsson, „Tungan", s. 16; Jón Magnússon, *Grammatica Islandica*, s. 253.

[4] Einföld tilvitnunarmerki (' ') eru höfð utan um stafrétt dæmi úr textum.

[5] Sjá M. Hægstad, *Vestnorske maalføre fyre 1350*. II. *Sudvestlandsk*. 2. *Indre sudvestlandsk*. *Færøymaal*. *Islandsk*. Tridje bolken. Skrifter utgitt av Det Norske Videnskaps-Akademi i Oslo. II. Hist.-Filos. Klasse 1941. No. I. Kristiania 1942, s. 113.

[6] Anna Helga Hannesdóttir, „Some different factors in phonological variation: The case of Icelandic rl/rn", *The Nordic Languages and Modern Linguistics* 7. *Proceedings*

fyrir því að í áhersluleysi sé *dn*-framburður á *rn* almennur. Ritunina 'nn' fyrir *rn* (*þjófannir*) megi þá skýra með því að þar hafi orðið síðari tíma samlögunarbreyting (*rn* [tn] > *n(n)* [n(:)]) sem hafi síðan gengið til baka í nútímamáli.

Nokkur dæmi eru um slíka ritun í Nýja testamenti Odds Gottskálkssonar og hún er algeng í Guðbrandsbiblíu á 16. öld.[1] Sama má segja um Kvæðabók séra Gissurar Sveinssonar frá 17. öld en þar koma fyrir dæmi eins og 'brvdinnar' (fyrir *brúðirnar*) og 'þiöfanner' (fyrir *þjófarnir*).[2] Í bréfum Jóns Vídalíns eru einnig tvö dæmi um þessa táknun, 'stefnunnar' (fyrir *stefnurnar*) og 'Þőranne' (fyrir *Þórarni*).[3] Þessi samfallsframburður var algengur á Suðurlandi á fyrri helmingi 20. aldar.[4] Jón Helgason segir að hann hafi náð yfir samfellt svæði frá Rangárvallasýslu til Mýrasýslu á fyrri hluta 20. aldar.[5]

Í Landsnefndarbréfunum koma fyrir samlögunarmyndir (*nn*) af þessu hljóðasambandi í bréfi frá séra Vigfúsi Jónssyni í Hítardal en Mýrasýsla var einmitt ystu mörk þessa framburðar til vesturs samkvæmt Jóni Helgasyni. Í bréfi Vigfúsar koma fyrir allmörg dæmi um þessa hljóðbreytingu:[6]

of the Seventh International Conference of Nordic and General Linguistics in Tórshavn, 7–11 August 1989 (1992), s. 134.

1 Sjá: Jón Helgason, *Málið á Nýja testamenti Odds Gottskálkssonar*, s. 44; Oskar Bandle, *Die Sprache der Guðbrandsbiblía*, s. 160–161.

2 Jón Helgason, *Kvæðabók séra Gissurar Sveinssonar. AM 147, 8vo*. Íslenzk rit síðari alda. 2. flokkur. Ljósprentanir. 2. bindi B. Kaupmannahöfn 1960, s. 38.

3 Svavar Sigmundsson, Málið á „Stutt og Einfølld Undervisun", s. 97.

4 Jón Helgason, *Kvæðabók séra Gissurar Sveinssonar*, s. 38: „Frá síðari tímum er þvílík samlögun helzt kunn af Suðurlandi, en ókunnugt hve víðtæk hún hefur verið á 17du öld."; *Árnessýsla. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839–1843 og lýsing Ölfushrepps anno 1703 eftir Hálfdan Jónsson*. Svavar Sigmundsson gaf út. Reykjavík 1979: „Jakob Árnason skrifar *rn* f. *nn*, t. d. *eirnig* f. *einnig* (bls. 57), en líka *nn* f. *rn*, *eyrannar* f. *eyrarnar* (bls. 55), og er sá rithátur í samræmi við framburð sunnanlands."

5 Jón Helgason, *Málið á Nýja testamenti Odds Gottskálkssonar*, s. 44.

6 Táknunin I + blaðsíðutal aftan við dæmi, t.d. *stæðsti* (I 287), vísar til 1. bindis þessarar útgáfu og bréfa almennings: *Landsnefndin fyrri 1770–1771* I. Táknunin II + blaðsíðutal aftan við dæmi, t.d. *stæðsta* (II 293), vísar til þessa bindis og bréfa presta og prófasta: *Landsnefndin fyrri 1770–1771* II. *Bréf frá prestum. Den islandske Landkommission 1770–1771* II. *Breve fra præster*. Ritstj. Hrefna Róbertsdóttir og Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir. Reykjavík 2016.

Séra Vigfús Jónsson í Hítardal [án dags. 1770/1771]. Lit. OO

biskupannir (II 241), *innbyggjarannir* (II 241), *innbyggjarannir* (II 241), *biskupannir* (II 242), *innbyggjarannir* (II 243), *vetunnar* (II 244), *kóngannir* (II 245), *kóngannir* (II 245), *innbyggjarannir* (II 253), *innbyggjarannir* (II 253)

Ég hef ekki getað fundið dæmi um þessa hljóðbreytingu í öðrum bréfum til Landsnefndarinnar fyrri, hvorki á kjarnasvæði þessa framburðar né annars staðar, heldur er alltaf ritað 'rn', t.d. *fóvetarnir* 'fovetarner' (I 285, Hreppstjórar í Mosfellssveit, Kjós.), *bátarnir* 'Bätarner' (I 302, Kotungar í Kjalarnesi, Kjós.), *tollatakararnir* 'Tollatakararner' (I 410, „Konungsundirsátar" í Húnavatnssýslu, Hún.). Hér hefur rithefð líklega haft sitt að segja um að ekki finnast fleiri dæmi um 'nn'-ritun *rn* í bréfunum. Stafsetning er íhaldssöm og oft birtast hljóðbreytingar ekki í riti fyrr en löngu eftir að þær hafa orðið.

Innskots-ð í efsta stigi af lo. hár, stór *og* fár

Dæmi eru um það á 16. öld að *ð* sé skotið inn í efsta stig lýsingarorðsins *hár*, þ.e. *hæðstur*, líklega fyrir áhrif frá nafnorðinu *hæð* og efstastigsmyndum eins og *síðstur*.[1] Á síðari öldum er slík áhrifsbreyting einnig algeng í efsta stigi lýsingarorðsins *stór*, þ.e. *stæðstur*. Í Nýja testamenti Odds Gottskálkssonar kemur t.d. fyrir dæmið 'hædzta'og í Guðbrandsbiblíu eru einnig dæmi um slíka ritun, t.d. 'hædste', 'stædstu', 'ydsta' (= *ysta*) þótt upprunalegar myndir án *ð* séu algengari.[2] Þessi ritháttur var algengur á 17. og 18. öld.[3] Allmörg dæmi eru í Ævisögu Jóns Steingrímssonar frá lokum 18. aldar um *ð* í efsta stiginu *hæðstur*, t.d. *hæðsta* 'hædsta' 35, *hæðstur* 'hædstur' 58. Eitt dæmi er einnig þar um *ð* í efsta stigi af lo. *stór*: *Stæðstu* 'stædstu' 344.[4] Al-

[1] Sjá: Björn K. Þórólfsson, *Um íslenskar orðmyndir á 14. og 15. öld og breytingar þeirra úr fornmálinu. Með viðauka um nýjungar í orðmyndum á 16. öld og síðar.* Reykjavík 1925, s. 90; Oskar Bandle, *Die Sprache der Guðbrandsbiblía*, s. 119.

[2] Sjá: Jón Helgason, *Jón Ólafsson frá Grunnavík*, s. 29; Oskar Bandle, *Die Sprache der Guðbrandsbiblía*, s. 119.

[3] Björn K. Þórólfsson, *Um íslenskar orðmyndir á 14. og 15. öld*, s. 90.

[4] Jóhannes B. Sigtryggsson, *Málið á Ævisögu Jóns Steingrímssonar*, s. 79–80.

gengust er þó þar upprunaleg mynd (t.d. *stærsti* 'stærste' 14, *stærstu* 'stærstu' 34) og skýrist það líklega frekar af íhaldssemi í stafsetningu en að Jón hafi haft tvenns konar framburð, með og án *ð*, á slíkum orðum. Konráð Gíslason víkur að þessum framburði í *Fjölni* árið 1845 og mælir með því að *ð* sé sleppt í ritun: „*hærsti* […] er hvorki ritað eptir framburði nje uppruna: menn segja hæðsti, — en meginhluti orðsins er há, og eptir því á að rita hæsti." Í nútímaíslensku er framburður með [ð] í efsta stigi þessa lýsingarorðs allalgengur í talmáli.[1]

Í Landsnefndarbréfunum koma fyrir allmörg dæmi frá öllum landshlutum um *ð* í efstastigsmyndum af *hár* og *stór*.

Innskots-ð í bréfum til Landsnefndarinnar fyrri

Gullbringusýsla: *hæðst* (I 211), *stæðstu* (I 212), *stæðstu* (I 214), *stæðstu* (I 228), *hæðstu* (I 230), *stæðsta* (I 230), *Hæðstvirðandi* (I 251), *stæðstu* (I 256), *hæðstvirðandi* (I 256), *stæðsta* (I 276), *stæðstu* (I 277), *hæðst* (I 277)

Kjósarsýsla og Borgarfjarðarsýsla: *stæðsti* (I 287), *stæðstu* (I 288), *stæðsti* (I 290), *stæðstu* (I 290), *stæðsta* (I 290), *stæðsta* (I 291), *stæðstu* (I 303), *stæðstu* (I 306), *stæðsti* (I 328), *stæðstu* (I 337), *stæðsta* (I 341), *stæðstu* (I 364), *stæðstu* (I 383), *stæðstu* (I 394), *stæðstu* (I 403), *stæðstu* (I 407)

Snæfellsnes-, Hnappadals- og Ísafjarðarsýsla: *stæðsta* (II 293), *hæðstnefndar* (II 293), *stæðsta* (II 295), *stæðsta* (II 295), *stæðsta* (II 296), *hæðsti* (II 296), *Stæðsti* (II 334)

Skagafjarðarsýsla: *stæðstu* (I 415), *stæðstu* (I 415), *stæðstu* (I 416), *stæðstu* (I 416), *stæðstu* (I 416), *stæðstu* (I 416), *stæðstu* (I 417), *stæðstu* (I 420), *stæðsta* (I 423), *hæðst* (I 424), *stæðstu* (I 426), *stæðstu* (I 484), *stæðsta* (I 506), *hæðsta* (I 506), *hæðsta* (I 507), *stæðstu* (I 512), *stæðstu* (I 515)

Eyjafjarðarsýsla: *hæðstu* (I 529), *stæðstu* (I 535), *stæðsta* (I 536), *hæðst* (I 537), *stæðstu* (I 560), *stæðstu* (I 560), *stæðstu* (I 561), *stæðstu* (I 561), *stæðstu* (I 561), *stæðsti* (I 591), *hæðst* (I 591), *stæðstu* (I 601)

Múlasýslur og Skaftafellssýslur: *hæðst* (II 442), *hæðst* (II 470)

[1] Konráð Gíslason, „Ritdómur um Ágrip af merkis atburdum Mannkyns Sögunnar, í þýðingu Páls Melsteðs", *Fjölnir* 8 (1845), s. 62.

Árnessýsla: *stæðstu* (I 613), *stæðstu* (I 619), *stæðstu* (I 632), *hæðstvirðandi* (I 644), *hæðstur* (I 645), *stæðstu* (I 645), *hæðstvirðandi* (I 645), *stæðsta* (I 664), *stæðsta* (I 668), *stæðsta* (I 668)

Auk þessara nýju mynda koma fyrir allmörg dæmi um upprunalegar myndir í efsta stigi af *stór* og efstastigsstofnarnir *hæst-* og *hærst-* af *hár*:

Upprunalegar orðmyndir án ð í bréfum til Landsnefndarinnar fyrri

---

Gullbringusýsla: *Stærstu* (I 177), *stærstur* (I 182), *hærst* (I 183), *stærstu* (I 248)
Kjósarsýsla: *stærstu* (I 306), *stærstu* (I 307 (2 dæmi))
Borgarfjarðarsýsla: *stærstu* (I 322), *stærstu* (II 223)
Mýrasýsla: *hæstnefnds* (II 244), *hæstnefndri* (II 246), *hæstnefnda* (II 246)
Ísafjarðarsýsla: *stærsta* (II 326), *stærstu* (II 327), *stærsta* (II 333)
Húnavatnssýsla: *stærsta* (I 410), *stærstu* (II 360), *stærstu* (II 365 (2 dæmi)), *stærstu* (II 379), *hærst* (II 409), *stærstu* (II 410)
Skagafjarðarsýsla: *stærsta* (I 441), *stærsta* (I 451)
Eyjafjarðarsýsla: *stærsta* (I 537), *stærstu* (I 537)
Þingeyjarsýsla: *hærsta* (I 563), *hærst* (I 572), *stærsta* (I 572), *stærstu* (I 579)
Múlasýslur: *stærsta* (II 420), *hærsta* (II 430), *hærst* (II 430), *stærsta* (II 431), *stærstu* (II 431)
Skaftafellssýslur: *stærsta* (II 465 (2 dæmi))
Rangárvallasýsla: *stærsta* (II 483), *hærst* (II 488), *stærstu* (II 493), *hærst* (II 501), *hærst* (II 515), *Hærstvirðandi* (II 525), *stærstu* (II 528)
Árnessýsla: *stærstu* (I 637), *stærstu* (I 659), *stærsta* (II 546)

Framangreind dæmi um *ð* í efsta stigi af *hár*, *stór* í Landsnefndarbréfunum passa við það sem sagt var hér að framan um að slíkar myndir hefðu verið algengar á 17. og 18. öld.

Í Landsnefndarbréfunum koma auk þess fyrir tvö dæmi um *ð* í efsta stigi lýsingarorðsins *fár*: *fæðstir* (II 421), *fæðstir* (II 459). Fyrra dæmið er í bréfi úr Múlasýslu rituðu af séra Halldóri Gíslasyni á Desjarmýri í Borgarfirði eystra. Síðara dæmið er úr bréfi presta í A-Skaftafellssýslu. Ég hef ekki getað fundið aðrar heimildir annars staðar um slíkar efstastigsmyndir með *ð* af *fár*. Þessi dæmi í Landsnefndarbréfunum

sýna að innskots-ð í efsta stigi lýsingarorða hefur ekki einskorðast við *hár* og *stór* á þessum tíma heldur hefur einnig getað komist inn í efsta stig annarra lýsingarorða eins og *fár*.

BEYGINGARBREYTINGAR

Merki um ýmis athyglisverð atriði í beygingum sjást í Landsnefndarbréfunum. Fyrst er fjallað hér um r-myndir í beygingu lýsingarorða sem enda á *-ll/-nn* (*einnri*, *gamallrar*) og tilgreind athyglisverð dæmi um áframhaldandi þróun slíkra mynda í bréfunum (*miklri*). Einnig er stutt umfjöllun um samdráttarmyndir (*nokkra*, *annra*, *þessra*) af fornöfnunum *nokkur*, *annar* og *þessi*. Því næst er fjallað um endingar þriðju persónu fleirtölu viðtengingarháttar í þátíð. Fjöldi dæma um hina fornu endingu *-i* í bréfum til Landsnefndarinnar fyrri virðist sýna að hún hafi verið algengari á þessum tíma en áður hefur verið talið. Að lokum rek ég sögu endinga fyrstu persónu fleirtölu í miðmynd en ýmsar endingar hennar koma fyrir í bréfunum (*-unst*, *-ustum*, *-unstum*, *-ust*, *-umst*). Slík fjölbreytni miðmyndarendinga áður en eitt form (*-umst*) var staðlað fyrir áhrif málhreinsunar á 19. og 20. öld er í samræmi við 18. aldar rit eins og Ævisögu Jóns Steingrímssonar.

Lýsingarorð sem enda á -ll/-nn

Hjá einkvæðum og tvíkvæðum *a-/ō*-stofna lýsingarorðum sem enda á *-ll* (t.d. *gamall*) og einkvæðum lýsingarorðum sem enda á *-nn* (t.d. *hreinn*) hefur í seinni tíma íslensku orðið sú áhrifsbreyting að *-r-* hefur verið tekið upp í endingum þgf./ef. et. kvenkyni og í ef. ft. allra kynja, t.d. *hreinnri*, *hreinnrar*, *hreinnra*, fyrir áhrif frá öðrum *a-/ō*-stofna lýsingarorðum þar sem *-r-* féll aldrei saman við stofninn, t.d. þgf./ef. et. kvk. og ef. ft. *spakri*, *spakrar*, *spakra*. Jón Axel Harðarson skýrir þetta þannig að eftir að framburður *nn* ([nː]) og *ll* ([lː]) í áherslu breyttist í [tn] og [tl] á 14. öld hafi beygingarfræðileg greining stofns og endingar í einkvæðum lýsingarorðum orðið óskýr.[1] Eftir breytinguna hafi ekki lengur verið hægt að greina myndir eins og *beinni* [peitnɪ] og *hálli* [hautlɪ] sem samlögunarmyndir með *-n-ni*, *-l-li* í stað **-n-ri*,

[1] Jón Magnússon, *Grammatica Islandica*, s. xlviii.

*-*l-ri*.[1] Þess vegna hafi ending þeirra verið endurgerð og komið upp myndir eins og *beinnri* (þgf. et. kvk. af lo. *beinn*). Þetta skýrir af hverju engin dæmi eru um r-myndir (**fyndinnri*) í tvíkvæðum lo. sem enda á *nn* eins og *fyndinn*. Ekki var þörf á að endurtúlka greiningu stofns og endingar hjá slíkum lýsingarorðum því að framburður áhersluléttts *nn* breyttist ekki.

Á f.hl. 16. aldar eru myndir með *-r-* orðnar nokkuð algengar og enn frekar eftir miðja 16. öld.[2] Á 17. og 18. öld eru þær orðnar algengari en upprunalegar myndir og eru t.d. einhafðar hjá Runólfi Jónssyni og Jóni Magnússyni.[3] Við lok 18. aldar koma þó fyrir dæmi um orðmyndir án *-r-*, t.d. *heilli* (þgf. et. kvk.) í bók Ólafs Stephensens *Stutt Undirvísun í reikningslistinni* frá 1785.[4] Fyrir áhrif málhreinsunar verða þessar upphaflegu myndir aftur ofan á á 19. öld.[5] Í talmáli í nútímaíslensku, a.m.k. fram á f.hl. 20. aldar, var þessi nýja beyging með *-r-* hins vegar enn lifandi.[6] Í töluðu máli flestra núna og almennt í rituðu máli er upprunalegri beygingu þessara lýsingarorða nú fylgt.

Í Ævisögu Jóns Steingrímssonar eru oftast r-myndir í beygingu þessara lýsingarorða, t.d. *lítillri* 'litillre' 16, *hreinnri* 'hreirnre' 57, *einnri* 'eirnre' 118, *gamallri* 'gamallre' 237, og er greinilegt að þannig hefur Jón beygt orðin.[7] Allmörg dæmi eru þó einnig um það í Ævisögunni að *r* sé ekki táknað í beygingu lýsingarorða af þessum flokki, t.d. *einni* 'eirne' 50, *hreinni* 'hreirne' 101.

1 Stjarna (*) táknar endurgerða mynd.

2 Sjá: Björn K. Þórólfsson, *Um íslenskar orðmyndir á 14. og 15. öld*, s. 88; Jón Helgason, *Jón Ólafsson frá Grunnavík*, s. 29; Oskar Bandle, *Die Sprache der Guðbrandsbiblía*, s. 119.

3 Sjá Björn K. Þórólfsson, *Um íslenskar orðmyndir á 14. og 15. öld*, s. 88.

4 Sjá Kjartan G. Ottósson, „An Archaising Aspect of Icelandic Purism: the Revival of Extinct Morphological Patterns", *The Nordic Languages and Modern Linguistics 6. Proceedings of the Sixth International Conference of Nordic and General Linguistics in Helsinki, August 18–22*, 1986. Ritstj. Pirkko Lilius & Mirja Saari. Helsinki 1987, s. 317.

5 Um sögu lýsingarorða af þessum flokki og áhrif málhreinsunar á 19. og 20. öld á beygingu þeirra sjá Halldóra Kristinsdóttir, Heillri, gamallrar, beinnra. Um r-myndir lýsingarorða sem enda á *-ll* og *-nn*. MA-ritgerð í íslensku við Háskóla Íslands 2012.

6 Sjá: Valtýr Guðmundsson, *Islandsk grammatik. Islandsk nutidssprog*. København 1922, s. 87; Finnur Jónsson, *Málfræði íslenzkrar túngu og helstu atriði sögu hennar í ágripi*. Kaupmannahöfn 1908, s. 87.

7 Jóhannes B. Sigtryggsson, *Málið á Ævisögu Jóns Steingrímssonar*, s. 166–170.

Í Landsnefndarbréfunum er einnig allalgengt að *r* sé í slíkum föllum (samtals 34 dæmi). Eftirfarandi dæmi koma fyrir í bréfunum, flokkuð eftir sýslum:

Orðmyndir með r *í bréfum til Landsnefndarinnar fyrri*

Gullbringusýsla: *einnrar* (I 246), *einnrar* (I 248), *einnri* (II 208)
Kjósarsýsla: *einnri* (I 306)
Mýrasýsla: *gamallri* (II 244)
Ísafjarðarsýsla: *neinnri* (II 319), *einnri* (II 331), *einnri* (II 336), *lítillri* (II 336), *einnri* (II 336), *einnri* (II 336), *einnri* (II 341). Öll dæmin eru úr bréfum séra Guðlaugs Sveinssonar á Kirkjubóli.
Húnavatnssýsla: *gamallri* (I 382), *lítillri* (I 398), *einnri* (I 402), *gamallri* (II 363), *gamallri* (II 391)
Skagafjarðarsýsla: *neinnri* (I 425), *gamallri* (I 441), *gamallri* (I 452), *gamallri* (I 452), *gamallri* (I 500), *gamallri* (I 506), *gamallri* (I 512), *gamallri* (I 513), *gamallri* (I 513)
Þingeyjarsýsla: *gamallri* (I 557)
Múlasýslur: *einnri* (II 438), *seinnrar* (II 439)
Skaftafellssýslur: *grænnri* (II 466), *lítillra* (II 469)
Rangárvallasýsla: *einnrar* (II 489), *hreinnrar* (II 504), *heillrar* (II 527)

Það er athyglisvert að mjög fá dæmi eru um nýju beyginguna í bréfum frá Norðurlandi austan Skagafjarðar (ekkert dæmi úr Eyjafjarðarsýslu og aðeins eitt úr Þingeyjarsýslu).

Í Landsnefndarbréfunum koma einnig fyrir samtals 23 dæmi um myndir án *r* af þessum lýsingarorðum og eru þau úr flestum sýslum landsins:

Orðmyndir án r *í bréfum til Landsnefndarinnar fyrri*

Gullbringusýsla: *einni* (I 252), *einni* (I 262)
Borgarfjarðarsýsla: *einni* (II 229)
Ísafjarðarsýsla: *hreinni* (II 318)
Húnavatnssýsla: *lítilli* (I 333), *einni* (I 383), *gamalli* (I 387), *einni* (I 389), *einni* (II 410)
Skagafjarðarsýsla: *einni* (I 451), *mikilli* (I 459)

Eyjafjarðarsýsla: *einni* (I 528)
Þingeyjarsýsla: *gamalli* (I 560), *allmikilli* (I 561), *gamallar* (I 561), *einni* (I 575)
Múlasýslur: *einni* (II 420), *einni* (II 429)
Rangárvallasýsla: *einni* (I 592), *einni* (I 599), *einni* (II 526)
Árnessýsla: *mikilli* (I 668), *einni* (II 543)

Á 17. öld varð frekari þróun lýsingarorða af þessum flokki og upp komu samdráttarmyndir í tvíkvæðum lýsingarorðum af þessum stofni, t.d. *litlri* fyrir *lítillri* og *gamlrar* fyrir *gamallrar*. Í ritmálssafni Orðabókar Háskólans er t.d. eftirfarandi dæmi frá 17. öld: „En að yfirstaðinni hvíld og hressingu teknri, stóðu þeir upp á sínar fætur.“[1] Deilt er um hvernig slíkar myndir urðu til. Björn K. Þórólfsson og Kjartan G. Ottósson telja að þær hafi orðið til við samdrátt í framburði.[2] Jón Axel Harðarson telur hins vegar að þar sem engin dæmi séu um myndir eins og **drukkin(n)ri*, sem væri nauðsynlegt forstig, sé líklegra að þetta séu áhrifsmyndir myndaðar eftir þorra lýsingarorða með einkvæðum stofni samkvæmt eftirfarandi hlutfallsjöfnu: *rík-ir*, *rík-a*, *rík-ar* : *rík-ri*, *rík-rar*, *rík-ra* = *drukkn-ir*, *drukkn-a*, *drukkn-ar*; *gaml-ir*, *gaml-a*, *gaml-ar* : X = *drukkn-ri*, *drukkn-rar*, *drukkn-ra*; *gaml-ri*, *gaml-rar*, *gaml-ra* og er það sennileg skýring á þessum myndum.[3]

Í bréfum til Landsnefndarinnar koma fyrir fjögur dæmi um slíkar myndir í beygingu lýsingarorða af þessum flokki, þrjú í bréfum almennings en eitt í bréfi prests:

---

miklra (et. ft. hk. af *mikill*)(I 261, Hjábúðarmenn í Grindavík, Gull.)
miklri (þgf. et. kvk. af *mikill*)(I 382, Hreppstjórar í Vatnsdal, Hún.)
gamlri (þgf. et. kvk. af *gamall*)(I 649, Hreppstjórar og bændur á Skeiðum, Árn.)
opnri (þgf. et. kvk. af *opinn*)(II 331, séra Guðlaugur Sveinsson á Kirkjubóli, Ísafj.).

Það er einnig annað dæmi í bréfunum sem virðist benda til svipaðrar

[1] *Munnmælasögur 17. aldar*. Bjarni Einarsson bjó til prentunar. Reykjavík 1955, s. 9.
[2] Sjá: Björn K. Þórólfsson, *Um íslenskar orðmyndir á 14. og 15. öld*, s. 88; Kjartan G. Ottósson, „An Archaising Aspect of Icelandic Purism“, s. 316.
[3] Jón Magnússon, *Grammatica Islandica*, s. xlviii–xlix (nmgr. 90).

áhrifsbreytingar: *fullkomniri* 'fullkomnere' (þgf. et. kvk.)(I 262, Hjábúðarmenn í Grindavík, Gull.). Sennilegt er að ritháttur dæmisins standi fyrir myndina *fullkomnri*. Það rennir stoðum undir það að í sama bréfi kemur fyrir annað samdráttardæmi (*miklra*, I 261) eins og sést hér að framan.

Í bréfum til Landsnefndarinnar koma því bæði fyrir dæmi um r-myndir í beygingu lýsingarorða af þessum flokki (*neinnri*, *gamallri*) og samdráttarmyndir með innskots-*r* (*miklri*, *opnri*). Í máli sumra bréfritara hafa áhrifsbreytingar hjá slíkum lýsingarorðum því gengið mjög langt. Eins og kom fram að framan hafa slíkar myndir síðan nær alveg horfið aftur úr málinu fyrir áhrif málhreinsunar.[1] Gera mætti ráð fyrir að myndir eins og *opnri*, sem gerbreyta beygingu lýsingarorða af þessum flokki, fyndust frekar í máli almennings en presta eða annarra menntaðra stétta á þessum tíma því að mál hans hafi ekki verið undir eins miklum áhrifum ritmálsstöðlunar. Það styður þá kenningu að tvö af fimm dæmum um slíkar samdráttarmyndir (*miklra*, *fullkomniri*) koma fyrir í bréfi hjábúðarmanna í Grindavík.

Samdráttarmyndir í beygingu fornafna

Ekkert brottfall sérhljóðs var í beygingu fornafnsins *nǫkkurr* (*nekkverr*, *nakkvarr*) í forníslensku, t.d. á undan endingu sem hófst á sérhljóði, heldur hélst stofninn *nǫkkur-* í öllum myndum.[2] Í seinni alda máli komu hins vegar upp brottfallsform á undan endingum sem hefjast á sérhljóði þannig að stofninn varð þar *nokkr-/nökkr-*, t.d. *nokkrir*. Í Guðbrandsbiblíu verður slíkt brottfall langoftast, t.d. 'nockra Daga' (þf. ft.) I Mos 40[4].[3] Síðari sérþróun hefur hins vegar orðið í þgf. et. kvk., ef. et. kvk. og ef. ft. Búast mætti þar við samdráttarmyndum því að ending þeirra hefst á sérhljóði (*nokkri*, *nokkrar*, *nokkra*). Á síðari

[1] Björn K. Þórólfsson, *Um íslenskar orðmyndir á 14. og 15. öld*, s. 88: „Nú er þessi samdráttur alveg að hverfa fyrir áhrif bókmálsins, aftur er algengt enn þá, að skjóta inn r-i, þótt rangt sje talið að rita svo."

[2] Sjá: Adolf Noreen, *Altnordische Grammatik I. Altisländische und altnorwegische Grammatik (Laut- und Flexionslehre) unter Berücksichtigung des Urnordischen.* 4. útg. Halle a.S. 1923, s. 321–322; Hreinn Benediktsson, „The Modern Icelandic Indefinite Pronouns *nokkur* and *nokkuð*", *Linguistic Studies, Historical and Comparative.* Ritstj. Guðrún Þórhallsdóttir o.fl. Reykjavík 2002, s. 481.

[3] Oskar Bandle, *Die Sprache der Guðbrandsbiblía*, s. 369.

öldum koma hins vegar bæði fyrir samandregnar og ósamandregnar myndir af þessum föllum. Hreinn Benediktsson telur að ósamandregnu myndirnar *nokkur(r)i*, *nokkur(r)ar*, *nokkur(r)a* megi annaðhvort skýra með því að upphafleg form hafi alltaf haldist í málinu eða nýjar áhrifsmyndir verið myndaðar eftir fyrirmynd lýsingarorða eins og *gamall* (þgf. et. kvk. *gamalli*).[1] Í Ævisögu Jóns Steingrímssonar eru dæmi um samdráttarmyndir eins og *nokkri* (þgf. et. kvk.) 46 og *nokkra* (ef. ft.) 64.[2] Í nútímamáli hafa ósamandregnar myndir þessara falla verið staðlaðar.[3] Þegar í málfræði Jóns Magnússonar á 18. öld er það sú beyging fornafnsins sem sýnd er, þ.e. *nokkurri*, *nokkurrar*, *nokkurra*.[4]

Í Landsnefndarbréfunum eru tíu dæmi um slíkar samdráttarmyndir og þau eru ívið algengari en ósamandregin form (fimm dæmi):

Samdráttarmyndir af nokkur *í bréfum til Landsnefndarinnar fyrri (í þgf. et. kvk., ef. et. kvk., ef. ft.)*

þgf. et. kvk.
nokkri (I 451, Skag.), *nokkri* (II 526, Rang.)

ef. et. kvk.
nokkrar (I 366, Hún.), *nokkrar* (I 370, Hún.), *nokkrar* (I 382, Hún.), *nokkrar* (II 334, Ísafj.), *nokkrar* (II 339, Ísafj.)

ef. ft.
nokkra (I 587, Rang.), *nokkra* (II 336, Ísafj.), *nokkra* (II 515, Rang.)

Ósamandregnar myndir af nokkur *í bréfum til Landsnefndarinnar fyrri (í þgf. et. kvk., ef. et. kvk., ef. ft.)*

þgf. et. kvk.
nokkurri (I 506, Skag.), *nokkurri* (II 373, Hún.)

[1] Sjá: Hreinn Benediktsson, „The Modern Icelandic Indefinite Pronouns *nokkur* and *nokkuð*“, s. 498–500; Jón Magnússon, *Grammatica Islandica*, s. 118.
[2] Jóhannes B. Sigtryggsson, *Málið á Ævisögu Jóns Steingrímssonar*, s. 196–198.
[3] Sjá t.d. Valtýr Guðmundsson, *Islandsk grammatik*, s. 114.
[4] Hreinn Benediktsson, „The Modern Icelandic Indefinite Pronouns *nokkur* and *nokkuð*“, s. 501.

ef. ft.
nokkurra (I 171, Gull.), *nokkurra* (I 185, Gull.), *nokkurra* (II 361, Hún.). Einnig kemur fyrir ósamandregin mynd í nf. ft. kk.: *Nokkurir* (I 625, Árn.)

Það er athyglisvert að einnig má finna dæmi um samdráttarmyndir fornafnanna *annar* og *þessi* í Landsnefndarbréfunum af þessum föllum. Ég hef aðeins fundið tvö dæmi um slíkar myndir í ritmálssafni Orðabókar Háskólans (*annra*[1] (ef. ft.), *þessra*[2] (ef. ft.)) og eru bæði úr Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 18. öld.

Samdráttarmyndir af annar *og* þessi *í bréfum til Landsnefndarinnar fyrri*

---

ef. et. kvk.
annrar (I 462, Þorleifur Claus Brynjólfsson, hreppstjóri í Akrahreppi, Skag.)

ef. ft.
annra (I 424, Hreppstjórar í Sauðárhreppi, Skag.)

ef. et. kvk.
þessrar (I 246, Hreppstjórar og bændur í Hafnahreppi, Gull.), *þessrar* (I 322, Hreppstjórar á Akranesi, Borg.), *þessrar* (I 590, Hreppstjórar og bændur í Landeyjum, Rang.), *þessrar* (I 625, Hreppstjórar og bændur í Stokkseyrarhreppi, Árn.), *þessrar* (II 458, Prestar í Austur-Skaftafellssýslu, Skaft.)

ef. ft.
þessra (I 305, Kjós.), *þessra* (I 307, Hreppstjórar í Kjósarhreppi, Kjós.), *þessra* (II 458, Prestar í Austur-Skaftafellssýslu, Skaft.)

Þessar samdráttarmyndir virðast hugsanlega hafa orðið til fyrir áhrif frá beygingu *nokkur* þar sem sérhljóð í stofni fellur oftast niður á undan endingu sem hefst á sérhljóði.

[1] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. Tíunda bindi. Kaupmannahöfn 1943, s. 115.
[2] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. Ellefta bindi. Kaupmannahöfn 1943, s. 37.

Endingar þriðju persónu fleirtölu viðtengingarháttar

Þegar í elsta máli finnast dæmi um að endingar fleirtölu framsöguháttar séu einnig notaðar í fleirtölumyndum viðtengingarháttar af so. *munu* og *skulu*. Síðar gerist þetta í öðrum sögnum.[1] Upphaflegar endingar í viðtengingarhætti voru *-im* (1. p. ft.), *-ið* (2. p. ft.), *-i* (3. p. ft.), bæði í nútíð og þátíð. Nýjar endingar koma fyrst upp í 1. p. ft. nútíðar og þátíðar og síðan í 2. og 3. p. ft. þátíðar á fyrri helmingi 14. aldar og verða algengar á 15. öld.[2] Gömlu endingarnar hverfa síðan alveg, fyrst í 1. p. ft. nt. og þt.[3]

Breytingar á endingum viðtengingarháttar fleirtölu frá forníslensku til nútímamáls

	nútíð		þátíð	
	forníslenska	nútímaíslenska	forníslenska	nútímaíslenska
1. p. ft.	*-im*	*-um*	*-im*	*-um*
2. p. ft.	*-ið*	*-ið*	*-ið*	*-uð*
3. p. ft.	*-i*	*-i*	*-i*	*-u*

Lengst lifir forn ending viðtengingarháttar í 3. p. ft. þátíðar, þ.e. *-i* (*þeir hefði*). Þar tórir hún langt fram eftir öldum og jafnvel eru enn leifar um hana á fyrri hluta 20. aldar.[4] Björn M. Ólsen segir að við lok 19. aldar finnist þessi gamla ending enn þá í máli alþýðu[5] og Jó-

[1] Sjá Jón Þorkelsson, *Breytingar á myndum viðtengingarháttar í fornnorsku og forníslensku*. Reykjavík 1887, s. 27 o.áfr.

[2] Sjá: Adolf Noreen, *Altnordische Grammatik*, s. 364; Björn K. Þórólfsson, *Um íslenskar orðmyndir á 14. og 15. öld*, s. 55; Jón Þorkelsson, *Breytingar á myndum viðtengingarháttar*, s. 39 o.áfr.

[3] Jón Þorkelsson, *Breytingar á myndum viðtengingarháttar*, s. 63: „Af þeim dœmum, sem til eru fœrð hér að framan, má sjá, að breytingin hefir orðið fyrst í 1. persónu eintölu nútíðar og þátíðar, þar næst í 1. persónu fleirtölu í hinum sömu tíðum og síðast í 2. og 3. persónu fleirtölu í þátíð. Endingin *-im* í 1. persónu fleirtölu virðist vera gjörsamlega horfin úr málinu um árið 1500, og eg ætla, að eg megi fullyrða, að hún finnist eigi í Nýja Testamenti Odds Gottskálkssonar, sem prentað er 1540. Í 3. persónu fleirtölu þátíðar hefir endingin *-i* lengi haldist samhliða við hina nýju endingu *-u*, og finst hún t. d. í vísnabókinni, er prentuð er 1612 […].“

[4] Sjá Björn K. Þórólfsson, *Um íslenskar orðmyndir á 14. og 15. öld*, s. 110.

[5] Björn Magnússon Ólsen, „Zur neuisländischen Grammatik“, *Germania* 27 (1882), s. 277: „Auch durfte der Verf. die Thatsache nicht übergehen, daß die 3. Person Plur.

hannes L.L. Jóhannsson nefnir það einnig.[1] Björn K. Þórólfsson telur að i-endingin hafi lifað einhvers staðar langt fram á 19. öld.[2]

Í bréfum til Landsnefndarinnar fyrri eru allmörg dæmi um upprunalegu endinguna *-i* í 3. p. ft. þt. viðtengingarháttar og er hún almenn ending í ýmsum bréfum. Þessi dæmi sýna að hún hefur verið allalgeng á síðari hluta 18. aldar og kemur fyrir í bréfum frá öllum landshlutum. Í listunum hér fyrir aftan eru dæmin, sem ég hef fundið, flokkuð eftir landshlutum. Þetta er ekki tæmandi listi en gefur vísbendingu um tíðni endingarinnar í bréfunum.

Dæmi um upprunalega endingu 3. p. ft. vh. þt. (-i)
í bréfum til Landsnefndarinnar fyrri

Gullbringusýsla: *kynni* (I 181), *gæti* (I 200), *væri* (I 200 (3 dæmi)), *tæki* (I 211), *fengi* (I 211), *væri* (I 212), *væri* (I 222 (2 dæmi)), *kæmi* (I 229), *lægi* (I 229), *gæti* (I 229), *væri* (I 232), *fengi* (I 234), *mætti* (I 247), *væri* (I 252 (3 dæmi)), *væri* (I 256), *eftirsæi* (I 256), *tilhéldi* (I 256), *væri* (I 275)

Mýrasýsla: *væri* (II 241), *væri* (II 244), *gæti* (II 245), *hefði* (II 249), *tæki* (II 249), *bryti* (II 253). Öll dæmin eru úr bréfi séra Vigfúsar Jónssonar í Hítardal.

Ísafjarðarsýsla: *væri* (II 336), *kynni* (II 337), *uppbyggði* (II 338), *fyrirfyndi* (II 340), *skyldi* (II 340), *hefði* (II 340), *skyldi* (II 341), *tilfélli* (II 341), *gæfi* (II 341), *gæti* (II 342), *kynni* (II 343). Öll dæmin eru úr bréfum séra Guðlaugs Sveinssonar á Kirkjubóli.

Húnavatnssýsla: *gæti* (I 330), *hefði* (I 334), *væri* (I 335), *þyrfti* (I 337), *Gæti* (I 364), *mætti* (I 365), *hefði* (I 366), *þyrfti* (I 366), *léti* (I 366), *mætti* (I 368), *væri* (I 368), *mætti* (I 369), *mætti* (I 369), *mætti*

Prät. Conj. nicht ganz das alte *i* eingebüßt hat, indem man hier zuweilen die alten Formen (*byndi*, *væri*, *fœri* etc.) in der Volkssprache hört."

[1] Jóhannes L.L. Jóhannsson, „Ritfregn um *Islandsk Grammatik. Islandsk Nutidssprog* eftir Valtý Guðmundsson", *Skírnir* 97 (1923), s. 205–213: „Annars má geta þess að höf. forðast ofmjög að geta um fornar beygingarmyndir, sem enn eru þó tórandi í talmáli sumra héraða […] og einkum 3. pers. fl. viðth. í þát. *þeir hefði*, *tæki*, *væri*, *vildi* o. s. frv. sem alloft heyrist í tali og líka tíðkast nokkuð í bókmáli."

[2] Björn K. Þórólfsson, *Um íslenskar orðmyndir á 14. og 15. öld*, s. 110: „Endingin *i* hefur líka lifað í daglegu máli einhversstaðar á [sic] langt fram á 19. öld […]."

(I 370), *hefði* (I 370), *væri* (I 370), *sæi* (I 370), *Væri* (I 371), *væri* (I 387), *væri* (I 399), *hefði* (I 399), *væri* (II 374), *mætti* (II 376), *gæfi* (II 378), *mætti* (II 378), *fengi* (II 392)

Skagafjarðarsýsla: *gæti* (I 424), *væri* (I 424), *væri* (I 425), *tæki* (I 460), *fengi* (I 461), *mætti* (I 461), *slægi* (I 462), *skyldi* (I 473 (2 dæmi)), *mætti* (I 515), *væri* (I 515)

Eyjafjarðarsýsla: *gæti* (I 524), *væri* (I 524 (2 dæmi)), *fengi* (I 524), *væri* (I 537)

Þingeyjarsýsla: *kynni* (I 547), *mætti* (I 548), *gæti* (I 548), *nyti* (I 548), *væri* (I 548), *væri* (I 549), *fengi* (I 551), *fengi* (I 552), *væri* (I 554), *kynni* (I 554), *fengist* (I 554), *setti* (I 554), *væri* (I 573), *kynni* (I 578), *væri* (I 580)

Rangárvallasýsla: *væri* (I 592), *væri* (I 686), *Kynni* (II 483), *væri* (II 518)

Múlasýsla: *hefði* (II 420), *hefði* (II 430), *kynni* (II 450), *hefði* (II 451)

Skaftafellssýslur: *fyndist* (II 459), *væri* (II 464), *mætti* (II 465), *kynni* (II 467), *fengi* (II 468)

Ég hef ekki tekið saman nákvæmt yfirlit yfir fjölda dæma um nýju endinguna *-u* í 3. p. ft. vh. Hún er hins vegar greinilega allmiklu algengari en *-i*.[1]

Nýjar fleirtöluendingar í vh. þt. komu fyrst upp í núþálegu sögnunum *munu* og *skulu* eins og áður sagði. Nýja endingin *-u* er langalgengust í 3. p. ft. vh. af þessum sögnum[2] í Landsnefndarbréfunum en þó koma fyrir fjögur dæmi um i-endingu í 3. p. vh. þt. af so. *skulu* og fjögur af so. *munu*:

[1] Hér eru nokkur dæmi um nýju endinguna úr ýmsum sýslum: *kynnu* (I 181, Gull.), *kynnu* (II 205, Gull.), *væru* (II 220, Borg.), *væru* (II 223, Borg.), *gæfu* (II 241, Mýras.), *hefðu* (II 241, Mýras.), *hefðu* (I 288, Kjós.), *kynnu* (I 290, Kjós.), *væru* (II 318, Ísafj.), *fyndust* (II 342, Ísafj.), *fyndust* (II 361, Hún.), *fengju* (II 392, Hún.), *mættu* (I 415, Skag.), *þyrftu* (I 522, Skag.), *legðu* (I 530, Eyjafj.), *kynnu* (I 535, Eyjafj.), *tækjust* (I 549, Þing.), *mættu* (I 583, Þing.), *væru* (II 419, Múl.), *hefðu* (II 440, Múl.), *mættu* (II 457, Skaft.), *mættu* (II 458, Skaft.), *kynnu* (I 588, Rang.), *tilfyndust* (II 492, Rang.), *mættu* (I 659, Árn.), *væru* (I 659, Árn.) o.s.frv.

[2] Til dæmis: *skyldu* (I 181), *skyldu* (I 275), *skyldu* (II 209) o.s.frv.; *mundu* (I 275), *mundu* (I 425), *mundu* (I 588) o.s.frv.

skyldi (I 473 (2 dæmi))(Laust blað um gjaftolla, Akrahreppi, Skag.), *skyldi* (II 340), *skyldi* (II 341)(séra Guðlaugur Sveinsson á Kirkjubóli, Ísafj.)
mundi (I 369)(Ólafur Jónsson og Bjarni Guðbrandsson, hreppstjórar í Miðfirði, Hún.), *Mundi* (I 399)(Sigurður Þorláksson, hreppstjóri á Gunnsteinsstöðum í Langadal, Hún.), *mundi* (I 528)(Jón Jónsson, bóndi á Efstalandi í Öxnadal, Eyjafj.), *mundi* (I 587)(Bjarni Högnason, bóndi á Tjörnum við Eyjafjöll, Rang.)

Þessar myndir af *munu* og *skulu* með endinguna *-i* benda hugsanlega til þess að í máli þeirra sem notuðu slíkar myndir hafi þessi ending verið lifandi eða virk í máli þeirra og hafi verið alhæfð einnig á þessar núþálegu sagnir þar sem i-endingin var annars löngu horfin úr málinu.

Þessi dæmi sem ég hef fundið í bréfum til Landsnefndarinnar fyrri um fornu endinguna *-i* í 3. p. ft. þt. í viðtengingarhætti benda til þess að hún hafi verið lifandi í máli ýmissa á s.hl. 18. aldar þótt ný ending *-u* hafi komið upp nokkrum öldum fyrr. Aðrar heimildir benda einnig til þess að þessi forna ending hafi verið allalgeng í talmáli á 19. öld og jafnvel fram á 20. öld. Þetta sýnir vel hversu lengi málbreytingar geta verið að ganga yfir og breiðast út og gamlar og nýjar myndir gátu oft lifað lengi saman.

Fyrsta persóna fleirtölu í miðmynd

Í forníslensku var 1. p. ft. miðmyndar með endinguna *-umsk*, t.d. *komumsk*, sem síðar varð *-umz* og *-umst*. Hún breyttist í *-unst* á áratugunum milli 1460 og 1520 og frá um 1500 verður *-ust* einnig algeng ending.[1] Á fyrri hluta 17. aldar kom fram nýtt afbrigði viðskeytisins, *-ustum*, sem fljótt varð meginafbrigði þess eftir það.[2]

Kjartan G. Ottósson segir að snemma á 18. öld fari að sjást merki um áhrif málræktarsjónarmiða á miðmyndarform, ending 1. p. ft. *-umst*, sem var alveg horfin úr málinu, var tekin upp aftur og varð ráðandi ending á 19. öld og síðar.[3] Talið er að Árni Magnússon hafi

[1] Sjá Kjartan G. Ottósson, *The Icelandic Middle Voice. The Morphological and Phonological Development*. Lund 1992, s. 214.
[2] Sjá Kjartan G. Ottósson, *The Icelandic Middle Voice*, s. 219 o.áfr.
[3] Sjá Kjartan G. Ottósson, *The Icelandic Middle Voice*, s. 223.

átt þátt í því að þessi ending var endurvakin en hún hafði horfið úr málinu í byrjun 16. aldar.[1] Elsta dæmið frá síðari öldum um hana er í bréfi árið 1705 frá Árna.[2] Hún virðist ekki hafa breiðst mikið út í talmáli í fyrstu. Það hafði líklega eitthvað að segja um útbreiðslu hennar að Eggert Ólafsson mælti með henni í Réttritabókinni árið 1762.[3]

Algengustu endingar 1. p. ft. miðmyndar á 18. öld voru *-unst*, *-ustum*, *-umst*, *-ust*, *-unstum* (algengustu endingarnar fyrst).[4] Á 19. öld dregur úr notkun *-unst* og endingarnar *-ust* og *-unstum* hverfa alveg. Endingin *-ustum* verður ráðandi í talmáli og *-umst* í ritmáli. Í nútímaíslensku er *-umst* orðin hin almenna ending í tal- og ritmáli þótt *-ustum* heyrist samt í talmáli.[5]

Ýmis dæmi um 1. p. ft. miðmyndar er að finna í Ævisögu Jóns Steingrímssonar. Algengustu endingar eru *-unst* og *-ustum* en einnig koma fyrir *-unstum* og *-ust*.[6] Engin dæmi eru hins vegar um *-umst*. Fjölbreytni í miðmyndarendingum í 1. p. ft. í miðmynd í Ævisögunni er athyglisverð og sýnir að ending þeirrar myndar hefur þá ekki verið jafnstöðluð og í nútímaíslensku.[7]

[1] Sjá: Kjartan G. Ottósson, „An Archaising Aspect of Icelandic Purism“, s. 315; Kjartan G. Ottósson, „Breytingar á persónubeygingu miðmyndar: Málkerfisbreytingar í félagslegu samhengi“, *Íslenskt mál og almenn málfræði* 12–13 (1990–1991), s. 120; Kjartan G. Ottósson, *The Icelandic Middle Voice*, s. 223–225. Árni Magnússon lagaði stafsetningu sína að fornum rithætti í ýmsum atriðum er á leið og tók t.a.m. upp *y*, skrifaði *hver* fyrir *hvör* og *einn* fyrir *eirn*. Sjá Kjartan G. Ottósson, *Íslensk málhreinsun*, s. 23.

[2] Kjartan G. Ottósson, „Breytingar á persónubeygingu miðmyndar“, s. 120: „Árni kenndi skrifurum sínum stafsetningu og þannig breiddist hin endurvakta ending út, m.a. til Jóns Ólafssonar úr Grunnavík. Einnig má ætla að Árni hafi haft áhrif á Jón biskup Vídalín og til þess megi rekja að endingin *-umst* er notuð í frumútgáfu Vídalínspostillu frá 1718. […] Lengst af 18. aldar er endingin *-umst* að mestu leyti takmörkuð við þröngan hóp íslenskra menntamanna sem fást við fornbókmenntir.“

[3] Kjartan G. Ottósson, *Íslensk málhreinsun*, s. 39.

[4] Kjartan G. Ottósson, *The Icelandic Middle Voice*, s. 223.

[5] Sjá: Kjartan G. Ottósson, „Breytingar á persónubeygingu miðmyndar“, s. 121; Kjartan G. Ottósson, *The Icelandic Middle Voice*, s. 227–229; Valtýr Guðmundsson, *Islandsk grammatik*, s. 167–168.

[6] Jóhannes B. Sigtryggsson, *Málið á Ævisögu Jóns Steingrímssonar*, s. 212–215.

[7] Stöðlun máls (e. *codification*, *standardization*) getur til að mynda falið í sér ákvarðanir um samræmi í beygingum. Sjá Ari Páll Kristinsson, „Málræktarfræði“, *Íslenskt mál* 29 (2007), s. 117–118.

Í Landsnefndarbréfunum eru eftirfarandi dæmi um 1. p. ft. í miðmynd. Algengasta endingin er *-unst* (24 dæmi). Næstalgengust er *-ustum* (14 dæmi) og miklu sjaldgæfari eru *-unstum* (2 dæmi), *-ust* (2 dæmi) og *-umst* (2 dæmi).

Endingar 1. p. ft. miðmyndar í bréfum til Landsnefndarinnar fyrri

-unst
þykjunst (I 172, Gull.), *minnunst* (I 198, Gull.), *eyðileggjunst* (I 247, Gull.), *þykjunst* (I 381, Hún.), *dirfunst* (I 421, Skag.), *þykjunst* (I 426, Skag.), *Þykjunst* (I 442, Skag.), *héldunst* (I 442, Skag.), *útörmuðunst* (I 442, Skag.), *búunst* (I 443, Skag.), *beiðunst* (I 498, Skag.), *Finnunst* (I 499, Skag.), *beiðunst* (I 561, Þing.), *beiðunst* (I 561, Þing.), *beiðunst* (I 561, Þing.), *beiðunst* (I 562, Þing.), *beiðunst* (I 562, Þing.), *beiðunst* (I 562, Þing.), *bjóðunst* (I 563, Þing.), *Beiðunst* (I 569, Þing.), *Þykjunst* (I 578, Þing.), *dirfunst* (I 635, Árn.), *dirfunst* (I 663, Árn.), *neyðunst* (II 374, Hún.)

-ustum
þykjustum (I 261, Gull.), *dirfustum* (I 261, Gull.), *finnustum* (I 452, Skag.), *þykjustum* (I 490, Skag.), *finnustum* (I 493, Skag.), *finnustum* (I 579, Þing.), *finnustum* (I 593, Rang.), *dirfustum* (I 599, Rang.), *neyðustum* (I 600, Rang.), *dirfustum* (I 613, Árn.), *dirfustum* (I 619, Árn.), *dirfustum* (I 625, Árn.), *útörmustum* (I 630, Árn.), *dirfustum* (I 653, Árn.)

-unstum
dirfunstum (I 527, Eyjafj.), *þykjunstum* (I 579, Þing.)

-ust
orsökust (I 171, Gull.), *þættust* (I 529, Eyjafj.)

-umst
þykjumst (I 421, Skag.), *þykjumst* (II 390, Hún.)

Það hvaða miðmyndarendingar eru algengastar í bréfum til Landsnefndarinnar er í samræmi við athuganir Kjartans G. Ottóssonar, sem greint var frá hér að framan, um hvaða miðmyndarendingar hefðu verið algengastar á 18. öld. Athyglisvert er að það skuli koma fyrir

dæmi í bréfunum um endurvöktu endinguna *-umst* þótt fá séu. Aðeins eru tvö dæmi um endinguna *-unstum* og eru þau bæði í bréfum frá Norðurlandi. Endingin *-unst* kemur fyrir í öllum landshlutum en virðist vera sérstaklega algeng í Skagafirði og á Norðurlandi. Ending 1. p. ft. miðmyndar er þó sjaldgæf í textum og erfitt að fullyrða nokkuð um dreifingu ólíkra mynda eftir landshlutum.

NIÐURSTÖÐUR

Bréfin sem bárust Landsnefndinni fyrri eru mikilsverð heimild um íslenskt alþýðumál við lok 18. aldar enda er lítið varðveitt frá þessum tíma af skrifum alþýðu. Tökuorð eru greinilega algengari í bréfum presta en almennings. Hvorki eru skýr dæmi um fyrnsku í ritun eða beygingu í bréfum almennings og presta til Landsnefndarinnar fyrri. Ekki eru heldur sjáanleg áhrif málhreinsunar á málið á þeim. Það sést til að mynda á ólíkum endingum í 1. p. ft. miðmynd sem koma fyrir í bréfunum (*-unst*, *-ustum*, *-unstum*, *-ust*, *-umst)*. Endurvakta myndin *-umst*, sem í nútímaíslensku er orðin hin staðlaða mynd, sést varla.

Sumar breytingar, sem fjallað var um hér að framan, voru ekki vel séðar á 19. öld., sbr. ummæli Konráðs Gíslasonar hér að framan um *hæðsti*, og þegar við lok 18. aldar virðast málhreinsunarmenn frekar hafa valið lýsingarorðsmyndir án *-r-* af lýsingarorðum sem enda á *-ll-/-nn-* (sbr. þgf. et. kvk. *heilli* hjá Ólafi Stephensen 1785). Dæmi um r-myndir í beygingu lýsingarorða af þessum flokki (*neinnri*, *gamallri*) og samdráttarmyndir með *-r-* (*miklri*, *gamlri*, *opnri*) eru hins vegar allalgeng í bréfum til Landsnefndarinnar fyrri. Athyglisverð eru einnig dæmi sem koma fyrir í bréfunum um samdráttarmyndir (*nokkri*, *annra*, *þessrar*) af fornöfnunum *nokkur*, *annar* og *þessi* en beyging fornafnsins *nokkur* með ósamandregnum myndum (t.d. *nokkurra*) er þegar í málfræði Jóns Magnússonar frá 18. öld ein sýnd sem hin rétta beyging.

Umfjöllun um tvær málbreytingar í bréfunum auka við fyrri vitneskju um dreifingu þeirra. Dæmi um hljóðbreytinguna *rn* > *nn* (t.d. *biskupannir* f. *biskuparnir*) í bréfum Vigfúsar Jónssonar í Hítardal sýna að þessi framburður hefur tíðkast í Mýrasýslu á 18. öld. Ný ending, *-u*, í þriðju persónu fleirtölu viðtengingarháttar (*kynnu*, *fyndust*) er algengust í bréfunum. Allmörg dæmi eru hins vegar um fornu end-

inguna *-i* (*tilhéldi*, *fengist*) og virðist hún hafa verið algengari á þessum tíma en áður var talið og líklega verið notuð um allt land. Það verður þó að hafa fyrirvara við það vegna ójafnrar landfræðilegrar dreifingar bréfanna.

Í stuttu máli sýna þessar athuganir að meiri tilbrigði voru í máli 18. aldar en í nútímamáli. Nýjar og gamlar myndir gátu lifað saman í málinu og áhrifa málstöðlunar sem fylgdi málhreinsun, skólaskyldu og öðrum þáttum er ekki farið að gæta eins og varð á 19. og 20. öld.

Þær athuganir, sem fjallað var um hér að framan, hafa vonandi veitt innsýn í nokkur atriði í máli alþýðu og presta í bréfum til Landsnefndarinnar fyrri 1770–1771. Margt annað athyglisvert í bréfunum hefði mátt fjalla um. Málið á þeim er kjarnyrt 18. aldar íslenska, framandi nútímamönnum um margt en einnig furðulík.

JÓHANNES B. SIGTRYGGSSON

Det islandske sprog i Landkommissionens breve 1770–1771

Brevene til Landkommissionen 1770–1771 er en vigtig kilde om det islandske sprog i en periode, hvor der ikke findes meget skrevet af almuen. Denne artikel handler om nogle fonetiske og især morfologiske ændringer, som brevene belyser på en ny måde eller udfylder vores viden om. En samlet undersøgelse af sproget i Landkommissionsbrevene må vente til bedre tider.

Men hvordan var islandsk i 1700-tallet? Professor Jón Helgason har beskrevet det således, at sproget aldrig har været så mangfoldigt og broget som dengang.[1] Forskellige strømninger havde kæmpet indbyrdes i århundredet, især sidste halvdel af det, dels et stærkt daniseret sprog og stil, og dels en arkaiserende indflydelse på sprog og ortografi.[2] For islandsk begyndte også en ny epoke ved århundredets slutning, for med Det Islandske Literatur-Selskab og dets skrifter (*Rit þess Islenzka Lærdóms-Lista Felags*), som selskabet udgav i årene 1781–1798, begyndte systematiske puristiske synspunkter at gøre sig gældende i Island, jf. Svavar Sigmundsson: "Det er ikke mindst ind-

[1] Jón Helgason, "Från Oddur Gottskálksson till Fjölnir. Tre hundra års isländsk språkutveckling", *Island. Bilder från gammal och ny tid*. Skrifter utgivna av Samfundet Sverige-Island 1. Lund 1931, s. 42: "Det finnes ingen period i vår historia, där de språkliga förhållanden äro så brokiga som under 1700-talet, i synnerhet dess senare hälft. Å den ena sidan har man det starkast daniserade språk som någon gång skrivits av islänningar. Å den andra sidan ett språk, som imiterar gammalt och föråldrat skrivsätt och uttryckssätt i än högre grad en man tidigare eller senare känner exempel på."

[2] Se: Kjartan G. Ottósson, *Íslensk málhreinsun. Sögulegt yfirlit*. Rit Íslenskrar málnefndar 6. Reykjavík 1990, s. 35–38; Gunnar Sveinsson, *Alþingisbækur Íslands*. Acta comitiorum generalium Islandiæ. XVII. 1791–1800. Reykjavík 1990, s. xiv: "Der var i øvrigt indført forskellige slags arkaiserende sprog i skriftserien *Rit þess íslenzka lærdómslistafélags* 1781ff, og mange brugte den som forbillede."

flydelsen fra dette selskab, som bevirker, at man kan sige, at sproglig purisme er blevet en officiel strømning i landet omkring 1800."[1] Det er derfor en spændende periode i det islandske sprogs historie, og det er interessant, at undersøge almuens og præsternes sprog fra denne tid.

Man har manglet flere undersøgelser af sproget i 1700-tallet for at få et fyldigere billede af islandsk i denne periode.[2] Modsat er der lavet to omfattende beskrivelser af sproget i 1500-tallet, Jón Helgasons undersøgelse af Oddur Gottskálkssons oversættelse af Det Nye Testamente og Oskar Bandles beskrivelse af Guðbrandsbiblía.[3] Fra de allerseneste år kan man dog nævne fx min undersøgelse af sproget i Jón Steingrímssons (1728–1791) selvbiografi fra slutningen af 1700-tallet (skrevet 1778–1783 og 1791), som netop er fra næsten samme periode som brevene til Landkommissionen 1770–1771.[4] Af andre undersøgelser af sproget i 1700-tallet kan nævnes Svavar Sigmundssons ikkepublicerede speciale om sproget i *Stutt og einföld undirvísun um kristindóminn* af biskop Jón Vídalín (1666–1720).[5] Jón Vídalíns skrift er fra første halvdel af 1700-tallet, og Jón Steingrímssons selvbiografi er fra slutningen af århundredet. I Jón Helgasons tillæg til Jón Ólafsson fra Grunnavíks (1705–1779) oversættelse til islandsk af Niels Klim findes der en ret udførlig beskrivelse af sproget i oversættelsen.[6] Jón

[1] Svavar Sigmundsson, "Hreinsun íslenskunnar", *Íslenskt mál og almenn málfræði* 12–13 (1990–1991), s. 127–142.

[2] Se: Svavar Sigmundsson, "Staða rannsókna á máli 18. aldar", *Vefnir. Tímarit félags um átjándu aldar fræði* (1998). *Vef.* http://fraedi.is/kvistur/grein.php?id=688: "Spørgsmålet om, hvorledes situationen er omkring udforskningen af sproget i 1700-tallet, er faktisk let at besvare. Den er temmelig ringe. Mange steder er 1700-tallets sprog og grammatik ganske vist omtalt i enkelte artikler og bøger, men det har ikke været genstand for nogen samlet undersøgelse."

[3] Jón Helgason, *Jón Ólafsson frá Grunnavík*. Safn Fræðafjelagsins um Ísland og Íslendinga 5. Kaupmannahöfn 1926; Oskar Bandle, *Die Sprache der Guðbrandsbiblía. Orthographie und Laute. Formen.* Bibliotheca Arnamagnæana 17. Hafniæ 1956.

[4] Jóhannes B. Sigtryggsson, *Málið á Ævisögu Jóns Steingrímssonar*, Reykjavík 2011.

[5] Svavar Sigmundsson, Málið á "Stutt og Einfølld Undervisun um Christenndomenn" eftir Jón biskup Vídalín, Kaupmannahöfn 1729, með samanburði við nokkur bréf sama höfundar. Stafsetning. Hljóðfræði. Cand.mag.-afhandling ved Háskóli Íslands 1966.

[6] Ludvig Holberg, *Nikulás Klím*. Íslenzk þýðing eftir Jón Ólafsson úr Grunnavík (1745). Red. Jón Helgason. Íslenzk rit síðari alda 3. Kaupmannahöfn 1948.

Ólafsson arkaiserer imidlertid sit sprog ret meget, og man skal derfor være forsigtig med at stole på ham som et vidnesbyrd om det gængse sprog i 1700-tallet.[1]

Den vigtigste grammatik eller samtidige beskrivelse af islandsk i 1700-tallet er Jón Magnússons (1662–1738) *Grammatica Islandica*, som ikke blev udgivet, men er bevaret i håndskriftsform.[2] Professor Halldór Halldórsson mente, at Jón Magnússons grammatik var mere præget af skriftsprog, end man umiddelbart skulle tro. Jón Magnússon var broder til håndskriftsamleren Árni Magnússon.[3]

Eggert Ólafsson (1726–1768) efterlignede gammel ortografi i sine skrifter og prøvede der at finde forbilleder for en retskrivning.[4] Han skrev *Réttritabókin* i 1762, som havde stor indflydelse på ortografien til op i 1800-tallet, selv om den aldrig blev udgivet.[5] Af Jón Ólafsson fra Grunnavík foreligger skriftet *Orthographia Islandica* i håndskriftet AM 435 fol.[6]

Der findes meget leksikografisk materiale fra 1700-tallet.[7] Det vigtigste af det er Jón Ólafsson fra Grunnavíks islandsk-latinske ordbog, bevaret i det egenhændige manuskript AM 433 fol. Jón Helgason: "Den er århundredets mest betydningsfulde og udførlige ordbog og indeholder omfattende viden om folketro, kulturhistorie og litteratur. Hvis der var kommet en acceptabel orden på den, ville ingen betænke

[1] Se Kjartan G. Ottósson, "Den isländska språkhistoriens primärkällor och deras användning", *Nordistiken som vetenskap. Artiklar om ämnets historia, teorier och metoder*. Red. Jan Svensson. Lund 1988, s. 140.

[2] Jón Magnússon, *Grammatica Islandica. Íslenzk málfræði*. Jón Axel Harðarson gaf út með inngangi, þýðingu og athugasemdum. Reykjavík 1997.

[3] Halldór Halldórsson, "Sitthvað um orðið kvistur", *Lingua Islandica – Íslenzk tunga* 4 (1963), s. 70.

[4] Se: Vilhjálmur Þ. Gíslason, *Eggert Ólafsson*. Íslenzk endurreisn 2. Reykjavík 1926, s. 46–48 og 147–174.

[5] Se: Vilhjálmur Þ. Gíslason, *Eggert Ólafsson*, s. 147–167; Sidney Rufus Smith, "Orthographical Criteria in Eggert Ólafsson's 'Réttritabók'", *Scandinavian Studies* 41 (1969), s. 241–242.

[6] Se: Kristín Bjarnadóttir, Aðalsteinn Eyþórsson og Þorsteinn G. Indriðason, "Skrá um íslensk málfræðirit til 1925: Mart finna hundar sjer í holum", *Íslenskt mál og almenn málfræði* 10–11 (1988–1989), s. 186–187; Jón Helgason, *Jón Ólafsson frá Grunnavík*, s. 71–87.

[7] Se: Guðrún Kvaran, "Det attende århundredes islandske leksikografi", *LexicoNordica* 7 (2000), s. 75–90.

sig på at kalde den en af de største islandske videnskabelige bedrifter i 1700-tallet."[1] En anden vigtig ordbog fra 1700-tallet er *Nucleus latinitatis* (Kleyfsi) af biskop Jón Árnason (udgivet 1738), som er genudgivet.[2] Den tredje vigtige ordbog fra 1700-tallet er dernæst *Orðabók. Íslensk-latnesk-dönsk* af Björn Halldórsson (1724–1794), som stort set var færdigredigeret i 1787, selv om den først udkom i 1814.[3]

BREVENE TIL LANDKOMMISSIONEN 1770–1771 PÅ ISLANDSK OG SPROGET I DEM

Af de i alt 183 breve, som indgik til Landkommissionen i 1770–1771, er 100 skrevet på islandsk, og langt de fleste af dem er skrevet af almuen.[4] De er alle sammen undtagen to trykt i 1. og 2. bind af denne udgave. Almuen blev opfordret til at skrive til kommissionen, og reaktionen var positiv, for der indkom i alt 110 breve fra almuen og præsterne i Island.[5] I første bind af udgivelsen trykkes 74 breve fra almuen, alle undtagen et skrevet på islandsk. To tredjedele af brevene fra præsterne, der trykkes i andet bind, er på islandsk, i alt 24 af 36.

1 Se Jón Helgason, *Jón Ólafsson frá Grunnavík*, s. 121. Der er en udførlig behandling af ordbogen i: Guðrún Kvaran, "Úr orðabókarhandriti Jóns Ólafssonar úr Grunnavík", *Íslensk mál og almenn málfræði* 27 (2005), 201–216.

2 Jón Árnason, *Nucleus latinitatis* […]. Ný útgáfa. Orðfræðirit fyrri alda III. Guðrún Kvaran og Friðrik Magnússon sáu um útgáfuna. Reykjavík 1994. Se oversigt over karakteristiske bøjninger i *Nucleus latinitatis* i: Guðrún Kvaran og Friðrik Magnússon, "Inngangur", Jón Árnason, *Nucleus latinitatis*, s. xxii–xxiii.

3 Björn Halldórsson, *Lexicon Islandico-Latino-Danicum Biörnonis Haldorsonii*. Havniæ 1814. Björn Halldórssons ordbog blev genudgivet i 1992: Björn Halldórsson, *Orðabók. Íslensk-latnesk-dönsk*. Red. Jón Aðalsteinn Jónsson. 2. udg. Orðfræðirit fyrri alda 2. Reykjavík 1992. Friðrik Magnússon skrev der om ordforrådet i den. Se: Friðrik Magnússon, "Athugun á orðaforða orðabókar Björns Halldórssonar", Björn Halldórsson. *Orðabók*, s. xxxi–xlv.

4 Man kan se, hvilke breve det er, i "Register over Landkommissionens arkiv", *Landsnefndin fyrri 1770–1771* I. *Bréf frá almenningi. Den islandske Landkommission 1770–1771. Breve fra almuen*. Red. Hrefna Róbertsdóttir og Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir. Reykjavík 2016, s. 49–75. I en særlig spalte angives brevets sprog. I denne artikel henvises herefter kun til bogen og artikler i den med den danske titel.

5 Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir, "Landkommissionen 1770–1771 og dens arbejde", *Den islandske Landkommission 1770–1771* I, s. 96.

Desuden er der to sysselmænd og den islandske landphysicus, som skriver breve på islandsk, og de bliver udgivet i tredje bind af denne udgave.[1] De andre breve fra dem og andre embedsmænd er skrevet på dansk (i alt 71 breve).[2] De 97 breve på islandsk, der er udgivet i 1. og 2. bind af denne udgave, udgør materialet til min undersøgelse. Alle brevene er skrevet af mænd.

Brevene udgør et godt materiale til undersøgelse af 1700-tallets islandsk. Man må dog huske på, at distributionen af brevene fra almuen og præsterne til Landkommissionen er ujævn.[3] Tilsyneladende har det været stærkt afhængigt af Landkommissionens rejser, hvor der kom breve fra,[4] fx findes der næsten ingen breve fra Østlandet, som kommissionen ikke rejste til i sin funktionsperiode.[5] Det er derfor tvivlsomt at udlede for meget om dialektforhold i sproget ud fra antallet af eksempler i brevene. Trods dette er brevene en betydningsfuld kilde om, hvorledes forskellige grupper skriver, især almuen, som der ellers er få kilder om fra denne tid.

Der findes eksempler i almuens og præsternes breve til Landkommissionen på forskellige fonetiske og morfologiske ændringer, som kendes fra andre kilder fra de seneste århundreder, og jeg skal drøfte nogle af dem i det følgende.[6] Min behandling begrænser sig til fonetiske og morfologiske ændringer, og jeg behandler ikke ændringer i

[1] Til denne undersøgelse har jeg ikke medtaget disse tre breve.

[2] Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir, "Landkommissionens arkiv, brevskriverne, hjemsted og sociale status", *Den islandske Landkommission 1770–1771* I, s. 148–149.

[3] Angående brevskrivernes hjemsted se: Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir, "Landkommissionens arkiv", s. 157–161.

[4] Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir, "Landkommissionens arkiv", s. 160: "Som det ses, er det helt typisk, at der næsten udelukkende kommer breve fra almuen fra de steder, hvor kommissionen opholdt sig eller rejste igennem, Sydvestlandet, Árnessyssel og Nordlandet." Nærmere om kommissionsmedlemmernes rejser se: Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir, "Landkommissionen 1770–1771 og dens arbejde", s. 109–114.

[5] Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir, "Landkommissionen 1770–1771 og dens arbejde", s. 115.

[6] Eksempler på nogle bøjningsformer fra de seneste århundreder som kan findes i brevene: *missirs* (I 182), *mælir* (akk. sg.)(I 185), *sauðfjársins* (I 199), *innbyggjendurnar* (I 423), *veturnar* (I 230), *föðursumhyggju* (II 449), *höndur* (akk. pl.)(I 230), *einninn* (I 229), *hvörninn* (I 235), *Hjörtsson* (I 650), *Márstaða* (II 411), *megra* (komp. af adj. *magur*)(I 514), *djúpustu* (sup. af adj. *djúpur*)(I 574), *olla* (= *valda*)(inf.)(I 560), *ollir* (= *veldur*)(præs.) (II 527), *hrökkur* (= *hrekkur*)(præs. af v. *hrökkva*) (I 423).

syntaksen fra denne periode.[1] Hovedvægten i min behandling ligger på de morfologiske ændringer, for der dukker forskellige interessante morfologiske variationer op i 1700-tallets sprog, som har sat sig spor i brevene.

Fonetiske ændringer er ændringer i udtalen af lyd og lydforbindelser. De opdeles i fonematiske ændringer og positionsbestemte lydændringer. De førstnævnte er ændringer af de lyde, der udgør sprogets lydsystem. Eksempler på en sådan ændring er afrundingen af lydene *y*, *ý*, *ey*, som begyndte i anden halvdel af 1300-tallet og førte til, at de faldt sammen med *i*, *í*, *ei*.[2] Positionsbestemte lydændringer er ændringer af lyde i bestemte lydomgivelser. Et eksempel på en sådan ændring er afrundingen af *ö* foran *j*, som viste sig omkring 1600 (*mjög* > *mjeg*, *sjö* > *sje*). I de fleste tilfælde er de oprindelige former imidlertid blevet enerådende igen (*fjögur*), eller der er opstået dobbeltformer (*smjör/smjer*).[3]

De fleste af de mest gennemgribende fonematiske ændringer i islandsk sproghistorie indtraf længe før 1700-tallet. De vigtigste vokalændringer fandt fx sted i 1200- og 1300-tallet.[4] En undtagelse er det såkaldte *flámæli* (sammenfald dels af *i* og *e* og dels af *u* og *ö* i åbne trykstærke stavelser), som var påfaldende sent i 1800-tallet og første del af 1900-tallet, men som blev trængt tilbage ved puristiske indsatser i 1900-tallet.[5] Nogle konsonantændringer, som blev mere påfaldende senere, menes dog at være begyndt i 1700-tallet, fx det såkaldte *linmæli* og kv-udtalen.[6] Jeg har ikke kunnet finde tegn på disse ændringer i originalerne til de breve til Landkommissionen, som jeg har gennemgået, men jeg har heller ikke ledt systematisk efter dem.

Med morfologiske ændringer menes en form for ændring af bøjningen af ord. De kan bestå i, at enkelte kategorier forsvinder (fx du-

[1] Se en oversigt over syntaktiske ændringer i islandsk sproghistorie i Eiríkur Rögnvaldsson, "Setningafræðilegar breytingar í íslensku", *Setningar. Handbók um setningafræði*. Red. Höskuldur Þráinsson. Íslensk tunga III. Reykjavík 2005, s. 602–635.

[2] Guðvarður Már Gunnlaugsson, *Um afkringingu á /y, ý, ey/ í íslensku*. Reykjavík 1994.

[3] Stefán Karlsson, "Tungan", *Íslensk þjóðmenning 6. Munnmenntir og bókmenning*. Red. Frosti F. Jóhannsson. Reykjavík 1989, s. 10–11.

[4] Sjá Stefán Karlsson, "Tungan", s. 7–8.

[5] Jóhannes B. Sigtryggsson, *Málið á Ævisögu Jóns Steingrímssonar*, s. 73–76.

[6] Se: Svavar Sigmundsson, "Staða rannsókna á máli 18. aldar".

alis i islandsk), eller at der opstår flere. I islandsk fra senere tid har morfologiske ændringer som regel bestået i, at enkelte endelser har ændret sig, og visse ord har skiftet endelser eller skiftet køn. Et eksempel på ændring af en bøjningsendelse ses i akk. pl. af maskuline u-stammer, hvor endelsen *-i* erstatter den gamle endelse *-u*, fx akk. pl. *sonu* > *syni* (af *sonur*). De fleste af dem er analogiændringer, ændringer af ordformer efter påvirkning fra andre.[1]

FONETISKE ÆNDRINGER

Af fonetiske ændringer behandler jeg her nærmere dels ændringen *rn* > *nn* i tryksvag stavelse, som menes at være en dialektbunden ændring, og dels en ændring i visse adjektiver hvor der indskydes et *ð* i superlativ, fx *hæstur* > *hæðstur*. Begge disse fonetiske ændringer opstår i yngre islandsk. Behandlingen af den første ændring viser, hvordan brevene til Landkommissionen 1770–1771 muligvis kan være gavnlige for historisk dialektforskning. Den anden ændring (*hæðstur* osv.) er et eksempel på en ændring, som de sproglige purister i 1800- og 1900-tallet bekæmpede.

Tryksvagt rn

Lydforbindelsen *rn* ser ud til at have ændret sig og faldt sammen med *nn* i 1300-tallet (og tilsvarende *rl* og *ll*). Udtalen af den sammenfaldne forbindelse har formentlig været [tn],[2] men efter oprindelig kort vokal beholdt *nn* sin oprindelige udtale, [n:].[3] Det er usikkert, om den normale *rdn*-udtale ([rtn]) af *rn* i moderne sprog er rester af den ældre udtale eller indvirkning fra ortografien, men omvendte skrivemåder som *Orný* for *Oddný* i et brev fra 1300-tallet tyder på, at udtalen af lydforbindelsen på det tidspunkt snarere har været [tn] end [rtn].[4]

[1] En klar behandling af forskellige former for analogiændringer findes hos: Katrín Axelsdóttir, *Sögur af orðum. Sex athuganir á beygingarþróun í íslensku*. Reykjavík 2014, s. 33–41.

[2] Stefán Karlsson, "Tungan", s. 16.

[3] Kantet parentes ([ ]) bruges uden om lydskrifttegn.

[4] Stefán Karlsson, "Tungan", s. 16; Jón Magnússon, *Grammatica Islandica*, s. 253.

I tryksvag stavelse skrives lydforbindelsen *rn* undertiden 'nn' i senere tiders sprog (fx *þjófannir* for *þjófarnir*).[1] De ældste eksempler på disse skrivemåder er fra 1400-tallet.[2] Der er ikke klar forskel på længden af *n* og *nn* i tryksvag stavelse. Anna Helga Hannesdóttir har foretaget en undersøgelse af, i hvilke lydomgivelser det er mest almindeligt i moderne islandsk, at lydforbindelsen *rn* blev udtalt [tn], og hvor [rtn]. Former med *rn* i tryksvag stavelse (*álfarnir*, *konurnar*) fandtes i den gruppe ord, hvor det var mest almindeligt, at *r* forsvandt i udtalen (også i almindelige ord som *hérna*, *barn*).[3] Man kan derfor argumentere for, at *dn*-udtale af *rn* er den normale i trykløs stavelse. Skrivemåden 'nn' for *rn* (*þjófannir*) kan så forklares med, at der i senere tid er sket en assimilation (*rn* [tn] > *n(n)* [n(:)]), som senere er gået tilbage i moderne sprog.

Der findes nogle eksempler på sådan en skrivemåde i Oddur Gottskálkssons Nye Testamente, og den er også almindelig i Guðbrandsbiblía i 1500-tallet.[4] Det samme må siges om Hr. Gissur Sveinssons Kvæðabók fra 1600-tallet, hvor der forekommer eksempler som 'brvdinnar' (for *brúðirnar*) og 'þiöfanner' (for *þjófarnar*).[5] I Jón Vídalíns breve findes der også to eksempler på denne skrivemåde, 'stefnunnar' (for *stefnurnar*) og 'Þőranne' (for *Þórarni*).[6] Denne assimilerede udtale var almindelig på Sydlandet i første halvdel af 1900-tallet.[7] Jón

[1] Enkelte anførselstegn (' ') bruges uden om bogstavrette eksempler fra tekster.

[2] Se M. Hægstad, *Vestnorske maalføre fyre 1350*. II. *Sudvestlandsk. 2. Indre sudvestlandsk. Færøymaal. Islandsk*. Tridje bolken. Skrifter utgitt av Det Norske Videnskaps-Akademi i Oslo. II. Hist.-Filos. Klasse 1941. No. I. Kristiania 1942, s. 113.

[3] Anna Helga Hannesdóttir, "Some different factors in phonological variation: The case of Icelandic rl/rn", *The Nordic Languages and Modern Linguistics 7. Proceedings of the Seventh International Conference of Nordic and General Linguistics in Tórshavn, 7–11 August 1989* (1992), s. 134.

[4] Se: Jón Helgason, *Málið á Nýja testamenti Odds Gottskálkssonar*, s. 44; Oskar Bandle, *Die Sprache der Guðbrandsbiblía*, s. 160–161.

[5] Jón Helgason, *Kvæðabók séra Gissurar Sveinssonar. AM 147, 8vo*. Íslenzk rit síðari alda. 2. flokkur. Ljósprentanir. 2. bindi B. Kaupmannahöfn 1960, s. 38.

[6] Svavar Sigmundsson, Málið á "Stutt og Einfølld Undervisun", s. 97.

[7] Jón Helgason, *Kvæðabók séra Gissurar Sveinssonar*, s. 38: "Fra senere tid kendes denne assimilation mest fra Sydlandet, men det vides ikke hvor udbredt den har været i 1600-tallet."; *Árnessýsla. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839–1843 og lýsing Ölfushrepps anno 1703 eftir Hálfdan Jónsson*. Svavar Sigmundsson gaf út. Reykjavík 1979: "Jakob Árnason skriver *rn* for *nn*, fx *eirnig* for

Helgason siger, at den har strakt sig over et sammenhængende område fra Rangárvallasyssel til Mýrasyssel i første halvdel af 1900-tallet.[1]

I brevene til Landkommissionen forekommer der assimilationsformer (*nn*) af denne lydforbindelse i et brev fra provst Vigfús Jónsson i Hítardalur, og Mýrasyssel var netop den yderste grænse mod vest for denne udtale ifølge Jón Helgason. I Vigfús Jónssons brev forekommer der adskillige eksempler på denne lydændring:[2]

Provst Vigfús Jónsson i Hítardalur [uden dato 1770/1771]. Lit. OO
biskupannir (II 241), *innbyggjarannir* (II 241), *innbyggjarannir* (II 241), *biskupannir* (II 242), *innbyggjarannir* (II 243), *vetunnar* (II 244), *kóngannir* (II 245), *kóngannir* (II 245), *innbyggjarannir* (II 253), *innbyggjarannir* (II 253)

Jeg har ikke kunnet finde eksempler på denne lydændring i andre breve til Landkommissionen 1770–1771, hverken i kerneområdet for denne udtale eller andre steder. Tværtimod skrives der altid 'rn', fx *fóvetarnir* 'fovetarner' (I 285, Repstyrere i Mosfellssveit, Kjós.), *bátarnir* 'Bätarner' (I 302, Bolsmænd på Kjalarnesi, Kjós.), *tollatakararnir* 'Tollatakararner' (I 410, "Kongens undersåtter" i Húnavatnssyssel, Hún.). Her har skrifttraditionen sandsynligvis haft betydning for, at der ikke er flere eksempler på 'nn'-skrivning af *rn* i brevene. Ortografien er konservativ, og det sker tit, at lydændringer ikke viser sig i skrift før længe efter, at de er indtruffet.

Indskudt ð *i superlativ af adj.* hár, stór *og* fár

Der findes eksempler i 1500-tallet på, at der er indskudt et *ð* i superlativ af adjektivet *hár*, altså *hæðstur*, sikkert efter påvirkning fra sub-

einnig (s. 57), men også *nn* for *rn*, *eyrannar* for *eyrarnar* (s. 55), og den skrivemåde er i overensstemmelse med udtalen på Sydlandet."

[1] Jón Helgason, *Málið á Nýja testamenti Odds Gottskálkssonar*, s. 44.

[2] Skrivemåden I + sidetal efter et eksempel, fx *stæðsti* (I 287), henviser til 1. bind af denne udgave og breve fra almuen: *Den islandske Landkommission 1770–1771* I. Skrivemåden II + sidetal efter et eksempel, fx *stæðsta* (II 293), henviser til dette bind og breve fra præster og provster: *Den islandske Landkommission 1770–1771* II. *Breve fra præster*. Red. Hrefna Róbertsdóttir og Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir. Reykjavík 2016.

stantivet *hæð* og superlativformer som *síðstur*.[1] I senere århundreder bliver en sådan analogidannelse også almindelig i superlativ af substantivet *stór*, altså *stæðstur*. I Oddur Gottskálkssons Nye Testamente forekommer eksemplet 'hædzta', og i Guðbrandsbiblía findes der også eksempler på den skrivemåde, fx 'hædste', 'stædstu', 'ydsta' (= *ysta*), selv om de oprindelige former uden *ð* er mere almindelige.[2] Denne skriveform var almindelig i 1600- og 1700-tallet.[3] Der er adskillige eksempler i Jón Steingrímssons selvbiografi fra slutningen af 1700-tallet på *ð* i superlativformen *hæðstur*, fx *hæðsta* 'hædsta' 35, *hæðstur* 'hædstur' 58.[4] Der findes også ét eksempel hos ham på *ð* i superlativ af adj. *stór*: *Stæðstu* 'stædstu' 344. Den oprindelige form er dog mest almindelig (fx *stærsti* 'stærste' 14, *stærstu* 'stærstu' 34), og det forklares sandsynligvis mere af konservativ skrivemåde end af, at Jón Steingrímsson har haft to udtaleformer, med og uden *ð*, af sådanne ord. Konráð Gíslason omtaler denne udtale i *Fjölnir* 1845 og anbefaler, at man undlader at skrive *ð*: "*hærsti* […] er hverken skrevet efter udtale eller oprindelse: man siger *hæðsti*, — men ordets hoveddel er *há*, og følgelig bør man skrive *hæsti*." I moderne islandsk er udtalen med [ð] i superlativ af dette adjektiv yderst udbredt i talesproget.[5]

I brevene til Landkommissionen findes der adskillige eksempler fra alle landsdele på *ð* i superlativformerne af *hár* og *stór*.

Indskudt ð *i brevene til Landkommissionen 1770–1771*

Gullbringusyssel: *hæðst* (I 211), *stæðstu* (I 212), *stæðstu* (I 214), *stæðstu* (I 228), *hæðstu* (I 230), *stæðsta* (I 230), *Hæðstvirðandi* (I 251), *stæðstu* (I 256), *hæðstvirðandi* (I 256), *stæðsta* (I 276), *stæðstu* (I 277), *hæðst* (I 277)

Kjósarsyssel og Borgarfjarðarsyssel: *stæðsti* (I 287), *stæðstu* (I 288),

[1] Se: Björn K. Þórólfsson, *Um íslenskar orðmyndir á 14. og 15. öld og breytingar þeirra úr fornmálinu. Með viðauka um nýjungar í orðmyndum á 16. öld og síðar*. Reykjavík 1925, s. 90; Oskar Bandle, *Die Sprache der Guðbrandsbiblía*, s. 119.

[2] Se: Jón Helgason, *Jón Ólafsson frá Grunnavík*, s. 29; Oskar Bandle, *Die Sprache der Guðbrandsbiblía*, s. 119.

[3] Björn K. Þórólfsson, *Um íslenskar orðmyndir á 14. og 15. öld*, s. 90.

Qvilder 2, lejer 4 fo. sm[ör]	64	
Gjeftold	4	
Laugmandstold	3	
Jordens 4 tiender	24	
Fattiges tiende	8	
Dagsverk til præsten	6	
Lysetold	6	
Höetold eller lamfoeder	10	
Summa	245 fiske.	Gjör til croner beregnet paa landsvis 1 hndr. 43 al.

Her foruden klæde og föde til sig selv, koene og börn, kandskee ogsaa 1 dreng eller pige til hjelp efter jordens og deres omstændigheder. Liigpenge og for liigsang med videre bör ogsaa betales, naar saa falder.

De fattigste eje endnu mindre, men deres udgifter ere dog næsten de samme, naar de holder jord eller hjaleje,[1] og gjör nogen tiende.

Melken af kjörene tilligemed 1 fiskeloed, som de faaer af söen, er deres föde, for saavidt de kand slippe fra at betale deres gjeld dermed, eller og indlegge den til handelen for deres nödvendigheder som meel, jern og deslige. Af meel faaer saadane dog ikke gjerne over 1 qvartel[2] eller ½ tönde[3] mest, og somme slet intet. De fleste af bönderne med deres folk rejse om foraaret sidst i Junymaanet her fra Borgerfiorden norder paa fjeldene, hen imod til Buderaaen[4] eller lenger, hvor de

[1] Afbyggersted. Islandsk *hjáleiga*.
[2] Rúmmálseining. Kvartil eða lítil tunna, samsvarar 8 pottum. / *Rumfangsenhed. En kvartel eller lille tønde, svarer til 8 potter.*
[3] Rúmmálseining. Ein mjöltunna samsvarar 136 pottum. / *Rumfangsenhed. En tønde mel er 136 potter.*
[4] Búðará, á / *elv*, Arnarvatnsheiði, Mýr. og Hún.

samle fjeldegræs, hvilke de bruge til gröd eller velling i stæden for meel, og de, som have noget meel, blande noget deraf deri. De kaages i melk og vand samenblandet, naar melken er til, ellers i bare vand. Det smör, som de fattige bönder samle af kjörenes melk om sommeren, gaaer den meste deel af til at betale deres lejer med om efterhösten, uden det lidet de faaer deraf til deres föde udi höesletstiden, saa mange af dem har da ikke noget af saadan tilbage.

De bönder, som har bedre evne, lever ogsaa bedre, da de kand have 2de fiskelötter i vertiden, naar de holde vindemand,[1] og nogle faae af dem eje 1 baad selv. De kand faae i kjöbstaden ongefer 1 à 1½ tönde meel i stæden for fisk. Ellers kommer det overhoved meget an paa hos en bonde, hvorleedes hans höeavling gaaer for sig om sommeren. Gaaer der got, og höet kand ubedervet indhöstes, saa malke hans kjör om vinterne, ihvorvel det er stor forskjæl paa höets bonité i sig selv efter jordens beskaffenhed. Der er ogsaa stor forskjæl paa kjörene i sig selv, enten de malker vel eller ilde, enten de malke god eller tund melk.

Bliver höet bedervet om sommeren, saa kand kjörene ikke malke deraf om vinteren. Naar kjörene skal kielve tiidlig paa vinteren, saa blive de golde,[2] naar det lider ud paa sommeren. Er der da ikke got höe til at give dem, naar de skal kielve, saa kand de heller ikke malke om vinteren, ogsaa blive de andre tillige golde, som skal kielve sidlig.[3] Den fattige bondes hjelp beroer nu alleene paa melken paa landjorden, ligesom paa fiskeriet ved söekanten.

I den tid faarene vare til og i stand, kunde en bonde snart have alting deraf til sin husbehov, baade til klæde, föde og at betale sine udgifter og gjeld med. Nu maae alting tages af hans fiskelötter, kjör og heste.

[1] Tjenestekarl. Islandsk *vinnumaður*.
[2] Giver ikke mælk. Islandsk *geldar*.
[3] Silde, sent, dvs. sidst på vinteren.

Mýrasýsla

Mýrasyssel

© 2003–2016 Landmælingar Íslands / Þjóðskjalasafn Íslands.

Mýrasýsla 1703 · *Mýrasyssel 1703*

Sýslumörk, hreppamörk og heiti hreppa eins og þau voru árið 1703, byggð á manntalinu 1703. / *Sysselgrænser, grænser mellem repper og reppernes navne, som de var i 1703 ifølge folketællingen fra 1703.*

Heimild · *kilde*: *Manntal á Íslandi árið 1703. Tekið að tilhlutun Árna Magnússonar og Páls Vídalín, ásamt manntali 1729 í þrem sýslum*. Þorsteinn Þorsteinsson sá um útg. Reykjavík 1924–1947.

Kortagerð · *kort*: Björk Ingimundardóttir, Benedikt Jónsson og Egill Baldursson.

Séra Vigfús Jónsson í Hítardal skrifar um fólksfjölda og rekur sögu verslunar í landinu [án dags. 1770/1771]. Lit. OO.

Provst Vigfús Jónsson i Hítardalur skriver om befolkningstallet og beretter om handelens historie i landet [uden dato 1770/1771]. Lit. OO.

ÞÍ. Rtk. D3/2–26.
Innsigli/*segl*; Innskráð/*indskrevet* 11.4.1771. Þessa greinargerð hefur séra Vigfús tekið saman að sérstakri ósk Landsnefndarinnar, sbr. bréfabók nefndarinnar: *ÞÍ.* Rtk. D3/1–12. Bréfabók Landsnefndarinnar fyrri 1770–1771. Lit. B. N° 37. Bréf til Vigfúsar Jónssonar prófasts 10.2.1771. Þýðandinn 1771 hefur ekki lokið við að þýða alla greinargerðina yfir á dönsku á sínum tíma. Hér er þýðingin látin standa eins og hann skildi við hana. Er þar aðallega um að ræða hluta af uppskrift á verslunartaxtanum frá 1619 sem prentaður er í heild sinni í: *Lovsamling for Island* I, s. 184–194. Minnispunktar eða brotakennd drög séra Vigfúsar að greinargerðinni eru varðveitt í handritadeild Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns: Lbs. 172, 4to, ásamt fleiri skjölum úr fórum hans. / *Denne redegørelse har provst Vigfús forfattet efter særligt ønske fra Landkommissionen, jfr. kommissionens brevbog:* ÞÍ. *Rtk. D3/1–12. Brevbog for den islandske landkommission 1770–1771. Lit. B. N° 37. Brev til Vigfús Jónsson fra provsten 10.2.1771. Oversætteren i 1771 har i sin tid ikke afsluttet oversættelsen af hele redegørelsen til dansk. Her er det angivet, som han efterlod det. Der er hovedsagelig tale om en afskrift af en del af handelstaksten fra 1619. Den er trykt i sin helhed i:* Lovsamling for Island *I, s. 184–194. Provst Vigfús' noter eller fragmentariske udkast til redegørelsen er bevaret i håndskriftafdelingen i Islands National- og Universitetsbibliotek: Lbs. 172, 4to, foruden flere dokumenter fra ham.*

Áritun/*påskrift*: Jndkom den 11te April 1771; Fra provsten hr. Vigfus Johnsen i Hitardal; Lit. OO.

1° UM FÓLKSFJÖLDANN Í ÍSLANDI

Sérlegustu manndauðar hér í landi, hvar við fólk hefur mjög fækkað, hafa skeð:

1° Sem af gömlum skrifum má sjá, A° 1402 kom með framandi skipi svo mikil pest að menn dóu innan þriggja nátta, en þó grasseraði pestin mest 1403 og 1404. Þá aleyddust heilar kirkjusóknir sem síðan hafa ekki byggst. Lifðu eftir hana varla 50 prestar í Skálholtsstifti en miklu færri í Hólastifti. Hvað mannskæð sú landplága hafi verið, kann og sjást þar af að til Kirkjubæjarklausturskirkju komu 775 lík, svo að talið væri.

2° A° 1493 og '94 grasseraði hér og stórkostlegur manndauði, svo að fólk deyði hvar sem það var statt. Á degi hvörjum voru grafin að ýmsum kirkjum 3 eða 4 lík í senn, og þeir sem fluttu þau til grafar dóu við hinna gröft og fóru í þá sömu gröf sem þeir gjörðu öðrum.

Eftir þenna tvöfalda manndauða meinast að fólk hér í landi hafi aldrei vorðið svo margt eður komist til sinnar fyrri tölu. Þar fyrir utan hafa innfallið hér í landi oftlega dýrtíðir, sem hafa fækkað mjög fólki, sérdeilis A° 1604, því skrifað er að þá hafi dáið í öllu landinu 9000 manns. Hér fyrir utan hefur oftlega innfallið sóttir og dýrtíðir, sem mjög hafa fækkað fólki, einkanlega tvær bólusóttir. Sú fyrri A° 1616 og 1617, hvör eð var mjög mannskæð. Ei hefir ég séð tal þess fólks sem þá dó. En hvörsu mannskæð hún hafi verið má nokkurn veginn ályktast af þessu; það í Árnessýslu dóu 360, í Húnavatnssýslu 260, í Vöðlusýslu[1] viðlíkt og í Skagafirði 800.

Að fólkið hafi eftir þetta mannfall komið til fyrri fjölda, sem hér í landi var fyrir 1602 og 1615, kann ég ekki að segja, því þar um hafa menn öngva undirréttingu, svo ég viti. Jafnvel þó ég efi það, því jafnan öðru hvörju hafa bæði sóttir og dýrtíðir með öðrum tilfellum fækkað fólki. Þó meina sumir að fólkstalið hafi náð fyrri fjölda A° 1706 og verið hafi 1615 áður en sú síðari mannskæða bólusótt (er blönduð var með nokkurs konar pest) eyðilagði mannfjöldann merkilega,[2] meir en nokkurn tíma áður skeð hafði síðan 1494. Jafnvel þó ég hafi ei séð þá vissu tölu sem straxnefnd bólusótt burt tók, því þar eru ýmislegar

[1] Eyjafjarðarsýsla.
[2] Merkjanlega.

sagnir um. Nokkrir gjöra hana meiri, aðrir minni, svo sem hr. professor Erichsson hefur innfært í sitt skrif yfir lögmanns Páls Vídalíns skrif.[1] En hefðu menn hana vissa sem og manntalið fyrir Annum 1707, er þeir kónglegu commissier assessor Árni Magnússon og Páll Vídalín tóku hér, svo kynni maður hæglega að komast til fullkominnar vissu hér um, því deres höyærværdigheder hr. biskupannir, í gegnum hvörra hendur allt manntal í landinu hefur gengið, bæði það sem tekið var A° 1761 sem og 1769, hvört ég hefir ekki séð, og kann þar fyrir ekkert undirrétta um þennan póst. En eftir því manntali sem tekið var í mér tiltrúuðu prófastsdæmi hér í Mýrasýslu um fyrrnefnd ár, þá sýnist sem fólkið hafi temmilega fjölgað um þann tíma, þar manntalið A° 1761 var omtrent 1500 en A° 1769 fram undir 1700.

Vildu eðla hr. Commissarier láta sér þóknast að anmoede[2] deres höyærværdigheder hr. biskupana um það fullkomna manntal úr báðum stiftunum, þá þykist ég fyrir víst vita að þeir gæfu fullkomna og vissa undirréttningu um manntalið í öllu landinu um árin 1769 og 1761.

II° UM KAUPHÖNDLANINA

Meðan landið hafði öngvan kóng og var frí republiqve[3] allt til 1262, höndluðu innbyggjarannir eftir því sem þeim þóknaðist við norska, orkneyiska, engelska, Suðureyinga og fleiri nationer, eftir því sem þeim sýndist ábatabest upp á þá vöru er þeir girntust. En þar þeir voru næsta fáir, sem áttu hér skip í kaupferðum, þá komu hingað jafnaðarlega framandi skip frá Noreg og fyrrnefndum eylöndum, sem og Írlandi, með allrahanda varning landinu til þarfenda, svo sem mjöl, malt, hunang, við til húsa og búsmíðis, sem þá kallaðist kérviður.[4] Þar að auki annan varning; klæði, léreft, kvenskikkjur etc. En þá landið 1262 gaf sig undir Noregskóng tilskildu innbyggjarannir það árlega kæmi hingað 6 skip hlaðin með þeim gæðum sem landinu væri nauðsynleg, nefnilega 2 fyrir norðan, 1 á Vestfjörðu, 1 í Austfjörðu, og 2 fyrir

[1] [Jón Eiríksson], *Udtog af afgangne Lavmand Povel Vidalins Afhandling om Islands Opkomst under Titel Deo, Regi, Patriæ.*

[2] Hvetja, fara á leit við.

[3] Vísar til þjóðveldistímans 930–1262.

[4] Kjörviður.

sunnan. Og þetta sama tilskildu þeir sér jafnan í þeim handfestingum sem þeir gáfu kóngunum sem séð hefi, allt til Christophorum Bavarum[1] og jafnvel lengur.

En þar þessi 6 skip kunnu ekki fullnægja landsins þörf með nauðsynlega vöru, þá samt vildu landsins innbyggjarar hafa þau til styrks, því bæði voru hér þá sáðverk allt til Annum 1404 sem og íslenskir sjálfir áttu þá nokkur fáein skip, sem þeir höndluðu með, og fluttu nauðsynlega hluti til landsins, hvör að gengu tollfrí eftir því sem íslenskir höfðu haft í skilmála við kóngana. Þó var slík vara sem þeir fluttu hingað á sínum eigin skipum öngvan veginn fullnóg fyrir landsins innbyggjara, heldur einasta fyrir þá sjálfa sem skipin áttu og voru fyrirmenn landsins. Og þessi skip áttu stöku menn fram til Annum 1400. En eftir það voru þau færri, utan hvað biskupannir, svo sem Jón biskup Vilhjálmsson á Hólum,[2] Gottskálk biskup sama staðar hinn fyrri,[3] Stefán[4] og Ögmundur[5] biskupar í Skálholti, og allra síðast hr. Guðbrandur.[6]

Erkibiskupinn í Þrándheimi hafði og tilskilið sér í sáttargjörðinni við Magnús kóng lagabætir[7] A° 1277 þá fríheit að flytja hingað árlega 30 lestir mjöls. Þar fyrir utan komu hingað skip frá Noreg og víðar, þó var hér helst norsk höndlan og einkanlega frá Bergen, allt fram á daga Erici Pomerani,[8] því þeir þaðan hafa höndlað hér, jafnvel strax í tíð fyrrnefnds Magnúsar kóngs sem sjá má af tollrúllu Ólafs kóngs Hákonarsonar[9] A° 1381. Það sama sýnir og tal kóngs Erichs Pomerani ambassadeurs til Henriks Englandskóngs[10] A° 1435. Og virðist mér að Bergensmenn hafi verið privilegeraðir[11] að senda hingað fyrrnefnd skip, og þar með að höndla hér.

1 Kristófer af Bæjaralandi, konungur Danmerkur 1440–1448, Svíþjóðar 1441–1448 og Noregs 1442–1448.
2 Jón Vilhjálmsson Craxton (d. ca. 1440) Hólabiskup 1425–1435.
3 Gottskálk Keniksson (d. 1457) Hólabiskup 1442–1457.
4 Stefán Jónsson (d. 1518) Skálholtsbiskup 1491–1518.
5 Ögmundur Pálsson (d. 1541) Skálholtsbiskup 1521–1540.
6 Guðbrandur Þorláksson (1541?–1627) Hólabiskup 1571–1627.
7 Magnús lagabætir, konungur Noregs 1263–1280.
8 Eiríkur af Pommern, konungur í Noregi 1389–1442, í Svíþjóð og Danmörku 1396–1439.
9 Ólafur Hákonarson, konungur Danmerkur 1376–1387 og Noregs 1380–1387.
10 Hinrik VI. Englandskonungur 1422–1461.
11 Haft einkarétt.

En í tíð fyrrnefnds Erici Pomerani byrjuðu engelskir að reisa hingað með kaupskap, jafnvel þó það hafi skeð í óleyfi kóngs, því A° 1413 finn ég fyrst að engelskir hafi siglt hingað upp á kauphöndlan, við hvörja þeir vitrari hér vildu ei höndla. En þar um þetta skeið forsómaðist mjög að norskir eður þeir frá Bergen sendu hingað skip, svo sem innbyggjarannir yfir kvarta fyrir kónginum 1419, það upp á mörg ár hafi ekkert skip komið frá Noreg, þá hafa engelskir árlega komið hingað, og sumir af þeim haft kóngsleyfi hér til. Því fyrrnefnt ár 1413 komu 5 skip í Vestmannaeyjar, og framvísuðu Henrici 5ti kóngs[1] af Englandi bréf til íslenskra, að hans undirsátum væri leyft að hafa hér kaupskap, einkanlega á því skipi sem hönum tilheyrði. Hvar eftir engelskir hafa komið hingað árlega með kaupskap, sumir í kóngsleyfi en sumir ekki. Hvar yfir kgl. Mayst klagar fyrir kóng Henrich 6ta 1432, því enn þá behéldu þeir frá Bergen sínu gamla privilegio og máttu höndla hér með 12 bússur[2] og sækja fisk á þeim, sem kóngurinn segir, af hvörjum 6 áttu að liggja hér á vetrum, en hinar 6 flytja fiskinn fram til Bergen. Var þá engelskum undir góts- og lífstöpun fyrirboðið að höndla hér þar eftir, hvört forboð stóð í tíð Christophori Bavari sem og Christiani 1mi,[3] en öngvu síður stálust engelskir hingað og gjörðu margt illt af sér með ráni og gripdeildum.

Samt höfðu norskir hér um þann tíma höndlanina og allt fram á tíma kóngs Hans.[4] Jafnvel þó engelskir gjörðu þeim stóran skaða með sinni höndlan, hvar með sú bergíska kauphöndlan tók mjög af, og helst mun skeð hafa af því þeir í Bergen hafa ei megnað að senda svo mikið mjöl sem landið með þurfti og contoiret[5] þar vildi ei assistere þá með því fyrir þá skuld að því var fyrirboðið að eiga hlut í Íslandshöndlan, hvörja þeir contoirisku höfðu dregið að miklu leyti til sín undir því skyni að þeir reiknuðu sig Bergens innbyggjara, og höndluðu hér með norsku fólki og skipum. Hvar með þeir drógu allan profiten frá þeim í Bergen, sem sést af klögumáli þeirra til Hamborgara í tíð kóng Hans,

[1] Hinrik V. Englandskonungur 1413–1422.

[2] Kaupskip, tvímastra skip af hollenskri gerð.

[3] Kristján I., konungur Danmerkur 1448–1481, Noregs 1450–1481 og Svíþjóðar 1457–1464.

[4] Hans, konungur Danmerkur 1481–1513, Noregs 1483–1513 og Svíþjóðar 1497–1501.

[5] Skrifstofa Hansasambandsins.

hvar fyrir þeir báðu kóngl. Majst leiðréttingar þar á, sem augljóst er af handfestingu hæstnefnds konungs A° 1483, hvar inni kóngurinn lofar Bergensmönnum að gefa ekkert leyfi til það Hansestaðanna kaupmenn sigli til Íslands.

Nú þó að contoiret í Bergen og hinir engelsku, sem sagt er, hafi gjört Bergensmönnum stóra hindran og impassa[1] í höndlaninni hér á Christiani 1^{mi} dögum, þá samt meina ég að Hamborgarar sem um langa tíma höndluðu hér eftir þessa tíma, hafi einninn lagt grundvöll til sinnar höndlunar hér, þó þeirra sé ei mjög getið, hvað augljóst er af sögðu klögumáli þeirra þýðsku kaupmanna í Bergen til Hamborgara A° 1482.

Og að þeir þetta ár hafi haft hér temmilega stóra höndlan, er augljóst vitni til það stóra upphlaup sem Henrich af Lohn uppvakti, helst út af því mjöli sem fluttist til Íslands í þeirri dýru tíð, sem þar þá yfirgekk, og hafði nær því kostað líf ráðsins og hinna helstu borgara. Og til þessarar höndlunar hafa þeir haft konunglegt privilegium, og þar fyrir behaldið henni, sem jafnan tók meir og meir til og var hin fornemsta hér allt til 1602. Um höndlun þeirra hér var oftlega klögun, bæði að varan væri slæm og dýrara seld en gamall vani og kaupin höfðu til verið.

Ekki finnst að þeir hafi sem engelskir rænt fólk hér, utan hvað ósamþykki féll inn með þeim og höfuðsmanninum Lauritz Muhle,[2] svo að þeir tóku fisk fyrir hönum og hann aftur fyrir þeim með öðru fleira sem þar út af spannst. Hvar fyrir A° 1551 þeim var fyrirboðið að halda hér vetrarlegufólk til kaupskapar og skipaútgjörðir til fiskiríis, því þeir (helst á Suðurnesjum) höfðu víða smábáta sem 3 à 4 menn gátu róið, þar þeir vildu hafa fjöldann á þeim. Léðu þeir þessa báta íslenskum á vetunnar fram til vertíðar en tóku skipleigu og skiphlut um vertíð og seldu síðan þessa báta á vorin og smíðuðu aðra nýja.

Eftir þetta forboð komu þeir ekki í Hafnarfjörð um 2 ár, en aðrir sigldu frí sem ekki höfðu þessa skipaútgjörð. Þó var bartskerum,[3] drengjum sem tungumálið áttu að læra og skipbrotsmönnum leyft að vera hér um vetrartímann. Þeir aðrir sem væri með friði hér og höndluðu eftir gamallri vísu, með ófalsaða vöru og réttum mælir og stikum

[1] Ógöngur.

[2] Lauritz Muhle, höfuðsmaður á Íslandi 1547–1551.

[3] Bartskerar. Menn sem á miðöldum fengust í senn við rakaraiðn og handlækningar.

etc., máttu hafa fríheit hér að höndla. Íslenskum var og bannað nauðsynjalaust að taka meira af þeirra vöru en þeir gæti betalað, án þess að fá þeim þeirra jarðagóts, því öngvir framandi máttu tilhöndla sér það, nema þeir ílendust hér og vildu búa í landinu.

Með Hamborgara kauphöndlan hér innkom þeirra alin[1] (sem viðhélst allt til nú fyrir fáum árum, þá kóngl. Mayst afskaffaði hana) en aflagðist hin norska, eður svokölluð Íslandsalin[2] sem vor gömlu lög um geta.

Jafnvel þó engelskum væri fyrirboðin hér höndlanin, þá samt fóru þeir hingað, annaðhvört seint á Christiani 1^{mi} eða snemma á kóng Hans tímum, svo sem ófríhöndlarar (að ég meina) allt fram til 1490, þegar kóngannir Hans og Henrik 7de af Englandi[3] gjörðu friðarsáttmála milli sín,[4] og kóng Hans eftirgaf að engelskir mættu sigla hingað, fiska og selja hér sína vöru, með því skilyrði að þeir betali ordinaire toll og önnur réttugheit til kóngsins fyrir þá höfn sem þeir sigldu upp, hvört privilegium þeir skyldu renovere[5] hvört 7da ár.

En samt batnaði ekki þeirra framferði hér, því hér um A° 1513 eða 1514 slógu þeir í hel kóngsins fógeta og 11 menn með hönum, tóku hlaðið skip með kóngsins afgift og byggðu sér skants[6] og vígi. En samt fengu þeir fríheit þar eftir að höndla hér, með því móti þeir höguðu sér friðsamlega og réttvíslega, og því leyfi behéldu þeir um tíð Christiani 2^{di}.[7] En í hans successoris[8] Fridrici 1^{mi}[9] sem og Christiani 3^{tii} tíð[10] mun ei hafa verið gefinn gaumur að þeim, þar kóngannir höfðu öðru að gegna, sem var Christiani 2^{di} og hans áhangenda áhlaupum, samt reformations verkinu.[11] Og því hafa engelskir ei sókt um að fá endurnýjað sín privilegia 7da hvört ár, og gekk svo þetta svoleiðis þar til kóng Christiano 4to[12] fyrirbauð þeim hér að höndla, svo að öðru

1 Hamborgaralin, 57,1 cm.
2 Óvíst um lengd til forna, að líkindum 47–49 cm.
3 Hinrik VII. Englandskonungur 1485–1509.
4 *Lovsamling for Island* I, s. 39–41 (Traktat i 30 Artikler, mellem Kong Hans og Henrik den Syvende af England, 20.1.1490).
5 Endurnýja.
6 Þ.e. skans, virki.
7 Kristján II., konungur Danmerkur og Noregs 1513–1523, Svíþjóðar 1520–1521.
8 Arftaki.
9 Friðrik I., konungur Danmerkur og Noregs 1523–1533.
10 Kristján III., konungur Danmerkur 1534–1559, Noregs 1537–1559, krýndur 1537.
11 Siðaskiptin.
12 Kristján IV., konungur Danmerkur og Noregs 1588–1648.

hvörju þar eftir finnst í lögmannadómum að þeir hafa verið ályktaðir fyrir ófríhöndlara.

En A° 1602 var þeim öll kauphöndlan hér fyrirboðin af hæstnefndri kónglegri Maj^st^ og hans successore Friderico 3^tio^,[1] hvör þó mun hafa leyft engelskum að fiska hér undir landinu, og hafa nokkra kauphöndlan við landsfólkið af vissum sorter. Höfðu þessir sitt aðsetur helst í Austfjörðum og undir Snæfellsnessýslu, hvör þeirra höndlan viðhélst til Annum 1668, eftir hvað hún aflagðist og aftókst með öllu A° 1674, d. 5ta Maij með kgl. Maj^ts^ bréfi.[2] Það sem nú hefir verið sagt um engelska höndlan hér á að skiljast um nokkra fáa, helst frá því Hamborgarar höfðu fengið hér yfirhönd með sína kauphöndlan.

Slíkt hið sama meina ég um þá af Lybich og Bremen, að þeir hafa haft eina höfn eða tvær, svo sem þeir af Stade,[3] hvörjum Fridericus 2do[4] leyfði 1577, 2^ær^ hafnir í Ísafirði og borgmeistaranum af Lybich, Bartholomæo Tinnapel, Dýrafjarðarhöfn A° 1565. Svo hafði og Henrich Lafrentz[5] höfn fyrir norðan, hvörn Jón Jónsson lögmaður klagaði A° 1589[6] fyrir það hann hafði tekið sér höfn fyrir sunnan land. En þar Henrich virtist forföll tilgengið hafa, að ei sigldi upp á sér lénta höfn, var hann þá dæmdur tilkomanda ár án forfalla undir bréfabrotssektir,[7] að sigla upp fyrir norðan í Húnavatnsþingi.

Þessir þýðskir (sem aðgreindir eru oftlega með þessu nafni frá Hamborgurum) forsómuðu tíðum sér ánafnaðar og léntar hafnir, og létu sér ekki líka þær, og sigldu þangað sem þeim þókti ábatameira, yfir hvörju klagað var á Alþingi 1579 til kóngl. Maj^ts^, hvar upp á og kom resolution. Þessir allir: Hamborgarar, þeir frá Lybich og Bremen höfðu hér höndlanina til Annum 1602, þó Hamborgarar lengst, en hinir skemur, því ég hygg að þessir hafi ei fyrr en seint á Christiani 3^tii^ tímum framið hér kauphöndlan, þar þeir höfðu framan af ófrið við hæstnefnda kóngl. May^st.^

Fyrir utan þessa veit ég ekki aðrar nationer hafa haft hér fríhöndlan, jafnvel þó baron Holberg í hans *Dannemarks & Norges*

1 Friðrik III., konungur Danmerkur og Noregs 1648–1670.

2 *Lovsamling for Island* I, s. 354–355 (Aabent Brev ang. Forbud mod Handel med Fremmede, 5.5.1674).

3 Stade í Þýskalandi, ein af Hansaborgunum.

4 Friðrik II., konungur Danmerkur og Noregs 1559–1588.

5 Henrik Lafrantz, kaupmaður á Skagaströnd, Hún.

6 *Alþingisbækur Íslands* II, s. 138 (Dómur um Henrik Lafrantz 1589).

7 Sekt fyrir brot gegn konungsbréfi, þ.e. leyfisbréfinu fyrir viðkomandi höfn.

Beskrivelse,[1] um höndlunina segi að hollenskir hafi og haft hér frí-höndlan. En ekki nefnir kong Christian 4de þá í sínu bréfi þegar hann afskaffaði alla framandi höndlan hér og fékk hana sínum undirsátum. Þó er þess að gæta að þó þessir útreiddu landið, þá hafði sjálf kongl. Majst Vestmannaeyjar og brennisteinshafninar,[2] og Fredericus 2do lét sjálfur sitt fólk höndla hér, því A° 1562, d. 24ða Martii bannar hann að selja öðrum en sínum kaupmanni lýsi héðan.[3]

Á dögum Margrétar drottningar[4] og Erici Pomerani sérdeilis og oftlega þar eftir var hér lítil stjórn um þessa framandi höndlan, þar þessir kaupmenn söfnuðust oft margir á eina höfn, svo sem skeði A° 1396 eður '97, voru 6 skip í Vestmannaeyjum og hér um 1538 voru 5 í Grindavík og víða 2 á höfn.

Hvaða vöru þessar nationer hafi hingað flutt kann maður helst sjá af þeim gömlu kaupsetningum, því enginn annar taxti var þá á vörunni en sá sem Íslendingar settu sjálfir eftir samkomulagi við kaupmennina. Varan sem hingað fluttist, fyrir utan timbur, er þó helst kom frá Noreg, er eftirfylgjandi með sínum taxta.

Víntunna fyrir	4 vættir
en fyrir 3 þá betra er til.	
Hálfstykkisvarningsklæði[5] fyrir	4 v.
og haldi 24 stikur.[6]	
Járnfat fyrir	4 v.
og haldi iiij hndr. járns.	
Biktunna fyrir	4 v.
Mjöltunna	1 v.
Tjörutunna	4 v.
Mjaðartunna fyrir	2 v.
Bjórtunna	1 v.
Kvartel hunangs	1 v.
og haldi 60 merkur.[7]	
30 stikur striga	1 v.
16 stikur vesturfara[8]	1 v.
8 fjalir góðar	1 v.
8 vaglskot	1 v.

1 Ludvig Holberg, *Dannemarks og Norges Beskrivelse* (1. udg), s. 552.

2 Eyjafjörður, Eyjafj. og Húsavík, Þing.

3 *Íslenzkt fornbréfasafn* XIII, s. 706–707. (Konungur leggur fyrir íbúa norðan lands á Íslandi að selja kaupmanni sínum einum allt lýsi, 23.3.1562).

4 Margrét Valdimarsdóttir, drottning (*ríkisstjóri*) í Danmörku 1375–1412, í Noregi 1388–1412 og í Svíþjóð 1389–1412.

5 Varningsklæði. Algengasta tegund innflutts klæðis á Íslandi fram á fyrri hluta 18. aldar og sú langódýrasta var nefnd varningsklæði. Hálfstykkiskaup. Vörukaup í stórum skömmtum, kaup fyrir minnst 120 fiska í senn.

6 Stika. Lengdareining. Hin gamla íslenska stika jafngilti 2 álnum.

7 Mörk. Þyngdareining og rúmmálseining. Hér rúmmálseining. Ein mörk samsvaraði um 0,248 l.

8 Hörléreft.

En dýrendisléreft, fargað klæði, gull og silfur var selt og keypt eftir samkomulagi, þó svo að okur væri ei brúkað.

Allt annað smákram, svo sem kvenfólkshúfur, pungar, belti, skæri, skór, knífar, ljáir og brýni, snæri og pálrekur, skeifur og naglar, og allt annað átti að seljast eftir sjálfra setningi og gömlu lagi, hvörutveggjum að skaðlausu. Hveititunna, nema pomerskt hveiti, 12 f. Lóðir með 40 snærum ½ vætt í léttavöru.

Sú íslenska varan var vaðmál, refskinn, fiskur, smjör, lýsi etc. Smjörtunnan 4 vættir, smjöráttungur,[1] sem halda átti 30 merkur, fyrir ½ vætt. Smjörkvartel sem taka skyldi 60 mk. fyrir 1 vætt.

Um skreiðina var á Alþingi A° 1520 samþykkt með höfuðsmannsins ráði að 3½ vætt skyldi gilda 1 hndr. f. með hreinan og kýldan fisk.[2] En þýðskir og engelskir lofuðu aftur á móti að höndla eftir gömlum vana tunnuþunga í hvörju hundraðskaupi[3] (sem ég ætla sé 120 f.) og hafa íslenskan pundara og íslenska stiku. En réttan mælir 30 mk. áttung og 200 marka tunnu.

Þegar nú kóngl. Maj^st^ á áðurgreindu ári 1602, d. 16da Aprilis, yfirlét höndlanina til sinna eigin undirsáta í Kaupenhafn, Málmey og Helsingjaeyri, þá voru tilteknar hafnir deputeraðar sérhvörjum þessara staða.[4] Þessari höndlan héldu þeir að ætlan minni til 1619, jafnvel þó að forpachtningen[5] í fyrstu væri ei lengur tiltekin en til 1614.

Enginn taxti var enn þá af kónginum settur heldur var þeim befalað[6] að höndla billega og ekki forhækka verð á þeirra vöru fram yfir gamlan landsins vana og vísu.

Til landsins skyldu kaupmenninir flytja sérdeilis mjöl, malt, öl, vín, brennivín, klæði, léreft, koparkatla, járn, timbur til kirkna, húsa, báta og ára, hvað þó helst er á nefnt í kóngsbréfinu 1614[7] og annað nauðsynlegt. Og þar framandi kaupmenn hafi að undanförnu flutt Ham-

1 Áttungur. Rúmmálseining sem svarar til ⅛ úr tunnu.

2 Kýldur fiskur. Fiskur sem hnakkakúlan hefur verið skorin af.

3 Hundraðskaup. Vörukaup í stórum skömmtum, kaup fyrir minnst 120 fiska í senn. Einnig kallað hálfstykkiskaup.

4 *Lovsamling for Island* I, s. 138–143 (Privilegium for Kjöbenhavn, Malmö og Helsingör, at före Enehandel paa Island indtil 1614, 20.4.1602).

5 Einkaleyfi til að versla.

6 Skipa, fela á hendur. Danska *befale*.

7 *Lovsamling for Island* I, s. 173–177 (Privilegium for Kjöbenhavn, Malmö og Helsingör til fortsat Enehandel paa Island i 11 Aar, 28.4.1614).

borgar-, Lyneborgar-,[1] lýbiskt[2] og Stralsyndisöl[3] etc., þá skulu þessir flytja í staðinn alleinasta danskt öl fyrir almúgafólkið, en sérdeilis gott öl, sem geymast megi óskemmt allan veturinn, fyrir það vildasta fólk, sem efni hafi til að betala það, svo ekkert vanti í þeirri grein.

Íslenska alin og vigt var þeim skipað að brúka. En stórum þókti þá landsfólkinu umskipti á vörunni, að hún var bæði minni, lakari og dýrri. Helst var klagað yfir þeim frá Kaupenhafn, að þeir hefði sett upp, svikið og blandað mjöl og mjöð, og var höfuðsmanninum Friðrik Friis[4] befalað A° 1619, að hann skyldi yfirskoða tveggja eður þriggja ára reikninga kaupmannanna, af hvörju ekkert varð vegna dauða höfuðsmannsins.

Var því ný kaupsetning gjörð á þann hátt að þar hálfstykkiskaup[5] höfðu áður verið, þá skyldi nú mjöltunna sem vægi 18 fj. fást í þriggja vætta kaupi fyrir 1 vætt, þó svo að menn tæki upp á 2 vættir fjalvið, léttingsklæði, striga, léreft, vesturfara, hatta og annað þarflegt. En kaupi menn mjöl í einkaupi,[6] þá sé mjöltunnan fyrir 1½ vætt með gott rúgmjöl og af fyrrsagðri vigt.

	Vættir	Fj.
Grjónatunna	2	-
Hveitibrauðstunna	2	-
Svartabrauðstunna	1½	-
Mjaðartunna, óblönduð	4	-
Lýbisk öltunna, óblönduð	4	-
Ditto stunst öl[7]	1½	-
Ditto danskt öl	1	-
Brennivínskútur sem heldur12 mk.	-	4
Messuvínskútur eins.[8]		
12 mk. hunang	-	6
12 mk. tjöru	-	2

1 Lüneborg í Þýskalandi.
2 Lýbika (Lübeck) í Þýskalandi.
3 Stralsundsöl, kennt við Stralsund í Þýskalandi.
4 Friðrik Friis, höfuðsmaður á Íslandi 1619–1620.
5 Hálfstykkiskaup. Vörukaup í stórum skömmtum, kaup fyrir minnst 120 fiska í senn. Einnig kallað hundraðskaup.
6 Einkaup. Kaup á einni vörutegund sér í smákaupum.
7 Stralsundsöl.
8 Þ.e. sama og að ofan, 12 mk. á 4 fjórðunga.

Grásaltstunna	1	2
Járnfat sem að minnsta kosti vægi 3 vættir fyrir	5	-
12 mk. ásmundarjárns[1]	-	1
8 mk. eirs	1	-
8 mk. tvíbrætt tin	1	-
8 mk. látúns	1	-
Greniborð 6 álna	-	1
Ár stór eða smá	-	1
2 knífar í varningsskeiðum	-	1
Konupungur	-	1
Vinnumannahattur	-	1
Hattur sem dvelek[2] er undir	-	3
Hattur með tryp[3] og baj[4] fóðraður með litlu bandi	-	6
Karlmannsskór, einsólaðir	-	1½
Kvenskór	-	1
Vax mk.	-	1
2 þjalir	-	1
2 lásar	-	1½
Svigakerfi[5]	-	1
Krókakerfi	-	1
Bók pappírs	-	1
Pálreka	-	1
Skógaröxi	-	1½
Smíðaöxi	-	3
4 skeifur með nöglum	-	1
Bjórtunna, tóm	-	2
Tvö lóðarsnæri, fimmtugt[6] hvört, með taumum og önglum	-½	-
Haldsnæri, fimmtugt	-	3
8 mk. nótgarns	1	-

[1] Smíðajárn unnið með tiltekinni aðferð. Járnið kemur úr vinnslunni í kúlum sem kallast „ásmundar“.
[2] Þ.e. dvællik, léreft ofið úr hör.
[3] Þ.e. trip, eins konar ullarflauel.
[4] Flónel.
[5] Tunnugjarðir.
[6] Fimmtíu faðma langt.

25 faðmar, hvörjir, af hákarlsfærum streng	1	-
5 mk. brýni	-	1
8 stikur lérefts	1	-
12 stikur vesturfara	1	-
16 stikur striga	1	-
í móts við mjöl.		
En 10 stikur lérefts í einkaupi	1	-
14 stikur vesturfara	1	-
20 stikur striga	1	-
í einkaupi, sé fiskur eða lýsi viðgefið.		
En slæmur hálmstrigi, sem hér til dags hefur fluttur verið, kaupist ei.		
Sængurklæði	- ½	6
Dalur	1	-
en annað silfur eftir vigt og samningi.		
5 stikur varningsklæði	1	-
Hálfstykkisklæði[1]	- ½	-
Þriðjungaklæði	-	6
Stikuklæði	1	-
Kostulegt léreft og hvað annað eftir billegheitum.		

Verðlag þeirrar íslensku vöru var sem fylgir:

	V.	Fj.
2 fj. smjörs	1	-
Lýsistunna sem tekur ij hndr. mk.	5	-
35 blautir fiskar	1	-
svo að gildingu að 30 harðir séu fyrir vætt.		
20 löngur samfengnar	1	-
2 skötur	-	1
8 álnir gjaldavoð	1	-
Þrennir vettlingar	-	1
Tvennir valdari	-	1
Duggarasokkar[2] einir	-	1
Smábandssokkar[3]	- ½	-

[1] Hálfstykkisklæði. Algeng tegund innflutts klæðis, heldur dýrara en varningsklæði.
[2] Sokkar úr grófu ullargarni. Einnig nefndir púlsokkar.
[3] Sokkar úr fíngerðu ullargarni.

Lamb að Þorláksmessu[1]	-	1½
Veturgamall sauður að Ólafsmessu[2]	-	5
Tvævetur	-	7
Þrevetur	1	-
4ra vetra eður eldri	1	2
4ra vetra gamalt naut og aftur skinnið að Ólafsmessu.	4	-
5 vetra gamalt naut	7	-
6 vetra	9	-
7 vetra og aftur skinnið	9	-

En með þessa kaupsetningu voru kaupmenn öldungis ófornægðir, hvar fyrir að A° 1619 gjörðist ein ný forpachtning[3] og ein compagnietshöndlan uppréttuð. Kóngl. Maystbefalaði þá og 4 mönnum af landinu að mæta í Kaupenhafn að höndla við reiðarana[4] um nýjan taxta. En þeir sem sigldu þóktust litlu til vegar geta komið vegna landsins við Compagniet[5] um vörunnar verð. Útgaf þá kóngl. Majst einn taxta,[6] sem var hinn fyrsti sem hingað á land er gefinn, hvör að viðhélst til Annum 1631, því Compagniet kvartaði þá yfir að það kynni ekki að viðhaldast með höndlanina eftir þeim taxta vegna uppáfallandi harðenda.

Kom þá nýr taxti því léttari, en landsfólkinu þyngri, þar sú framandi vara var uppsett en hin íslenska í mörgu niðursett, en nú fremur en sá fyrri taxti hafði tilskipað, því enginn var þá af landsins hálfu að accordere[7] við Compagniet.

En sem þessi nýi taxti kom hingað þóktust landsmenn með öngvu móti geta höndlað eftir hönum. Suppliceruðu[8] því til hans Maystað mega behalda þeim fyrra, og klöguðu einninn yfir að kaupmenn hefðu í margan máta brotið taxtann og höndlað á móti hönum, bæði með

1 Á spássíu: 20. Julii.
2 Á spássíu: 29. ejusdem [sama mánaðar].
3 *Lovsamling for Island* I, s. 194–199 (Det islandske Compagnies Privilegier, 16.12. 1619).
4 Kaupmennirnir sem höfðu verslunina á leigu.
5 Elsta íslenska verslunarfélagið 1620–1662. / *Det Islandske Kompagni 1620–1662.*
6 *Lovsamling for Island* I, s. 184–194 (Forordning om Taxten paa den islandske Handel, 16.12.1619).
7 Semja.
8 Sækja um eða sárbæna.

því að varan sem þeir fluttu hafi verið of lítil, svo innbyggjarannir hefðu liðið skort þar fyrir, og þar á ofan seld miklu dýrari en taxtinn tilhélt. Öðluðust landsmenn þá bænheyrslu að sá nýi taxti var afturkallaður en hinn gamli skyldi blífa við makt, með því skilyrði að innbyggjarannir héldi sig frá allri ófríhöndlara höndlan. En bryti þeir út af því þá skyldi hinn nýi taxti endilega þeim setjast.

Eftir innbyggjaranna beiðni, vegna fátæks almúga hér í landi, aftók kóngl. Maj^st^ A° 1658 hundraðskaupið úr fyrrnefndum taxta Christiani 4^ti^[1] og skipaði undireins að 4 menn af landinu skyldu koma til Kaupenhafnar að höndla um einn nýjan taxta. En þar varð ekkert af vegna stórfelldra harðenda, heldur suppliceruðu landsmenn á nýja leika, það þeir mættu njóta framvegis þess gamla taxta, hvað og veittist þeim.

Í þriðja sinni A° 1661 báðu Íslendingar enn þar um, en svarið þar upp á hef ég ei séð, þó meina ég að þeir hafi vorðið bænheyrðir, því A° 1662 var Compagniet vegna harðenda upphafið, en sá gamli taxti viðhélst allt til Annum 1684 þegar Christiani 5^ti^ taxti var hingað innsendur.[2]

Og má vel reikna að þessi margnefndi Christiani 4^ti^ taxti sé grundvöllur hinna sem hingað voru gefnir, af hvörjum gjörla sést hvör vara þá hingað fluttist sem og verð á henni, samt þeirri íslensku. Hvar fyrir útskrift af hans translation, svo sem ég hefir öðlast hana, fylgir hér með til slútningar, þar hin danska hefir ei séð.

En síðan frá því sem sagt hefur verið hafa menn miklu skýrari og eftirréttanlegri undirréttingu í þrykktum bókum, heldur en ég fáfróður í slíku sem öðru kann að skrifa.

CHRISTIANS KÓNGS FJÓRÐA TAXTI A° 1619[3]

Vér Christian IV^de^ með Guðs náð Danmerkur, Noregs etc. gjörum vitanlegt eftir því í millum vorra kæru og trúu undirsáta, allra innbyggjara og almúga á voru landi Íslandi og í Vestmannaeyjum, á þá aðra

[1] *Lovsamling for Island* I, s. 253 (Aabent Brev om Ophævelsen af det hundredste Kjöb, 6.6.1658).

[2] *Lovsamling for Island* I, s. 415–425 (Forordning om den islandske Taxt og Handel, 6.5.1684).

[3] *Lovsamling for Island* I, s. 184–194 (Forordning om Taxten paa den islandske Handel, 16.12.1619).

síðu, og þess Íslenska Compagníis[1] hér í voru ríki Danmörku á þá aðra síðuna, hafa sig gefið til aðskiljanlegrar þrætu og ágreining taxtans á vörunni þeirra á millum innbyrðis í kaupum og höndlan, svo og önnur þyngsli áhrærandi. Þá höfum vér náðarsamlega það háttalag yfirvegið og millum fyrrnefndra undirsáta gjört og til þennan eftirskrifaðan taxta svo sem eftirfylgir.

Fyrst skal yfir allt vort land Ísland og Vestmannaeyjar haldast ein rétt vigt í allri höndlan, kaupum og sölum, hvör vigt skal vera réttuð eftir hér í vorum kaupstað Kaupenhafn. Í þann máta að hvör íslensk vætt skal halda 8 fj. en hvör fj. 10 skálapund, svo að hvör íslensk vætt skal halda 80 skálapd. Og skal hér eftir á öllum höfnum á Íslandi og Vestmannaeyjum, í kaupstað, fiskurinn meðtakast, svo að iij vættir með þurran og góðan hreinan fisk skulu afhendast fyrir 1 hndr. fiska, sem er hvör ein vætt 40 f.

Hvað áhrærir mjöl sem til Íslands skal hér eftir flytjast og til Vestmannaeyja, skal vera gott óstraffanlegt rúgmél, og skal hvör ein tunna xii⸗ lýsipd. sem er ii⸗ íslenska vætt. Og skulu þeir fyrir sunnan og vestan, sem betala með fiski og lýsi, einungis fá 1 tunnu méls í hvörju i⸗ hndr. kaupi. En fyrir norðan og vestan[2] í þeim stöðum sem betalast með kvikfé, smjöri, vaðmáli, sokkum og öðru þvílíku, mjölstamp í hvörju hundraði. Og skal á þá leið reiknast til hundraðskaups sem eftirfylgir, með því íslenskir sama hundraðskaupi ei vilja afstanda.

	F.
Ein tunna mjöls í þungavöru, sem er gott rúgmél og vegur xii⸗ lýsipd. eður ii⸗ vætt	50
Og hvör sem ei mjölið girnist, hann skal eiga kost á þessari vöru sem eftirfylgir:	
1 mjaðarkvartel	40
½ tunna með lýbiskum fatbjór	40
1 tunna með gott skildingsöl	50
1 tunna dubilt öl	40
Hálftunna grjóna	50
1 tunna með danskt brauð	60

[1] Elsta íslenska verslunarfélagið 1620–1662. / *Det Islandske Kompagni 1620–1662.*
[2] Svo, rétt er austan.

1 tunna malts með danskan mælir 50
1 tunna salts 40
15 mk. eirs 75
15 mk. með smíðað tin 75

Og er fyrrskrifuð vara sú hin helsta vara sem gefast skal fyrir mélið, þeim sem mjölið girnast ekki.

Þetta eftirskrifað góts skal og gefast með þungavörunni til að fullgjöra 90 f. F.
1 stika af hamborgaraklæði 25
1 járn fj. 12
1 eikiborð gott og 10 fóta langt 8
Og í hvörju hundraði 2 eikiborð.
Hundrað skipsaums 20
1 hestajárn 5
1 mk. brennivíns 2
12 mk. tjöru 10
1 mk. með gott messuvín 2
1 vax mk. 5

Þettað eftirskrifað góts fyrir skrifað verð reiknast til annars helmings upp í létta vöru til 90 f.

1 stika varningsléreft 6
1 stika af vesturfara 4
1 strigastika 3
Betri léreft eftir sínu verði sem þeir kunna um að forlíkast.
1 lóðarsnæri 40 faðma 12
1 hndr. önglar með taumum 25
1 haldfæri 60 faðma 24
Þau sem eru sterk eftir advenant[1] og sama hentugleikum.
1 netgarns fj. 60
1 varningshattur 10
1 piltahattur 8
1 hattur með dvelch undir börðunum 20

[1] Eftir atvikum.

1 hattur með tryp undir börðunum 30
Betri hattar kaupist eftir því sem þeir kunna um að forlíkast sem það girnast.
1 pálreka 10
1 handöxi 15
1 kragi 10
Betri kragar fyrir sitt verð.
1 stika með varningsklæði 10
1 al. með breitt hálfstykkisklæði 25
Betri klæði fyrir sitt verð sem það girnast.
1 kjöltré 12 al. 60
1 kjöltré 10 al. 50
1 kjöltré 8 al. 40
1 kjöltré 6 al. 30
2 stór stefni 30
2 meðalstefni 20
2 lítil stefni 15
2 hástokkar[1] 14 al. 40
2 hástokkar 12 al. 30
2 hástokkar 10 al. 20
1 ár 10 al. 12
1 ár 8 al. 10
1 ár 6 al. 6
1 bjálkatré 10 al. 10
1 bjálkatré 7 al. 6
1 gott danskt borð 10
Þau sem minni eru 8
1 spíra 3
Einir góðir karlmannsskór 30
Einir almennilegir skór 15
Góðir kvenskór 25
Almennilegir kvenskór 12
2 mk. litar 24
1 bók pappírs 5
1 krókakerfi 3

[1] Borðstokkar.

1 sænguráklæði	120
1 látúnsmundlaug eftir því sem hún er stór til	20 — 30 — 40
1 fínn pungur	10
Almennilegur pungur	5
Barnapungur	3
Góður læsingarlás	12
1 almennilegur lás	5
Lítill lás	3
1 þjöl	3
1 skæri	3
1 góður knífur	8
Almennilegur knífur	4
1 lítill knífur	2

Og með því þetta fyrrnefnda hundraðskaup þeim fátæka almúga á fyrrnefndu landi Íslandi, þeim sem ei eru megandi hundraðskaup að kaupa, kann að vera nokkuð þungt og óbærilegt, þá höfum vér náðarsamlega fyrir þann skuld, fyrrnefndum fátækum almúga til hins besta, látið uppþenkja og niðurskorða eitt einasta kaup, hvört í allri höndlan, kaupum og sölum skal vera og brúkast eftir þessum eftirfylgjandi taxta. Þó skal vorum undirsátum á fyrrnefndu Íslandi vera frjálst að höndla í hundraðskaupi eður í einkaupi, og Compagniet skyldugt til það þetta áhrærir, eftir þeirra vild að höndla, svo að hvörjir af fyrrnefndum Íslendingum sem vilja kaupa í hundraðskaupi ráði því og hinir sem vilji kaupa í einkaupi, þá séu kaupmenn þeim skyldugir einkaups að una. Þó skulu vorir undirsátar á Vestmannaeyjum alleinasta hafa einkaup sem að öndverðu verið hefur, aldeilis haldandi sig eftir þessum eftirskrifuðum taxta, sem fyrir sunnan og vestan á Íslandi gjörður, settur og staðfestur er.

EINKAUPIN

HVAR EFTIR ÞEIR Á ÍSLANDI OG VESTMANNAEYJUM SEM ÞAÐ GIRNAST HÖNDLA SKULU

Fyrir norðan og austan í þeim höfnum og kaupstöðum sem betalast með fénaði, smjöri, vaðmáli og sokkum.		Fyrir sunnan og vestan í þeim höfnum og kaupstöðum sem betalast einungis með fiski og lýsi.	
N. og a.	F.	S. og v.	F.
1 tunna mjöls sem vegur iij v.	90		80
1 tunna mjaðar	230		200
1 fat með lýbiskt öl	130		120
1 t. með skildingsöl	80		70
1 tubbil öltunna	55		50
1 pottur brennivíns	5		5
1 pottur messuvíns	4		4
Grjóna ½ tunna	90		80
1 t. með gott brauð	90		80
1 t. með danskt malt	65		60
1 t. salts	55		50
Eir mk.	7		6
Tin mk.	6		5
1 al. Hamborgarklæði	33		30
1 stika með rétt hálfstykkisklæði	24		20
1 al. með mjótt hálfstykkisklæði	18		16
1 al. varningsklæði	9		8
Betri klæði eftir sínu verði.			
Járn fj.	12		10
Eikiborð 10 fóta langt	10		9
Ein hestajárn	5		5
100 skipsaums	26		24
Lítil ár 6 al.	7		6
1 almennileg ár 8 al.	9		8
Stór ár 10 al.	14		12
Stórt kjöltré	65		60
Lítið kjöltré 6 al.	33		30

2 stórir hástokkar	44	40
2 litlir hástokkar	24	20
1 bjálkatré 10 al.	14	12
1 bjálkatré 7 al.	9	8
2 stór stefni	33	30
2 smá stefni	22	20
1 greniborð	12	10
1 spíra	3	3
1 vax mk.	7	6
1 stika varningslérefts	5½	5
1 stika vesturfaralérefts	3	3
1 strigastika	2½	2
En gott léreft eftir mögulegu verði.		
1 lóðarstrengur 40 faðmar	12	10
100 öngla með taumum	22	20
1 haldfæri 60 faðmar	22	20
1 netgarns fj.	55	50
1 látúnsmundlaug	20 – 30 – 40	-
1 varningshattur	9	8

ÞETTA SKAL ÍSLENSK VARA GILDA OG ÚTGEFAST Í FREKASTA LAGI SEM EFTIR FYLGIR

Í fyrstu 3 vættir fiska skulu betalast um allt landið fyrir 100 f. en lýsistunna takist um allt landið fyrir sunnan og vestan	170	f.
Fyrir norðan	160	
Ein vætt smjörs	100	
40 f. blautir gildir vætt, eru	40	
20 gildar löngur	40	
Ein skata	2	
24 stikur með gott vaðmál	100	
30 pör duggarasokka	100	
Einir vettlingar	ij	
Hvað smáband er af sokkum og vettlingum takist svo dýrt sem vert kann vera.		
1 feitur uxi 6 vetra	200	

1 feitur uxi 5 vetra 180
Góður feitur uxi vel stór 7 eður 8 vetra gamall með húð . . . 260
Yngri uxi en 5 vetra takist sem þeir kunna um að foreinast.
Góður feitur sauður 4 vetra 40
Þriggja ára gamall sauður 35
Tvævetur sauður 30
Veturgamall sauður 20

Og vor lénsmaður þar yfir landinu hafi gaumgæfilega tilsjón að eftir þessum fyrrskrifuðum taxta sé í öllum kaupum og höndlunum sett og haldið. Sömuleiðis skal og vor lénsmaður í sama stað á vorum garði Bessastöðum ætíð hér eftir hafa og halda einn af fyrrnefndum pundara og reiðslu, sem eftir Kaupinhafnarvigt sé réttuð og saman vegin, hvar eftir allar vogir á landinu skulu réttast og samanvegast, og alla aðra gamla pundara til sín taka og aldeilis afsetja, nema þeir kunni að réttast við þessa nýja vog.

Í annan máta skal hvör kaupmaður í hvörri höfn hafa með sér einn smápundara og reitslu að brúka í þeirra höfnum og skulu vera brenndir með Kaupinhafnar brennimarki, hvörja þeir skulu eftirskilja á landinu við þeirra hafnir, svo og flytja þá með sér til kaups til landsins fyrir líðanlegt verð, þeim sem þá girnast.

Þau haldfæri sem þangað flytjast skulu vera góð, sterk og löng færi eftir því sem í taxtanum er áhrært. Skal og það Íslenska Compagnie svo við þá höndla eftir frekasta formegan[1] sem vera má og flytja þeim góða og óstraffanlega kaupmannsvöru, sem er gott rúgmjöl, svo að tunnan, sem áður er sagt, vegi iij vætt og skal vera hringuð.

NB. Þar hundraðstalan að framanverðu í þessum taxta sé ei skrifuð með rómverskri tölu, þá samt á ætíð að skiljast centuria major hundrað[2] fiskar fyrir 3 vættir.

* * *

[1] Eftir efnum, fjárhagslegri getu.
[2] Stórt hundrað, þ.e. 120.

[Oversættelse 1771]

1° OM FOLKEMÆNGDEN I ISLAND

De mærkværdigste mandfald her i landet, hvorved folketalet har meget formindsket, have skeedt:

1° Som af gamle skribentere maae see, Anno 1402 kom med et fremmed skib saa megen pest, at mand döde inden 3 natte, men dog grasserede pesten meest 1403 og 1404, da ödelagdes heele kirkesogne, som siden ikke ere beboede. Effter den levede 50 præster i Skalholtstifft, men meget færre i Holumstifft. Hvor mandhæfftig[1] den landplage har været, kand og deraf sees, at til Kirkebæjerklosterskirke bleve förte 775 liig, som mand talte.

2° Anno 1493 og 94 grasserede her og forskrækkelig meget mandfald, saa at folk döde paa stædet. Paa hver dag bleve begravne 3 à 4 liig paa een gang ved mange kirker, og liigmændene,[2] som döde, medens de toge gravene til de andre, blev selv begravne i de samme.

Efter denne dobbel mandöde[3] troer mand, at folk her i landet har aldrig kommet til sit forrige tal. Derforuden have her ofte indfaldet dyre tiider i landet, som have meget formindsket folketallet, især A° 1604. Thi skrevet er, at i heele landet haver den tiid faldet 9000 mand. Herforuden har ofte indfaldet sott[4] og dyrtiider, som meget have formindsket folkemængden, især 2de smaaekoppe sotter. Den förste 1616 og 1617, som var meget mandhæfftig.[5] Ikke har jeg seet tall over det folk, som da döde, men hvor mandhæfftig, den har været, kand nogenledes deraf erfaares, at i Arnæssyssel[6] döde 360, i Hunevandssyssel[7] 260, i Wadlesyssel[8] ligesaa meget og i Skagefiord 800.

At folket efter dette mandfald haver kommet til sin forrige mængde, som her i landet var för 1602 og 1615, kand, thi derom har mand ingen underrettning, som mig er vitterlig, skjöndt jeg tvivler derpaa,

1 Må henvise til pestens styrke og omfang.
2 Må henvise til dem, der begraver ligene.
3 Mandefald.
4 Farlig smitsom sygdom. Islandsk *sótt*.
5 Henviser her til det store mandefald.
6 Árnessyssel.
7 Húnavatnssyssel.
8 Eyjafjarðarsyssel.

thi altiid have undertiiden smitsomme syger og dyrtiider med andre tilfælde formindsket folketallet. Dog troer nogle, at folketallet har kommet til sin forrige mængde 1706, som det var 1615, förend den sidste mandhæftige smaaekoppesyge (som var blandet med nogen slags pest) mærkelig ödelagde folkemængden, meer end nogen tiid foran skeedt havde siden 1494.[1] Endskjöndt jeg ikke har seet det visse tall, som bemeldte smaaekoppesyge borttog, thi der ere adskillige fortællinger om. Nogle gjöre den mindre, andre meere, saasom hr. professor Eriksen[2] har indfördt i sit skrifft over laugmand Widalins skrift.[3] Men havde mand den viss, samt folketallet for aaret 1707, som de kongl. commissaries assessor Arne Magnusen[4] og Paul Widalin[5] toge her, saa kunde mand sagte[6] komme til fuldkomme visshed herom. Thi deres höjærværdigheder hhhr. biskopperne, igjennem hvilkes hænder heele mandtalet i landet har gaaet, baade det som blev taget aar 1761 som og 1769 […][7] hen imod 1700.

Vilde ædle hhhr. Commissarier lade sig behage at anmode deres höjæreværdigheder hhr. biskopperne om det fuldkomne mandtall af begge stifterne, er jeg forvisset, at de gav vis og fuldkommen underrettning om mandtallet i heele landet for aarene 1760 og 1761.

2° OM HANDELEN

Medens landet havde ingen Konge og var frie republiqve[8] alt til 1262, handlede indbyggerne efter egen behag ved norske, örkenöjske,[9] en-

1 Der står 1694 i det originale dokument. Her er det rettet til 1494 i overensstemmelse med den islandske udgave af brevet.

2 Jón Eiríksson (1728–1787), prófessor í lögum við háskólann í Sórey / *juridisk professor ved Sorø Akademi* 1759– 1771, starfsmaður norska kammers og rentukammers / *kommitteret i Norske Kammer og i Rentekammer* 1771–1787.

3 [Jón Eiríksson], *Udtog af afgangne Lavmand Povel Vidalins Afhandling om Islands Opkomst under Titel Deo, Regi, Patriæ*.

4 Árni Magnússon (1663–1730), professor.

5 Páll Vídalín (1667–1727), lovmand for syd og øst 1705–1727.

6 Sagtens.

7 Her har oversætteren fra 1771 udeladt eller glemt nogle linjer i den islandske udgave af brevet, nemlig følgende: "hvilket jeg ikke har set og kan derfor intet underrette om denne post. Men eftersom folketællingen, som blev taget i det mig betroede provstedømme her i Mýrasyssel i det førnævnte år, så synes det, som om befolkningen er forøget tæmmelig meget på den tid, hvor folketællingen A° 1761 var omtrent 1500, men A° 1769 …".

8 Henviser til Fristatstiden i islandsk historie 930–1262.

9 Orknøske.

gelske, syderöjske[1] og fleere nationer, eftersom dem syntes fordeelagtigst paa de vahre, de vare begjerlige for. Men fordi de vare gandske faae, som ejede her handlende skibe, saa komme hid i almindelighed fremmede skibe fra Norge og forbemelte öer, samt fra Irland med alleslags landet nödvendige vahrer, saasom mehl, malt, honnig, ved til huse og boesmeddes,[2] som da kaldedes kiirvider.[3] Derforuden andre vahrer; klæde, lærret, kvindekapper (kvenskickiur) etc. Men da landet 1262 gav sig under Norrigs konger, tilskilede[4] indbyggerne, at aarlig skulde komm hid 6 skiibe ladne med de vahrer, som landet vare nödvendige, nemlig 2 for norden, 1 paa Vestfjorde, 1 paa Östfjorden og 2 paa synden. Og dette samme har de alletiider accorderet[5] sig til i de haandfæstninger, som de gave kongerne, som jeg har seet alt til Christophorum Bavarum[6] eller og længere.

Men da disse 6 skibe ikke kunde anskaffe landet nok af nödvendige vahrer, som det behövede, vilde dog landets indvaanere have dem til styrke, thi baade var her da sædværk[7] alt til aaret 1404, samt ejede da isslænderne selv nogle faae skibe, som de handlede med og flöttede nödvendigste ting til landet, som gik toldfrie efter den condition isslænderne havde ved kongerne. Dog var de vahrer, som de flöttede hid paa sine egne skibe, ingenlunde nok til landets indbyggere, men eeneste for dem selv, som skibene ejede og vare landets forstyrrere.[8] Og disse skibe ejede nogle faa alt til aaret 1400. Men efter det vare de færre, foruden bisperne saasom Johan biskop Wilhialmsson paa Holum,[9] Gottskalk biskop sammesteds,[10] den förste Stephan[11] og Ögmunder[12] bisper i Skalholt, og sidst hr. Gudbrander.[13]

1 Sydøiske, mænd fra Sydøerne, dvs. Hebriderne.
2 Redskab. Islandsk *búsmíði*.
3 Kvalitetstømmer, godt eller dueligt tømmer. Islandsk *kjörviður*.
4 Satte som betingelse. Islandsk *tilskilja*.
5 Indgået aftale om.
6 Christoffer af Bayern, konge i Danmark 1440–1448, i Sverige 1441–1448 og i Norge 1442–1448.
7 Agerdyrkning. Islandsk *sáðverk*.
8 Skal forstås som landets ledere eller bestyrere.
9 Jón Vilhjálmsson Craxton (d. ca. 1440), biskop på Hólar 1425–1435.
10 Gottskálk Keniksson (d. 1457), biskop på Hólar 1442–1457.
11 Stefán Jónsson (d. 1518), biskop i Skálholt 1491–1518.
12 Ögmundur Pálsson (d. 1541), biskop i Skálholt 1521–1540.
13 Guðbrandur Þorláksson (1541?–1627), biskop på Hólar 1571–1627.

[1] Guðlaugur Sveinsson (1731–1807), prestur á Kirkjubóli í Langadal, Ísafj.
[2] Súgandafjörður, Ísafj.
[3] Geirhólmur á Ströndum, Strand. og Ísafj.
[4] Skutulsfjörður, Ísafj.
[5] Uger söes. Her henvises til den islandske betegnelse *vika sjávar*, som er et gammelt længdemål til søs. Den faktiske længde har ændret sig over tid. Ofte var det unøjagtigt ca. 7,5–9 km eller en times sejlads. Oprindeligt var der tale om den længde, som der blev roet, indtil der blev skiftet roere.

inde i fiorden er havnen inden for pynten af en öre,[1] som gaaer i en krumning fra Vesterlandet, först til öster og dereffter til sönder, saa at man sejgler inden for denne pynt igjenem en smal rende indpaa havnen, som og almindelig kaldes Mióe sund (smale rende) og dernæst omkring pynten, paa midten af hvilken handelshusene staae.

Denne er en af de beste og tryggeste havne, man her veed af at sige, og sal. laugmand Widalin[2] har holdt den for en af de beste paa landet næst Hafnefiord.[3] Den er saa nær alle vegne omgjærdet af fastelandet, hvorfore det og kaldes Pollur (omringet stillestaaende vand), hvor skibet ligger, og kommer bremming[4] der aldrig. Havnen har god grund og dyb nock 8 à 9 favne eller og paa somme stæder meer, paa somme igjen mindre. Den er ogsaa stor nock for mange skib, thi den er nogle hundrede favne paa hver kant. Til den gaae og 2de smaae aaer og nogle becker, som gjör den desto renere og beqvemmere til sommer og vinterhavn. Den lægger vel til mod is, naar om vinteren paakomme sterk frost i stille veyr, men havis (drivis) kommer der aldrig, hvorfore og havnen holdes for at være en den beste.

2° Paa Alftefiord[5] og Seydisfiord,[6] som ere de 2 næste og lidet inden for Skutulsfiord, synes og at kunde være ret gode havne, om behövedes, thi begge disse fiorde ere mestens ens dannede og Skutulsfiorden og har hver for sig i midten en öre, som gaaer fra Vesterlandet til öster, inden for hvilke havnen skulde kunde være. Grunden er god og temmelig reent farevand til indsegling.

3° Ved Ædöe,[7] som ligger lidt over 3 mil söes inden for gabet paa Isefiorddiupet, er en liden god havn. Til den skulde man segle lige ind midt efter Diupet, som er reen söe, og saa vesten om kort fra öen. Dereffter vender man inden for om lige i nord, da havnen ligger fra öster lige ind i midten af samme. Jeg lod sidlig ud paa næstleden sommer maale havnen. Den er i længden hen imod 120 favne og næsten en gang saa breed. Opmaalningen skede om smaae ström saa nær ved

[1] Her landtange. Islandsk *eyri*.
[2] Páll Vídalín (1667–1727), lovmand for syd og øst 1705–1727.
[3] Hafnarfjörður, Gull.
[4] Brænding. Islandsk *brim*.
[5] Álftafjörður, Ísafj.
[6] Seyðisfjörður, Ísafj.
[7] Æðey, ø i Ísafjarðardjúp, Ísafj.

flods tid, og befandtes mod mit vænte ingen stæder meer dyb end 3 favne. Grund har hun ret god. Aabningen eller indgangen til den er omtrent 40 favne breed, lige dyb med havnen selv. I den (aabningen) er ved den ene side et lidet sker, kaldet Úfur, der aldrig kommer over vandet undtagen om storströms ebbe. Bliver og da baade indgangen og havnen meget grund. Den er paa fleste stæder omgjærdet med klipper og store höyder, hvorfore der ej kan komme nogen farlige vinde ind paa samme, skjönt den sterkeste storm var uden for den.[1] Bremming kommer der aldrig, ej heller nogen havis (drivis), men offtest fryser den til i stærke frost om vinteren og töer ej op under tiden förend om foraaret.

4° Paa Hestörefiord[2] er og god havn, men dog allene til sommerleye eller og at bruge i paakommende storm. Den har ogsaa för været almindelig for adskillige nationer, som have seglet hid, hvorfore et plads paa den kaldes Franske lag,[3] fordi franske hvalfangere have offte ligget derinde og det i deres minde, som nu ere i live. Man segler derind, först ind i Diupet norden til knap 1 mil söes og siden hen imod ½ mil saa til NÖ ind paa Jökelfiord, ud fra hvilken nordest denne Hestörefiord ligger. Paa den er havnen inden for en öre, som gaaer til SÖ udi fiorden. Havnen er trygg og i lee og har meget god grund.

Anno 1762 löb Isefiordshavns skibet derind og laae der over 2 uger. Den ligger nær 3 mil söes fra Skutulsfiordsöre effter min giskning.[4] Det hender sig, at drivis kommer ind paa denne fiord, dog meget sjælden og aldrig ind paa havnen selv, men bliver aldrig liggende undtagen faae dage formedelst strömme, som ligge udeffter denne[5] og de andre saakaldede Jökelfiorder.

5° Udi Adalwyk[6] ligge ofte om foraaret og sommeren hel mange udenlandske fiskerhukkerter,[7] der formedelst stærk storm maae löbe derind, naar de ej kan fiske i havet, saa at man undertiden paa engang har seet 60 ligge derinde. Der er dog ikke trygg havn for lang tid,

1 *Samme* overstreget.
2 Hesteyrarfjörður, Ísafj.
3 Franske leje.
4 Formodning. Islandsk *giska*.
5 *Disse* overstreget.
6 Aðalvík, Ísafj.
7 Udenlandsk dæksbåd med sejl.

efftersom den vender mod aabet hav og NW vinde og er sjælden fri for drivis, naar den kommer paa den kant, som skeer særdeeles om vinteren og foraaret.

6° I Fliot[1] kort norden for Adalwyk og Rekawyk[2] er og en havn til at löbe ind paa for storme, men ej til at ligge længe, efftersom den ligger for aabet hav ligesom Adelwyk.

7° Hafn paa Strande[3] tet ved Hornet[4] eller Cap de Nord er en stor og ret god havn, der löbe og offte ind udenlandske hukkerter, da der ej har vejrlig at fiske i norderhavet. Den er baade meget lang og vid og dyb med en god grund. Stærke storme komme ej ind paa den fra nogen kant, dog ligger den helst imod nordvest vinde, som der vel komme, men ej skadelige inderst paa den. Vigen selv eller fjorden, som overhoved kaldes Haufn, ligger saa nær ½ mil söes ind i landet og er næsten lige bred forrest, bliver dog lidt effter lidt smalere, indtil havnen selv begynder inderst i vigen.

Saa stille og roeligt er der offte inde paa denne havn, at islandske baade kan offte fiske paa den (thi der kommer offte mængde af fisk), naar ingen kan være paa söen uden for den formedelst storm. Ved strandbredden udefter fjorden sees paa mange stæder meget drivtömmer, som tilhörer gaarden, der ligeledes kaldes Haufn. Neder i havnen rinde mange smaae aer og bekker. I disse aaer er offte megen sillung[5] om sommeren. Denne havn var en af de beste, hvis man ej havde at frygte for havis (drivis) paa den, men den kommer der offte ind om vinter og foraar, naar den ellers driver for Strande.

Flere havne af nogen nytte veed jeg ikke at være til i den nordere del af Isefiordssyssel. Jeg slutter med den bön, at disse faae linier maatte vel optages og til det beste hentydes.

Kirkebol,[6] Gudlöger Svensen[7]
den 10de Octobr. 1770.

1 Fljótavík, Ísafj.
2 Rekavík bak Látur, Ísafj.
3 Höfn i Hornvík, Ísafj.
4 Horn på Hornbjarg, Ísafj.
5 Ørred. Islandsk *silungur*.
6 Kirkjuból, Langidalur, Ísafj.
7 Guðlaugur Sveinsson (1731–1807), præst på Kirkjuból, Langidalur, Ísafj.

Séra Guðlaugur Sveinsson á Kirkjubóli skrifar um aga vinnuhjúa 11.10.1770. Lit. J. N° 2.

Pastor Guðlaugur Sveinsson på Kirkjuból skriver om tugt af tjenestefolk 11.10.1770. Lit. J. N° 2.

ÞÍ. Rtk. D3/1–22 (bréfið/*brevet*); D3/1–23 (dönsk þýðing/*dansk oversættelse*). Innsigli/*segl*; Innskráð/*indskrevet* 24.12.1770.

Áritun/*påskrift*: Jndkommet 24. Dec. 1770; Fra præsten til Kirkeboel Gudlog Svensen; Lit. J. N° 2.

Eftir kóngl. Maj^ts^ allra náðugustu befaling og svo sem oss geistlegum með einu höjrespective circulair skrifi[1] hefur verið ávísað að inngefa vora meining um eitt og annað sem landinu mætti nauðsynlega til nytsemdar horfa. Svo er af mér einum þeim ringasta meðal prestanna í þessu héraði í djúpustu undirgefni fyrir augu þeirra veleðla herra Commissariorum, eftirfylgjandi framsett og innsent til víðari eftirþanka.

Þar er almennilega yfirklagað í landinu hvörsu bágt og örðugt sé orðið að fá góð og dygðug vinnuhjú, þau er nokkra stund þjóna einum húsbónda.[2] Sál. lögmann P. Vídalín[3] klagar allareiðu yfir því á sínum dögum í einu sínu skrifi, hvörs innihald sá hálærði hr. professor Erichson hefur framfært í sinni ypparlegu bók um *Íslands opkomst* sem útgefin er næstliðið ár.[4]

Hvörsu mun það þá ekki hafa vesnað í svo mörg ár síðan lögmann Vídalín þetta skrifaði? Og vesnar daglega sem reynslan kennir. Margt hvað vinnufólk sem að nokkru gagni er, svo snart því býðst ein góð vist, skrúfar það sig svo hátt upp að kostum og kaupgjaldi að ekki einasta fátækur almúginn, heldur og svo þeir sem meiri efni hafa, kunna ekki án stórs skaða það að halda, en mega þess þó ei án vera.

[1] Dreifibréf.

[2] Á spássíu: Viðlíka klögur hef ég lesið eftir útlenskum í *Danmarks og Norges Oeconomiske Magazin*, V. b. p. 45.

[3] Páll Vídalín (1667–1727), lögmaður sunnan og austan 1705–1727.

[4] [Jón Eiríksson], *Udtog af afgangne Lavmand Povel Vidalins Afhandling om Islands Opkomst under Titel Deo, Regi, Patriæ*.

1[a] orsök til þessa er að vísu sú ekla sem er á fólki í landinu, sérdeilis þeim hraustu og ógiftu, hvar við bágt mun bót að ráða að svo stöddu.

2[ur] orsök er öngvu minni, nefnilega þær mörgu lauslætisbarneignir sem á ganga í landinu, að margt fólk svo snart það kemur til aldurs tekur að afla barna í frillulífi, sumir og tveggja eður jafnvel fleiri, áður en þeir nokkurn tíma finnast hæfilegir til að gefast í hjónaband. Hvörs vegna þar finnast margar sveitir í hvörjum varla er meir en helmingur vinnuhjúa sem ekki hefur aflað barna í frillulífi, hvör börn annaðhvort mega uppalast á sveitinni eður og svo menn hljóta að taka þau með vinnuhjúinu, hvörs kaup þó aldrei nægir til barnsins uppfósturs, auk þess sem hjúið þarf þar fyrir utan til fatnaðar og annars nauðsynlegs aðbúnaðar. Og er þetta hvort um sig búanda fólki ekki til lítils áþunga.

3[ja] orsökin er í þeirri óreglu sem allvíða gengur yfir við fölun og vistarráð vinnuhjúanna sem ég veit ei hvort nokkurs staðar á landinu muni eins vera og hér í sýslu. Vinnuhjúin keppast eftir, sem vonlegt er, að vera þar þeim er best boðið. Vegna fólkseklunnar bjóða þá húsbændur þeim, einkum karlmönnum, hvör í kapp við annan á stundum, þó heimuglega.[1] Vinnumaðurinn veit að færa sér þetta í nyt og segja soddan kost fái hann hjá þeim og þeim, og því ætli hann þar að vistast. Hér í verða þeir óformegandi ekki stórum eftir, því ef þeir geta ei sem hinir efnabetri boðið eður gefið þeim svo mikið kaup, þá fóðra þeir í þess stað ásauð[2] eður aðrar kindur fyrir hjúið, hvar af það hefur lömb, ull og annan ábata allan. Og má húsbóndans fé hér fyrir títt og oft skort líða á vetrardag, og jafnvel í harðendum og hungri út af deyja.

Hér að auki þykist þetta vinnufólk hafa meira sjálfræði hjá fátæku fólki, því hafi það ei allt eftir því sem það sjálft vill eður því er skipað nokkuð það verk sem því er ei geðfellt, þá má húsbóndinn af mörgum hvörjum heyra þetta og annað þvílík: Ég skal ekki vera hjá þér annað árið, þú skalt ekki þurfa að skipa mér það að ári, gjörðu það sjálfur og svo fleira. Hvar af það og kemur að soddan sjálfráðugt fólk, sem öngva tilsögn eður umvöndun þolir, lærir sjaldan almennilegan verkshátt. Sumir setja það og upp við húsbóndann að þeir skuli vera sjálfs síns eða lausir, að fjórða parti, þriðjungi eður jafnvel helmingi, þó í yfirhylmingu þeirri að þeir séu í vist. Má þó húsbóndinn öngvu að

[1] Leynilega.
[2] Ásauður. Kvíaær, mjólkandi ær.

síður og svo að þeim parti fæða þá eins og vinnufólk, nema alleinasta að miðdagsmat, og hafa annaðhvort lítið handarvik eður ekkert í staðinn.

Hér af kemur það og að allvíða í þessu héraði er rart[1] að finna það vinnufólk, sérdeilis karlmenn, sem halda við í sömu vist yfir eitt eða 2 ár, hvörsu góð sem hún annars vera kann. Heldur er það hér víða plagsiður orðinn, að svo snart einn er inngenginn eina vist er hann strax (áður en hann reynt hefur sína nýju húsbændur) búinn að lofa öðrum húsbónda sínu vistarráði eftirkomandi ár, kannski og svo þeim þriðja þar eftirfylgjandi ár etc.

Allir fornuftugir menn sjá hvað hér af flýtur, en meðal annars ills og svo þetta, að nokkur vinnuhjú, sem ekki vilja betur vanda sig, hafa hér um sveitir tíðum vistað sig og enn nú vista hjá 2 eða 3 húsbændum að öllu til sömu ársvistar, og verður þó ei nema einn njótandi en hinir sitja í skaðanum. Fólk veit það vel að jafnvel þótt yfirvaldið vildi gjöra sitt besta í því að skaffa lög og rétt yfir soddan mönnum, þá bæði sökum þess stóra örðugleika sem hér er í sýslu að sækja yfir sjó og land í ýmislegri veðuráttu, einkum á vetrartíma, geta menn ei án stærsta kostnaðar, skaða og forsómunar á sínum heimilisnauðsynjum náð rétti sínum yfir þeim. Hvör kostnaður og skaði þeim verður aldrei af því efnalausa vinnuhjúi uppréttur.

Til með þá vistarskildaginn byrjast hér í sveitum, nefnilega um páska, þá vorvertíð upptekst, er þetta fólk (sem oft kann vera í annarri sveit) allareiðu komið til hins annars húsbónda og frá honum til sjóróðra. Má svo hinn annar þess vegna í skaðanum sitja. Víst er það að í vorum landslögum eru gjörðar mikið góðar og háprísanlegar anstaltir mót þessu og öðru regluleysi, og ekki síst í þeirri kóngl. allra náðugustu anordningu um húsagann á Íslandi af 3. júní 1746[2] (sem óskandi er að betur væri eftir lifað en sums staðar almennilega skeður). En svo sem áður er sagt kann fátækur almúginn ekki þola þann kostnað sem útheimtist til að færa slíkt undir process[3] og lagadóm í hvört sinn það skeður, og má því heldur þola þann skaða og mótgjörð svo búið.

[1] Sjaldgæft, erfitt.
[2] *Lovsamling for Island* II, s. 605–620 (Anordning om Hustugt paa Island, 3.6.1746).
[3] Málaferli, dómsmál.

Nú hefi í djúpustu undirgefni beþenkt að hið besta meðal hér í mót væri það háyfirvöldin vildu útvega eina kóngl. allra náðugustu forordning þar um að almúgafólk það sem engvar sérlegar inntektir hefur og einasta hlýtur að næra sig á handbjörg sinni, svo vel karlmenn sem kvenmenn, er í fyrsta sinni vill í ektaskap saman koma, skuli ei fyrr í hjónaband gefast en það hefur framvísað fyrir sínum sóknarpresti skriflegt attest sinna húsbænda og sveitarinnar hreppstjóra að það hafi annaðhvort hjá foreldrum eður einum öðrum búandi manni þjónað með dygð og trú samfellt í 5 ár eður hið ringasta 3 ár (og ekki sitt hjá hvörjum), síðan það var fært að vinna sér kaup og mat. Og mætti enginn húsbóndi neita þeim slíks attests eftir verðugleikum.

Fyrir utan slík attest mætti enginn prestur gefa soddan persónur í hjónaband, undir viðlagðar sektir (2 rd. í fyrsta sinni og tvöfalt svo mikið í öðru sinni). Hér með skyldu og sýslumenn hafa nákvæmlega umsjón og eftirspurn á árlegum manntalsþingum. Með þessu móti hygg ég bæði yrði betra að fá góð og dygðug vinnuhjú, sem einninn yrðu stöðugri í vist sinni, lærðu og því betur vinnu og verksháttu, sem og að haga sér skikkanlega, og fölgelig[1] yrði því hæfari til hjónabands og búskaparins á sínum tíma.

Aldsaa innstillist þetta í stærstu undirgefni til víðari eftirþanka af honum sem óskar að allt gangi siðsamlega.

Skrifað í Ísafjarðarsýslu,
d. 11. Octobris 1770.

* * *

[Oversættelse 1771]

Efter kongel. Maj^{ts} allernaadigste befaling, og saasom det er bleven os gejstlige ved et höy respective circulairebrev tilholdt at insende vores betænkende om et eller andet, som landet kunde ansees nödvendig at være tjent med. Saa er af mig, som en den ringeste iblandt præstene i dette herred, udi dybeste underdanighed for de velædle hhhr. Commissarier til videre i eftertanke fölgende fremsat og indstillet.

[1] Þar af leiðandi, þess vegna. Danska *følgelig*.

Der klages i almindelighed over i landet, hvor vanskelligt og besværligt, det er bleven at faae gode og troe tjenistefolk, der nogen tid vil tjene en husbond.[1] Salig laugmand P. Widalin[2] klager allerede over samme i sin tid i et af sine skrifter, hvis indhold den höylærde hr. professor Eiriksen har fremfört i sit ypperlige skrift om *Islands Opkomst,* som er udgaaen næstleden aar.[3]

Hvor meget mon det da ej er forværret i saa mange aar, effter at laugmand Widalin skrev dette, og det forværres daglig, som erfarenhed viser. Mange af tjenistefolk, som due noget, saasnart det tilbydes en god tjeniste, opskruer det sig sa höyt til medhandling og lön, at ej allenne fattig almue, men og de der har större ævne, kan ej uden stoer skade holde dem, men maae dem dog ej undvære.

1ste aarsag hertil er vel den mangel, som er paa folk i landet, allerhelst duelige og ugiffte, hvorpaa saa hastig er vanskeligt at raade boed.

2den aarsag der slet ikkun er mindre, nemlig de mange leyermaal,[4] som gaae i landet, at mange folk, saasnart de kommer til aare, begynder at avle börn uden ægteskab, nogle 2 à 3 eller og fleere, förend de nogensinde befindes værdige at indlades i ægteskab. Hvorfore der findes mange repper, i hvilke neppe er meer end halvparten af tjenistefolk, der ej har avlet börn uden ægteskab. Hvilke börn enten maae opfostres paa reppen, eller og man nödes til at tage dem tillige med tyendet, hvis lön dog aldrig strækker til barnets opfostring foruden det, tyendet behöver desuden til klæder og andet nödvendigt. Og er dette hver for sig boende folk til ikke liden tyngsel.

3ie ligger i den uorden, der paa mange stæder overgaaer i det, naar tjenistefolk begæres og antages, som jeg dog ej veed, om paa noget stæd af landet er ligesom her i dette syssel. Tjenistefolkene, som vænteligt kieppes om at være der, hvor dem tilbydes mest. Formedelst folkemangelen byde da husbonderne dem, helst mandfolkene, den ene i kapp mod den anden, dog undertiden hemmelig. Vindemanden veed at före sig dette til nytte og sige, at han kan faa den eller den vilkaar

[1] I marginen: Ligedanne klage har jeg læst effter fremmede i *Danmarks og Norges Oeconomiske Magazin* V. b. p. 45.

[2] Páll Vídalín (1667–1727), lovmand for syd og øst 1705–1727.

[3] [Jón Eiríksson], *Udtog af afgangne Lavmand Povel Vidalins Afhandling om Islands Opkomst under Titel Deo, Regi, Patriæ.*

[4] Lejermål. Samleje uden for ægteskab.

hos den og den, og derfore agter han at antage der tjeniste. Her bliver de uformuende ikke meget effter, thi kan de ej, som de meer formuende tilbudet eller gifet saa stor lön, da foedrer de i dets stæd faar eller creaturer for tyendet, hvoraf det faaer lamb, uld og ald anden fordel, og maae husbondens creaturer herfore tidt og offte holdes knap om vinterdage og kanske dö af hunger.

Herforuden synes dette tyende, at det er meer selvraadig hos fattige folk, thi har det ej alt, efftersom det selv vil, eller det bliver befalet noget værk, som det er ej behageligt, da maae husbonden höre dette og andet deslige: Jeg skal icke være hos dig det andet aar, du skal icke have nödig at befale mig det at aare, gjör du det selv og flere. Hvoraf det og kommer, at saadan selvraadigt folk, der ingen tilsage[1] eller undervisning taaler, lærer sjælden almindelig arbejdsmaade. Somme betynge det og ved husbonden, at de skal være löse for fjerde, tredje eller og den halve deel, dog under det skin, at de ere i tjeniste. Ikke desto mindre maae dog husbonden ogsaa for den deel föde dem ligesom sit tjenistefolk, undtagen om middagen, og have enten en ringe tjeniste eller intet derfore.

Heraf kommer det og, at paa mange stæder i dette herret er rart at finde det tjenistefolk, særdeles mandfolk, som holde ved i samme tjeniste over et eller 2 aar, i hvor god den ellers kan være. Langt meer er det her mangen stæds bleven til en vane, at saasnart een har indgaaet en tjeniste, er han strax (förend han har prövet sine nye husbonder) bortlovet til tjeniste til en anden husbond næste aar, og kanske den 3ie det derpaa fölgende etc.

Alle fornuftige folk see, hvad heraf flyder, men iblandt andet onde ogsaa dette, at somme tjenistefolk, der ej agte meer redeligehed, have her i disse repper tit antaget tjeniste, og endnu antage den, hos 2 eller 3 husbonder for det heele til samme aar, hvilken dog ikkun en kan nyde, men de andre tager skaden. Mand veed vel, at skjöndt sysselmanden gjör sit beste i at skaffe lov og rett over saadanne mennisker, da baade formedelst den store besværlighed, som her i sysselet er, at reyse til lands og vands i adskillig veyrlig, især om vinteren, kan man ej uden störste bekostning, skade og forsömelse af sit huses anliggender naae sin rett over dem, hvilken bekostning og skade de faaer aldrig af det fattige tyende gotgjört.

[1] Tilsagn, anvisning.

Ligeleedes den dag folk skal til træde til tjeniste, nemlig ved paasketiden, da vor vertid begynder, er dette folk (som offte kanske i andre reppe) allerede kommet til den anden husbond og fra ham til söes, hvorfore den anden for den skyld maae sidde oppe med skaden. Vist nok ere den i vore landslove gjorte höypriselige anstalter mod denne og anden uorden, og ej mindst i den kongel. allernaadigste anordning om hustugt i Island af 3. Junii 1746[1] (som der var at önske, at blev beder effterlevet, end som det somme stæder sker i almindelighed). Men som för er sagt kan fattig almue ikke taale den bekostning, som udkræves at före sligt til process og tinge, so offte det skeer, og maae man heller taale den skade og ulejlighed stilltiende.

Nu har jeg i dybeste underdanighed betænkt, at det bedste middel herimod var, at höyövrigheden vilde udvirke en kongelig allernaadigste forordning, at almuefolk, der ikke har nogen særdeles indkomster og allene maae nære sig af sit haandarbejd, saavel mandfolk som fruentimmer, som förste gang vil komme sammen i ægteskab, skulde ej för indlades i samme, end de har fremvist for sin sognepræst skriftlig attest fra sine husbonder og reppens reppstyrer, at de har enten hos foreldre eller en anden boende mann tjent med dyd og troeskab udi samfulde 5 aar (eller i det ringeste 3 aar) og ikke det eene aar hos den anden, efter at den havde[2] faaet kræffter at fortjene kost og lön, og maatte ingen husbond nægte dem dette attest efter fortjeniste.

Foruden saadanne attest maatte inge præst indvie slige personer i ægteskab under straf (2 rdr. förste gang og engang saa meget anden gang). Herom skulde sysselmændene have nöyagtig opsyn og efterspörsel paa de aarlige mandtalstinge. Paa denne maade tænker jeg, baade blev bædre at faa dydig tyende, som og blev stadigere i tjenisten, lærde og des bedre arbejd og værks adfærdt, som og at före sig skikkelig op, og fölgelig blev dis beder skikkede til ægteskab og husholdningen i sin tid.

Altsaa indstilles dette i störste underdanighed til nöyere eftertanke af den, der önske at maatte gange sædsomlig.

Skrævet i Isefiordssyssel,
d. 11. Octobris 1770.

L. S.

[1] *Lovsamling for Island* II, s. 605–620 (Anordning om Hustugt paa Island, 3.6.1746).
[2] *Var* overstreget.

Séra Guðlaugur Sveinsson á Kirkjubóli sendir ritgerð sem hann nefnir „Um garðlag“ 30.11.1770. Lit. DD.

Pastor Guðlaugur Sveinsson på Kirkjuból sender en afhandling, som han kalder “Om gjærders opförsel” 30.11.1770. Lit. DD.

ÞÍ. Rtk. D3/2–14.
Innsigli/*segl*; Innskráð/*indskrevet* 12.3.1771.

Áritun/*påskrift*: Jndkom d. 12. Martii 1771; Hr. Gudlog Svensen præst til Kirkebol i Jsefiords Syssel; Lit. DD.

UM GARÐLAG

§ 1. Það er bæði augljóst og ómótmælanlegt hvörsu að garðar og girðingar, bæði um tún sem og í engjum og úthögum (þar sem því verður með nokkru móti viðkomið), færa ekki alllítið gagn og nytsemd með sér einum búandi manni, svo vel hvað grasfeng viðvíkur, sem einninn ef sáðverk skyldi nokkurn tíma í landinu takast, að fá hið sama þar með í gott stand sett. Menn kunna að skynja að nær dögg og regn fellur staðnæmist það miklu betur í einu umgirtu plátsi, hvar það alla vega frá garðinum náir að slá og dreifa sínum vökva inn í túnið eður það umgirta pláts, heldur en þar það á einnri flatri og opnri (garðlausri) jörðu auðveldlega rennur burt með mikið af sínum besta vökva. Sama er að segja um þau lög sem túnáburðurinn í sér hefur, hvör og svo miklu meir spillist og burt rennur á einu óumgirtu túni. Svo er og ætíð meira hlé við stormum, frosti og óveðrum undir soddan görðum en á flatlendi, þar veður altíð um svo æðir, hvar fyrir og svo sá snjór sem að þeim safnast geymir jörðina miður frosna um vetrardaginn og vökvar hana ei síður þá hann uppþiðnar á vordögum. Sömuleiðis þá sólin náir að skína, gjörir hún og svo nokkra reflexion eður til baka kast með sínum strjálum[1] og hita frá garðinum inn í túnið og þanninn vermir það því betur.

[1] Geislum. Danska *stråler*.

§ 2. En sérdeilis eru þessi umgirtu pláts, hér fyrir utan, miklu framar frí fyrir fénaðarágangi, þar eð hin önnur sem öngvar girðingar um sig hafa, standa opin fyrir hvörri skepnu sem að kemur og verða varla varin (hvörsu mikla vaktan og ónæði sem menn annars þar fyrir hafa) fyrir peningságangi sjálfs ábúandans, eður annarra nágranna, sem treður og bítur grasið til stórs skaða, samt sporar jörðina, ekki alleinasta á engjum hvar öngvir vörslugarðar eru, og því nær sem ómögulegt þær að vakta, heldur og svo á túnunum sjálfum er menn plaga þó mest að verja um gróðrartímann. Hér fyrir utan er hestaágangur og svo túnum og engjum á öllum tímum hinn skaðlegasti, sem bæði sporast og gaddast af þeim, miklu meir en öðrum fénaði. Hér út af orsakast og svo tíðum, einkum þá annarra fénaður gjörir slíkan skaða, kíf, óvild og þræta á millum nábúanna, sem og margs konar mæða önnur.

§ 3. Hér fyrir er svo mikið verk, ómak og kostnaður lagður upp á þessa garða og girðingar í öðrum löndum, bæði af tré, hrísi, grjóti etc. Svo og hafa einninn fyrri menn hér í landi lagt mikið kapp á að gjöra garða, bæði um tún sín sem og í engjum og úthögum, svo sem bæði má af fornum sögum ráða, sem og enn nú allvíða í landinu sjá [má] merki til. Ekki einasta um túngarða á velflestum jörðum, heldur og svo þar þeir hafa ei fengið svo stórt eða gott pláts umkring sjálfa bæina, sem þeim hefur þókt til túns nægja, hafa þeir og svo umgirt viss pláts annars staðar í landareigninni, ei mjög fjarlægt bænum, hvar þeim hefur sýnst best graslag til að fá enn nú meiri töðu til viðbætirs við heimatúnstöðuna. Og því sama til áburðar látið þar um nokkurn tíma af árinu ganga fé, kálfa eður ungneyti, og með því sama komið þar túnrækt í og þar af sæmilegan heyfeng fengið, svo sem af stekkjartúnum, hvar lömbum er stíað frá ám á vordag, sem og einum og öðrum girðingum, hvörjar (jafnvel þó nú víðast forfallnar séu) sjást þó enn nú af eftirleifunum, hvar verið hafa í mörgum stöðum, undir nafni af kálfastíur, traðir, aukatún, lambabyrgi etc.

§ 4. Svoleiðis minnist ég að í því plássi ég var uppalinn í Snæfellssýslu (í hvörju plássi öll tún voru umgirt með görðum og jafnaðarlega útaukin, jafnvel þó landslagið væri ei sem best), var þar nokkurt pláss temmilegan veg frá bæjunum í einu hrauni umgirt alla vega með grjótgarði, sem var nefnt Kálfatröð,[1] hvar eð með góðri rækt hefði

[1] Örnefni í landi Hellna, Snæf.

mátt hafa mikið gras, svo sem plássið hafði lítilfjörlega túnstærð. Og í öðrum stað sem nefndist Sjávartröð,[1] hvar menn meintu og áður hefði bær verið, en túngarðurinn var þar forfallinn. Og svo er þetta í mörgum stöðum víðar á landinu, sem til dæmis á Snæfjöllum hér í sýslu, sem er eitt hið fátækasta prestakall í stiftinu (hvar ég þjónaði sem prestur í 10 ár), var ei hægt til túns heima við bæinn, svo sem það vegna grjóts, smálækja og snjóar, sem þar rétt við túnið oftlega á liggur fram yfir mitt sumar, verður ei gott gjört né útvíkkað. Þar hafi menn í fyrri tíð í 3 stöðum nokkuð frá túninu gjört þessar girðingar, eður aukatún, hvört eitt fyrir sig svo stórt sem þriðjung af heimatúninu, jafnvel þó garðarnir væru löngu niður hrundir og í mestu órækt komnir þá ég kom þar. Viðlíkt má og sjá víðar þar í sveit.

Hér í sveit á einum bæ, Laugabóli (hvar annars er þó hið besta og stærsta tún hér um sveitir), hefur þó við sjóinn nokkurn spöl frá túninu verið ein fjórköntuð girðing sem er á lengd 40 faðmar, á breidd 28 faðmar, hvör faðmur reiknaður 3 íslenskar al. Sömuleiðis á Melgraseyri (vel rectius Mjölgraseyri), ein önnur 67 faðma löng, 20 faðma breið. Sú þriðja er í Tungu 50 faðma löng, 35 faðma breið. En hvört þessar 3 síðurstu hafa verið aukatún eða sáðgarðar kann ég ei fyrir víst segja. Jafnvel þó mér líkara þyki þær hafi heldur sáðgarðar verið, þar innan í þeim sem á Melgraseyri er stendur einn minni garður ei meir en 12 faðmar allt um kring, sem og að jörðin sýnist draga sitt nafn af sáðverki, nefnilega Mjölgraseyri. En sá í Tungu kallast almennilega enn nú í dag Akur, og væri það svo er það eitt gott merki að hér um pláss hafi áður sáðverk verið, og mætti enn nú takast ef rétt væri meðhöndlað.

§ 5. Ekki einasta hafa þeir gömlu fornmenn vegna þeirrar nytsemdar sem þeir hafa séð hér af fljóta, lagt svo stóra kostgæfni og ástundan á að gjöra og uppfæra þessa garða og þeim við makt halda, heldur og svo fengið þetta innfært í landslögin svo vel þau eldri sem nýrri. Og er það merkilegt að þar inni eru tilætlaðir (a)[2] þrír mánuðir

[1] Eyðibýli í landi Hellna, Snæf.

[2] Á spássíu: (a) Grágás, landabrigðabálkur, cap. 16. Vorönn er fyrst, hún er uns mánuður er af sumri, en löggarðsönn er síðan tvo mánuði, þá er heyönn aðra tvo mánuði, en þá er garðlagsönn hinn efsta mánuð sumars. [*Grágás. Islændernes lovbog i fristatens tid*. 2. del, s. 91.] Jónsbók, landsleigubálkur, cap. 31. Hvör maður skal löggarð hafa um töðuvöll sinn, þó að ei hafi fyrr verið etc. Cap. 54. Um garðlags-

á ári til alls garðlags og þeirra endurbóta, á hvörjum menn skyldu þetta eina gjöra, og færa heim eldivið, samt hirða um búfénað.

§ 6. Stæðsti skaði er að þessum görðum hefur ei verið uppi haldið á landinu, hvar við það þó væri nú í miklu betra standi en það er í margan máta, heldur eru þeir í flestum stöðum aldeilis forfallnir og aflagðir, hvar til vera kunna þessar orsakir. 1. Landsins meir og meir tilvaxandi fátækt og fólkskortur, þar eð velflestir búendur geta hvörki sökum efnaleysis haldið svo mörg vinnuhjú sem í fyrndinni, kunna ei heldur að fá þau vegna fólkeklunnar og kannski fleiri óhagnaðar, er ég vil hér ei um tala, hvar af og svo kemur 2. önnur orsök. Nefnilega að menn sökum harðendanna og áður umgetinna bágenda verða að draga sínar vorannir, sérdeilis fiskiróðra og matvælaaðdrætti fram á þann tíma sem tilætlaður var til garðannanna. Jafnvel rétt fram undir sjálfan heysláttinn eður heyannatímann, hvör og svo tíðast yfirstendur nú um stundir meir en þann tiltekna 8 vikna tíma. Til dæmis er hér um sveitir, hvar menn hljóta að liggja til útróðra frá sumarmálum til þess 10, 11 eður jafnvel 12 vikur eru af sumri, ef þeir annars skulu nokkra fiskbjörg fá til síns heimilis. Og hér að auki er það allvíða um landið sem menn hljóta að gjöra langar ferðir til sinna nauðsynlegra heimilisaðdrátta. Einnegin á haustdaginn, sem og á þeim tíma er heyannir ekki yfirstanda, að byggja og endurbæta hús sín og bæi, og ringar þetta allt garðannatímann. Öngvu síður verður því ekki neitað, að ekki sé síðsta orsök til þessa kemur af nokkurs konar hirðuleysi, svo vel jarðaábúendanna sjálfra sem tíð eftir tíð hafa látið þessa (áður svo mikið upp á orkuðu) og nytsamlegu garða og girðingar smám saman eyðast og án nokkrar aðgjörðar og endurbótar á því sem árlega skemmst og hrörnað hefur loksins niður falla og í grunn ruinerast.[1] Sem og umsjónar- og aðheldisleysi hinna annarra er þar hafa átt yfir að sjá og segja, og ekki einasta hvorki áfýst[2] né upphvatt ábúendurnar

stefnur: Sú er hin fyrsta lagastefna til þessa garðlags þegar torfuþítt er og þar til menn vinna völlu sína. Sú er önnur þá lokið er vorverki og til þess heyslægna tekur til. Sú hin þriðja þá hey er hirt og til þess jörð frýs. … Allt það þar á millum spillist að þessum görðum, þá skal í þessum stefnum bæta. … Ekki skal vinna á meðan garðanna er, annað en (reka smala) heim og heiman og færa heim eldibranda. [*Jónsbók. Lögbók Íslendinga*, s. 178–179; 194–195.]

1 Eyðileggjast, leggjast í rúst.

2 Eggja, hvetja.

hér til, heldur og látið þetta í viðlíku hirðuleysi og órækt hjá sér sjálfum ganga, hvar fyrir þessa garða er nú varla eður allfæstum stöðum á landinu að sjá eður finna í nokkru standi, því til ekki alllítils skaða og fordjörfunar.

§ 7. Nú svo sem það er vors allra náðugasta kóngs óþreytandi landföðurleg umsorgun og allra náðugasti vilji að landsins ástand megi allt meir og meir forbetrast og lífvænna gjörast en það um nokkra umliðna tíma verið hefur, hvar til líklegt og ótvílugt[1] er að allir landsins patrioter[2] leggi á hendur, og öngva mögulega fyrirhöfn og kostnað þar til spari. Meðal annars er þá ekki hið síðsta sem þénar til almennilegs búskaparstands endurbótar og nytsemdar, hérnefnd garðabygging og viðhald, bæði í kringum tún og akra, ef nokkur tilraun gjörð verður að koma í stand sáðverkinu. Sem og í engjum og úthögum svo vítt mögulegt væri, sem áður er sagt. Hvör og einninn svo mikils er metinn í öðrum löndum að stórir menn spara þar hvorki til ómak né upphvatning, og ekki jafnvel sína peninga, svo þeir og svo með (b)[3] fégjöfum þar upphvatt bændur og búandi fólk til hins sama með öðru fleira.

En með því það er ómögulegt í þessu fátæka landi að menn kunni svo í hasti að hlaða og uppbyggja svo mikla garða að nokkur stór munur sé að, þá hefi ég umhugsað hvörninn það sama kynni gjörast smám saman eftir hendinni með hægasta kostnaði og minnsta ómaki á allar síður. Hvörja mína einfalda meining ég í ljósi læt með þessum fáu eftirfylgjandi línum, öðrum sem betra og meira forstand og skynsemi hafa til frekari eftirþanka.

§ 8. Á sérhvörju býli stóru eður smáu skyldi ábúandinn vera skyldugur að hlaða um tún sitt 1 faðm af löggarði fyrir hvört (bb)[4] jarðarhundrað sem hann á býr árlega, svo að sá sem býr á 5 hundrða jörð skyldi árlega hlaða 5 faðma, sá sem á 10 hndr. býr 10 faðma, á 15 hndr. 15 faðma, á 20 hndr. 20 faðma og svo framvegis. Þetta sýnist mér líklegast í tilliti til bóndans efna, hvör eð því meiri eður minni efni

[1] Áreiðanlega, án efa. Danska *utvivlsomt*.
[2] Föðurlandsvinir.
[3] Á spássíu: (b) Sjá formála til *Danmarks og Norges Oeconomiske Magazin*, V. b.
[4] Á spássíu: (bb) Í *Danmarks og Norges Oeconomiske Magazin*, II. b. p. 168 er tilætlað að maður skyldi uppsetja af steengjærder 5 favne for een skieppe jord etc. For hver favne 6 à 8 sk. men 2 rd. straff om det forsömmes.

hann hefur, því fleiri eður færri jarðarhundruð hefur hann oftast undir bú sitt. Þetta sýnist og ekki mjög stór verkatöf fyrir einn bónda, því svo sem það er ætlandi að einn almennilega verkfær maður gjöri aldrei minna en hið ringasta, 2 faðma á dag af einum þvílíkum garði, sem hér eftir verður ávísaður § 10. Jafnvel þó hann þyrfti efnið nokkurn spöl frá garðinum að uppstinga og þaðan að færa, þá gjörir þetta strax 12 faðma á einnri viku af einum manni. En margfaldast eftir því sem fleiri að verkinu væri, svo á einnri viku sýnist einn maður ótvíleglega geta aflokið þessari skyldu fyrir 12 hundraða jörð, 2 fyrir 24 hundraða jörð og svo framvegis. Og er þá ei mikið að kosta hér til einnri viku hjá þeim mörgu sem áður voru þar tilætlaðar. En þetta ber fljótt saman, þó ei væri meira hlaðið á ári hvörju, svo að á nokkra ára fresti vildi túngarðurinn vera fullgjörður.

§ 9. Þessir garðar skyldu hlaðast af grjóti og jörð, þó mesta part af grjóti þar sem það fást kann nálægt túnunum eður hvað best er af tómu grjóti, ef það svo mikið til væri, þó held ég best að binda það og þétta með lítillri jörð og mold altíð. Menn kynnu og hér til, þar tún eru grýtt, að grafa grjótið upp úr þeim, hvað hægast er að gjöra á vordag, þá klakinn er nýuppleystur og grjótið lausast í jörðunni. En holurnar hvaðan grjótið er tekið skyldu aftur uppfyllast með mold, bæjasorp, ösku eður túnsafrakstur, allt vel niðurtroðið, hvað ið gjörir gott gras þá frá líður.

Menn kynnu og að tína saman eður brjóta upp grjót á haustdag, þó lengra frá túninu væri og kasta því saman í stórhrúgur, hvað á vetrardaginn auðvelt er heim að draga á litlum sleða, sem þar til gjörast mætti, vel 2 al. eður mest hálf þriðja alin á lengd en frek alin á breidd. Hann þarf ei öðruvís gjörður að vera en af 2 litlum hliðtrjám 6 à 7 þumlunga háum en hálfs kvartels þykkum, uppbognum í fremri endann sem menn kalla sleðakinnar, hvar til menn og svo stundum hafa sundur sagað hvalrif þar það fæst, einkum í litla sleða. Í gegnum þessar kinnar eður hliðatré ganga sterkar rimar viðlíka þéttar og í börum en nokkuð sterkari. Ellegar menn negla borðkafla ofan á þær ekki lengri en alin og hálft kvartel mest sem áður er sagt, því sé sleðinn breiðari verður ofuróhægt að draga hann eður fram koma einkum þar þýft er. Fremsta fjölin rís upp þar kinnarnar eru uppbognar til að hamla því að það á sleðanum er fram af renni þá ofan í móti er. Fram undan

henni í gegnum kinnarnar, þar þær rísa mest frá jörðunni, er sterk rim ein ferskeytt eður sívöl sem menn kalla möndul. Um hana er bundið bandinu sem sleðinn er á dreginn. En í gegnum kinnarnar eru göt eður hankar í þeim, fleiri eður færri eftir sem sleðinn er stór til, til að binda niður í það á honum er, svo ei út af velti.

Á þvílíkum sleða kann einn maður í góðu hjarni, svo miklu í einu heim að koma sem 2 hestar geta að þyngd borið, eður jafnvel meira þá ekki er mikið upp í móti. En þá ofan í móti er gengur maður eftir sleðanum og rekur hann lítið með fætinum undan sér, en einasta hefur tvær tangir aftan í kinnunum eður hliðatrjánum, með hvörjum hann stýrir honum, þá sleðinn rennur sjálfur ofan eftir brattlendinu, og er þá ekki síður stillingarvant að halda honum við og stýra honum rétt svo hann ekki dragi mann eftir sér til skaða.

Þessa sleða brúka menn allvíðast á Ströndum til velflestra vetraraðdrátta þá því verður viðkomið, og hef ég einu sinni séð það 2 menn drógu á einum soddan nær 3 al. löngum yfir eina bratta og örðuga heiði í góðu hjarni hér um 10 vætta þyngd af hval, sem var hlaðinn í bunka og fast niður bundinn á sleðann. Smásleðar soddan eru hér og víða brúkaðir til að draga með áburð á tún á vetrardag.

Hér fyrir utan draga sumir menn stórar hellur eður steina á vænum hríslum eður í boginni fjöl og getur þá einn dregið meir en 3 menn annars lofta kynni þá búið er að velta því upp á, með því annar styðji það en þó varla annars staðar en þar ofan í móti eður áfram er. Þetta væri til mikils léttirs að færa heim grjót til veggja eður túngarða. Þar lítið eður ekkert grjót fæst verða menn að brúka hnaus og torf í húsveggi og garða. En með því rista og stunga fæst ei auðveldlega í öllum stöðum, sem og að menn kunni það sem mest að spara, þá er hentugast menn skeri upp þúfur þær sem oftlega finnast í kringum túnin, og til einkis betur þéna, og brúki þær til garðhlöðslu, hvar til þær eru nógu hæfar, einkum þá þær eru þunnt stungnar eður skornar, og moldin undan tekin og innan í garðinn höfð.

§ 10. Hvað hæð og þykkt þessara garða viðvíkur þá segir lögbókin (c)[1] að þeir skuli vera 5 fóta þykkvir neðan við jörð en 3 ofan og í öxl meðalmanni að hæð af þrepi þeim er hálf fjórðu al. er hár. Ég held

[1] Á spássíu: (c) Landsleigubálkur, cap. 31. [*Jónsbók. Lögbók Íslendinga*, s. 178–179.]

nægjast megi að einn garður sem annaðhvort á sléttu stendur eður upp á móti er að honum að sækja (d)[1] sé 2½ al. á hæð og eins á þykkt neðan, en að ofanverðu 5 kvarter þykkur og nokkuð hærri þar brekku að honum að utanverðu hallar. Hygg ég þá fénaður færi trauðlega yfir hann en það garðar eru þynnri ofan en neðan, um það verða þeir bæði að innan og utanverðu að sér að hlaðast, þó jafnfrekt að innanverðu. Samt hljóta menn í þessu að haga sér eftir landslaginu, hvort garðurinn er á sléttu eður mót brekkunni. Það er og betra að stinga 2 eður 3 hnausalög lítið út frá garðinum þar því verður við komið, eður með eitthvört slag gjöra lægra út frá honum, einkum þar ytri garðssíðan horfir mót brekkunni, svo á fénaður þess örðugra með að stökkva upp á hann.

Menn þyrftu og í einum og öðrum stöðum að hafa lítil göt eða vindaugu gegnum þá niður við jörðina, einkum þar væta eður lækir þurfa inn eður út að renna, þó ei svo stór að fé geti þar inn um komist. Menn hafa og hlið á garðinum þar vegur inn um liggur 4½ al. breitt. Þar inn frá skyldu vera traðir, hvörra veggir mættu vera þriðjungi lægri en túngarðurinn sjálfur, svo ei sé út í túnið riðið. Í hliðunum skyldu grindur vera eftir (e)[2] lögunum.

§ 11. Það vildi vera nokkur léttir og uppörvan til þessa garðlags fyrir þá bændur sem eru annarra leiglendingar (hinir sem á eigin eign sitja eður fríjörðum búa njóta sjálfir alls samans) ef því yrði á komið. Að þá þeir í fyrstu uppbyggði þessa svo löngu föllnu og niðurníddu túngarða, þá vildi húsbóndinn ábúandanum til nokkurs léttirs og þóknunar gefa honum upp af landskuldinni svo mikið sem svaraði 1 al. eður 2 fiska virði á landsvísu fyrir hvörn þann (f)[3] faðm er hann

[1] Á spássíu: (d) Ég hef nýlega lesið í svenskri bók, nefnilega professor Kalm reisu til Norður America, Tom. 1 p. 29, 30 hvörsu honum þykir best að hafa akurgarða sem úr grjóti eru að þykkt og hæð, þanninn: Rätta stengärdesgårdar, som skola vara durabla … högden af en sådan mur är 10 qvarter, tjockleken i botten 3 alnar, och öfverst en aln bred etc. [Pehr Kalm, *En resa til norra America*. Bind 1, s. 29–30.] Í *Danmarks og Norges Oeconomiske Magazin*, 1. b. p. 30 segir einasta om steengjærder: De skulde være breede neden for og smale oventil. Item 2. b. p. 168 om steengjærdes opsetning segir.

[2] Á spássíu: (e) Íslensk lög, landsleigubálkur 33. cap. Norsku lög 3. b. 12. cap. 18. art. [*Jónsbók. Lögbók Íslendinga*, s. 179–180 (kap. 32); *Kong Christian den Femtes Norske Lov*.]

[3] Á spássíu: (f) Hér með er ei meint að 1 faðmur veggs kunni ei meira að kosta, heldur að þessi 1 al. fyrir hvörn faðm skuli vera þóknan af húsbóndans hendi fyrir þetta garðlag.

hlæði árlega á meðan túngarðurinn yfirstæði sem yrði 10 al. á 10 hundraða jörðu, 20 al. á 20 hndr. jörðu og svo framvegis. En eftir það túngarðurinn væri fullgjörður skyldi ábúandinn halda honum við án nokkrar borgunar framar af húsbóndans álfu. Og er líklegt að sérhvörjum þeim jarðaeigendum sem vilja sjá jarðir sínar í fallegu og góðu standi þækti ei mikið fyrir þessum útlátum, sem ei stæði lengur en sjálf túngarðsgjörðin varaði.

§ 12. Þá úti væri túngarðasmíðið mættu menn þó ei að heldur hætta öllum garðlögum, miklu heldur leggja og svo hönd á hinna annarra garðaupphlöðslu, svo sem akurgarða (ef það takast kynni), aukatúna- og engjagarða af hvörjum görðum. Jafnvel þó þeir ei skylduðust til að upphlaða meir en hálfan faðm fyrir hvört jarðarhundrað árlega, en það upp á sinn eigin kost, þá bæri það þó fljótt saman svo með tíðinni vildu þar verða mörg umgirt pláss í landinu, því til stórra nota.

§ 13. Svo sem ekki einasta kaup og lofanir plaga að koma nokkru til leiðar, heldur og svo viðlagðar sektir ef það forsómað er eður á móti gjört, svo mundi það ei hér til lítið styrkja að hver einn sem helst búandi maður, hvort hann ætti sjálfur sína ábýlisjörð eður ekki, sem forsómaði að gjöra áðurnefnda garða mætti þar fyrir sektum. Og skyldi í fyrsta sinni fyrir hvörn faðm sem hann forsómaði að gjöra eftir áðursögðu, á ári hvörju úti láta 2 álnir eður 4 fiska á landsvísu og tvöfalt svo mikið fyrir hvörn faðm ef hann forsómaði það í annað sinn eður oftar, og þar að auki í þriðja sinn missa sitt ábýli ef hann er leiglendingur, hvörjar bætur skyldu takast úr hans búi með vottum virtar án nokkurs process, þá það væri sjálfbevísað að hann hefði forsómað garðinn að gjöra.

§ 14. Svo menn uppörvuðust enn framar til að gjöra sem mest af þessum görðum árlega, skyldi þeim 3 mönnum í hvörri sveit sem flesta faðma garðs gjörði, fram yfir það sem áður ásett er, gefast og útdeilast eftirfylgjandi premier eður laun:

1° Þeim sem gjörði á ári 12 faðma eður meir 2 rd. croner.[1]

2° Þeim sem gjörði 8 faðma eður meir allt til 12 faðma 1 rd. 4 mk. croner.[2]

[1] Virðist upphaflega ritað 1 rd. en skrifað ofan í 2 rd. Á spássíu er einnig ritað: 2 rd. croner.

[2] Virðist upphaflega ritað 4 mk. en breytt í 1 rd. 4 mk. Á spássíu ritað: 1 rd. 4 mk.

3° Þeim sem gjörði 4 faðma eður meir allt til 8 faðma 4 mk. croner.[1]

Þetta kaup skyldi ekkert koma við það sem húsbóndinn kynni að gefa sínum leiguliða af landskuldinni og áður er ráð fyrir gjört § 11. Hefðu 2 eins mikið gjört þá yrðu þeir að skipta til jafnaðar kaupinu. En hvaðan þessir peningar takast skyldu verð ég seinna að bera mig að finna og ávísa § 16.

§ 15. Þrír skýrustu, duglegustu og örðugustu hreppstjórar í hvörri sveit skyldu skikkast til að vera umsjónarmenn um þetta, hvörra skylda hér við væri:

1° Eengang á ári hvörju, (g)[2] vor lögbók segir það skuli vera um Bótólfsmessu eður þann 17. júní, að ríða á hvörn bæ í sveitinni og skoða þessa garða, meta þeirra gildleika og uppteikna hjá sér skriflega hvað hver hlaðið hefur, sem og hvað á brestur af því sem einn væri skyldugur að hlaða. Einninn hefði nokkur meira hlaðið þá það að uppteikna hvör það gjört hafi og hvað mikið.

2° Að innheimta hjá þeim sem garðlagið forsómað hafa bæturnar, nema þeim sem alkunnugt er að stórsjúkdómar eður að umflýjanleg forföll önnur og bágendi hafi þar frá bægt. Vildi sá forsómunarsami ábúandi þessar bætur ekki úti láta, skyldi þeir hafa makt til að taka með vottum svo mikið úr hans eigu, hvar helst sem þeir það fyrirfyndi og það án nokkurs víðari process eður dóms. Hvað af þeim skyldi varðveitast og ábúandanum til innlausnar frítt fyrir standa allt til áttunda dags þar eftir fyrir jafnmikla peninga og hann átti úti að láta.

3° Skyldu þeir og innkalla allt annað sem til þessa garðlags gjaldast kynni, hvar um hér á eftir talað verður § 16, og það sama varðveita.

4° Þeir skyldu og 8 dögum eftir það þeir hafa gjört garðabesigtelsið[3] útdeila áður umgetin præmia[4] til þeirra sem meira hlaðið hefði en áðursögð skylda ákveður, hvörjum eftir sinni forþénan. Þetta allt skyldu þeir skriflega gjöra og fyrir það allt reikning standa sem síðar segir. Fyrir þetta sitt ómak verða þeir að nægjast með 2 rd. krónum hvör um sig árlega.

§ 16. Svo sem það nú að peningaútgiftirnar bæði til launa fyrir þá

[1] Á spássíu: 4 mk.

[2] Á spássíu: (g) Landsleigubálkur 31. cap. [*Jónsbók. Lögbók Íslendinga*, s. 178–179.]

[3] Úttekt á görðunum.

[4] Verðlaunum.

sem meir hlaða en ásett er í skyldu nafni vera skuli, sem og fyrir ómak og fyrirhöfn garðlagsumsjónarmannanna er hér allareiðu ályktað að árlega vera skuli 10 rixdalir í croner fyrir eina sveit, sem er þó hið allra minnsta í soddan efni. Jafnvel þó landsins fátækt kunni það ekki að svo búnu framar að þola, hvað og svo aukast yrði ef þar til efni gæfist. Þá er það þó hið allra bágasta og vanskellegasta[1] að útfinna það meðal hvaðan þessir fáu peningar skuli takast í hvörri sveit, allt svo lengi ekkert oeconomiskt selskab[2] er upprétt í landinu sem með premier launaði þessar eður aðrar landoeconomiens forbetringar, og varla er heldur að vona það margir verði góðviljugir að gefa hér til, svo sem bæði almúginn og kannski fleiri áliti þetta fyrir ný óþarfa þyngsli. Þó samt hef ég þenkt að þetta eftirfylgjandi, væri það í verk sett, kynni nokkuð töluvert með tíðinni hér til að contribuera. Nefnilega:

1° Bætur þær allar sem tilfélli fyrir forsómun garðlagsins hjá þeim sem það vanrækti, sem (því verr) mundu ekki allfáir verða fyrst í stað, meðan það kæmist ekki algjörlega í verk.

2° Allir þeir sem í hvörri sveit giftust skyldu eftir efnum nokkuð lítið hér til gefa, nefnilega þeir sem giftust og ættu til þriggja hundraða og þar fyrir innan gæfi 2 fiska eður 4 sk. specie. Hér til þeir sem ættu yfir 3 hundruð allt til 5 hundraða 4 fiska. Þeir sem ættu yfir 5 hundruð, allt til 8 hundraða 6 fiska. Þeir sem ættu yfir 8 hundruð eður þaðan af meira 8 f. eður 1 mk. specie og aldrei fremur hvað mikið sem ættu, nema hvað þeir vildu sjálfir góðviljuglega gefa.

3° Þeir sem fara í nokkra vist, karlmenn eða kvenmenn, allt frá 16 vetra gömlum til 60 ára gömlum, hvört það væri heldur frá foreldrum eða vandalausum, skyldi hér tilleggja, karlmaður 2 fiska en kvenmaður hálfu minna. Sömuleiðis hvör húsbóndi sem vinnuhjú í vist tekur, skyldi þá það inngengur sína vist jafnmikið betala, nefnilega 2 fiska fyrir hvörn karlmann sem til hans fer og 1 fisk fyrir kvenmanninn.

4° Hvör einn lausamaður, hvört hann er laus að heilu eður hálfu í sveitinni, skyldi og hér til borga 5 fiska árlega í þeirri sveit sem hann sér uppi heldur.

5° Hvör sem bú reisir eður færir sig búferlum frá einnri jörð til annarrar eður við sig af jörðu bætir, skyldi í þeirri sveit sem hann búa fer

[1] Vandmeðfarið, erfitt. Danska *vanskelig*.

[2] Félag með það að markmiði að efla atvinnu og efnahag þjóðar.

gefa hér til 5 fiska að undanteknu því ef hann byggir upp eyðijörð sem í nokkur ár hefur óbyggð verið.

6° Allt það fé sem menn finna og enginn kemur eigandi að innan árs og dags, mætti eftir að því hefur þrisvar lýst verið nefnilega við kirkju, á hreppskilum og vorþingi, virðast og þess eftirblífandi verð, að afteknum fundalaunum og fyrirhöfn, hér tilleggjast. Sömuleiðis ef arfur kynni til að falla sem enginn vissi hvör erfingi til væri, ef hann þá mætti og svo hér tilleggjast.

7° Yrði nokkur sveit svo ómagafá að fátækratíundir hrykki meir en fyrir hennar ómagaframfæri, að þær þá og svo mættu svo lengi hér til ganga.

8° Allir þeir sem vistuðust hjá 2 eður fleirum í senn og hygðust annan hvörn að pretta eður þeir án löglegrar orsakar úr vist strjúka, skyldu fyrir utan þær sektir sem lög þar á segja og svo betala hér til 10 álna virði, og eins mikið þeir sem fyndust vísvitandi að hafa tælt þá hér til, sem og þeir húsbændur sem reka vinnuhjú án löglegra orsaka úr vist sinni.

Nautin forðast og margur að reka í kaupstað, þótt til hefði, með því þau eru hér miklu miður tekin en þau seljast vor á meðal innbyrðis. Fyrir þessar sakir kemur nú ei helmingur af almúga í kaupstað ár eftir ár og lifir við stóran skort og vesæld heima. Ég veit að þetta er allareiðu til leiðinda klagað og vil því ei fjölyrða þar um. En í því allra náðugasta leyfi sem hans kóngl. Maj^st^ hefur gefið, ei einasta embættismönnum, heldur og einum og sérhvörjum innbyggjara til að undirvísa og ráðleggja þeirri kóngl. Commission eftir sínu viti, hvað sem til landsins almennilegrar viðréttingar þéna kynni, þá dirfist ég til að gjöra forslag upp á þetta eftirfylgjandi:

1° Viljum vér hafa kauphöndlan árlega, alleinasta við vors allra náðugasta kóngs undirsáta, sem flytji til landsins alla nauðsynlega vöru, en ei aðra, og komi hingað svo snemma á sumrum sem verða kann. Separat höndlanin[4] væri oss þénanlegri en compagnis sem allir landsins patrioter[5] hafa bæði með rökum demonstrerað og einninn óskað.

[1] Vörur án fasts verðlags utan vörutaxtans.

[2] Prjónavörur.

[3] Smáband. Fínt ullargarn til að prjóna úr sokka og vettlinga.

[4] Separathandel eða sérverslun. Verslunarfyrirkomulag þar sem hafnirnar voru leigðar út til einstakra kaupmanna líkt og tíðkaðist á fyrri hluta 18. aldar. Gagnstætt við félagsverslun (da. *kompagnihandel*) þar sem allar hafnir landsins voru leigðar út saman til eins félags líkt og á dögum Almenna verslunarfélagsins (1764–1774).

[5] Föðurlandsvinir.

2° Taxtinn sem gjörðist 1702[1] viljum vér haldist (sem vér höfum nú haft uppi 70 ár) á allri þungavöru, samt öðru sem þar er tilnefnt, og nú nauðsyn að innfæra eftir tíðinnar tilstandi. En ótaxerða varan gangi eftir því sem sett var á næstliðnu sumri, er fæstir fá þó að vita. Íslenska varan aftur á móti óskum vér auðmjúklegast að megi framfærast í nærverandi dýrtíð á þennan hátt.

1° Einn veturgamall sauður 30 f., tvævetur 40 f., þrevetur 50 f., fjögurra vetra 60 f. Þetta allt er eftir gamallri landsvísu hér, og er þó ómótmælanlega víst að þær fáu kindur sem vér nú eigum eftir eru miklu betri en þær voru til forna, og kemur það af heygjöf og vetrareldi, sem það hefur nú meir en fyrrum.

2° Naut veturgamalt 100 f., tvævett 140 f., þrevett 180 f., fjögurra vetra 2 hndr. 40 f. eða 7 rixdalir. Kýr að því leyti eftir vænleika og vexti.

3° Smáprjónles, karlmannssokkar hvítir vel unnir af tvinnuðu bandi 24 f., blákembdir eða rauðkembdir eins góðir 30 f., kvensokkar hvítir vel tættir 12 f., barnssokkar 8 f.

4° Prjónpeysa hvít af smábandi tvinnuðu 60 f., eingirnispeysa velþæfð mórauð 45 f., dittó hvít 40 f., önnur dittó lakari 35 f., grófasta dittó 30 f., allar nógu stórar fullorðnum. Þeldúkar mættu og vel seljast frá oss, ein al. á 8 f. Skinn af veturgömlum sel 10 f. etc. Sú mikla gnægð af tóbaki og brennivíni sem hingað flyst árlega er landinu til útörmunar og mörgum til ólukku. Menn gefa þar fyrir lífbjörg sína en svelta síðan etc.

§ II

Til að forbetra nokkuð inntektir fátækustu presta.

1° Væri það hinn brýnasti vegur að leggja þeirra köllum til eina eða aðra jörð frá biskupsstólunum og þeim ríku klaustrum í stiftinu, hvörjum ég kalla þá betur varið heldur en nú er. En megi slíkt ei nefna, og ei heldur neitt frá sýslumönnum draga, þá sýnist mér það kynni að láta sig gjöra fyrir utan almúgans stóra þvingan, α) að hvör prestur sem hefur minna en 50 rd. inntekt vissa árlega, fái hér eins slags fiskitíund eins og lengi hefur verið í Vestmannaeyjum, sem þeir kalla undirgift. Svoleiðis að hvör sóknarmaður gjaldi presti sínum hér upp í

[1] *Lovsamling for Island* I, s. 563–575 (Forordning om den islandske Taxt og Handel, 10.4.1702).

landinu 1 f. af 1 hndr. sem hann aflar við sjósíðuna það árið, þá hann er kominn heim úr lestaferð það sumarið.

Prestar í sjóplátsunum hafa sjálfir sæmilegar inntektir, betra en á landsbyggðinni, og þurfa ei að taka toll af framandi vermönnum, þeir gefa þeim og ekki sína þjónustu ef með þarf. Manntalsfiskar,[1] sem vermenn gjalda staðarins yfirvaldi undir Jökli, væru húsbóndanum vel greiðandi ef það hefði nokkra umsjón um útróðrarmannsins dyggva þjónustu, og rækslu og hagnað við húsbóndann. En sé sú tilsjón engin þá veit ég ei fyrir hvað þeir fiskar koma. Ekki er hér réttargangi til að segja oftast.

Prestum er og þént með því að þeir fengi allra náðugast uppgjöf á öllum extra sköttum og nýjum álögum sem þeir hafa aldrei haft fyrr en nú í hörðustu tíð, svo sem tukthústollurinn og bændaskattheimtan etc. Allir prestar skyldu og fá nokkur laun fyrir sín extra embættisverk, viðlíkt og statuerað var fyrir Suðurstiftið á synodo generali á Alþingi 1764,[2] sem hér er hvörgi í öllu Hólastifti hið minnsta fyrirgefið enn nú.

2° Ef kirkjur fengju hér tíundir af öllum kóngs og stóla jörðum, klaustra og kirkna jörðum eins og bændanna, þá væru þeim það styrkur nokkur. En sóknarfólkið hjálpi upp á hitt sem nauðsynlega vantar.

3° Oeconomie bæði geistlegra og verslegra held ég forbetrast kynni þar viður ef nokkuð betri stjórn væri haldið yfir voru vinnufólki sem er allt of sjálfrátt og óttast öngvan aga, hleypur burt án allra orðsaka og af segir að vinna lengur hjá sínum fyrri húsbónda þegar hann finnur að nokkru við það, og fer hvört sem ætlar sér. Er svo varla undir nokkrum lögum eins og allir aðrir kóngsins þegnar.

Ég vildi óska að allra náðugast yrði confirmeruð sú stiftamtmannsins ordre sem Pétur Raben skrifaði til biskups sál. Steins Jónssonar upp á Alþingi, dat. Fregatten 10. Julij 1720 sem hér á rétt við þetta efni.[3] Hann segir svo þar í: Látið af predikunarstólunum kunngjöra, að enginn skuli yfirgefa hér eftir sína þjónustu og víkja til annarra plátsa, nema hann hafi þar fyrir sig að bera síns sóknarprests skriflegan

[1] Manntalsfiskur. Gjald lagt á aðkomumenn sem komu í verstöðvar til útróðra og rann til sýslumanna sem þóknun vegna aukinnar löggæslu á vertíð. Tíðkaðist aðallega á Snæfellsnesi og í Gullbringusýslu.

[2] Á prestastefnu á Alþingi. Sjá: *ÞÍ*. Bps. A. III. 4. Prestastefnubók 1735–1810, s. 255–256 (Synode generali, 12.7.1764).

[3] *Alþingisbækur Íslands* X, s. 509–513 (Bréf Peters Rabens, Fregaten 10.7.1720).

vitnisburð að hann með vilja og vitund síns fyrra húsbónda sé hjá öðrum vistaður og hafi lifað skikkanlega í þeim söfnuði hvar hann var.

Vilji hann ekki þetta gjöra, eftir áminning prestsins þar sem hann kemur, þá fái hann ei sacramente fyrr, og standi síðan opinberar skriftir. Væri þetta lögtekið þá hindraði það nokkuð hjúanna stroku frá einum húsbónda til annars hér, og þá væri síður tekið á móti þeim með báðum höndum af öðrum ef þeir bæru soddan sannferðuga kynning með sér. Að sönnu er það útþrykkilega befalað í forordning um agann, artic. 26,[1] að allir skuli óska vitnisburðar, þá þeir skipta um vistir og enginn án þess inntakast. En með því þar er ekki nokkuð straff lagt, sér í lagi upp á húsbóndann eða þénarann, þá lifir hvorigur þar eftir. Og sumir drengir segja sig gildi einu hvörn vitnisburð húsbóndinn gefi sér, þeir fái eins vel vist annars staðar samt sem áður etc. Meðan hússtjórnarstandið lagfærist ekki hjá oss, og hreppstjórar skipta sér þar ekkert af, þá er engin von að landbúskapur vor fái bót til gagns!

b) Það þyrfti og að setjast fast með lögum verk og laun vinnufólks og kaupamanna sem slá hjá bændum um sumartíma og heimta óhófskaup, og besta merg úr búi bóndans bera þeir burt að hausti.

c) Ég vildi að politieordningin sem gjörðist hér á Alþingi 1720[2] væri öll lögtekin í punkt og prik (öngva veit ég hér þénanlegri) og gapastokkur uppsettur af sýslumönnum á hvörjum þingstað og kirkjustað, og hreppstjórum gefin skipan og myndugleiki að setja í þá með sóknarprestsins ráði allan óknyttaungdóm fyrir utan allan process. Svo lengi það ei skeður fær hér enginn óráðvandur drengur eða stelpa hindran né kinnroða innan hrepps.

d) Gamlir menn hafa sagt mér að 10 aurar hafi hér verið algengilegt vinnumannskaup á ári fyrir Stórubólu, og áttu þeir þó þá meira en nú til búskapar þá tekið og heimtað er fullt 1 hndr. og eytt síðan strax aftur í tóbaki og skrautbúningi og yfirlæti fram yfir allt sitt hóf. Giftast síðan félausir á tvítugsaldri, kunnandi ekkert í hagsýni, sparsemi, hússtjórn eður nokkrum búnaðarreglum og verða strax sveitinni til þyngsla og niðurdreps með sinni ómegð, eftir fá ár liðin, og uppskera

[1] *Lovsamling for Island* II, s. 615–616 (Anordning om Hustugt paa Island, 3.6.1746).
[2] *Alþingisbækur Íslands* X, s. 557–570 (Uppkast lögmanna og sýslumanna að lögreglutilskipun fyrir Ísland, 17.7.1720).

svo snarlega ávöxt sinnar ódygðar sem þeir sýndu meðan þeir voru hjá öðrum. Turpe qvidem dictu, sed si modo vera fatemur etc.[1]

e) NB. Það gengur rétt viðlíkt til hér hjá oss um vinnufólkið og barón Holberg skrifar, *Epistola* 261, um handverkssveinana utanlands.[2] En það er munurinn að hér er langtum hægra að setja takmörk þeirra sjálfræði. Landið er lítið og ekki hægt að hlaupa út úr því. Þess vegna má hér gjöra sameiginlegt reglement fyrir alla, eftir þeirra vinnulagi um kaupgjald og eins annan viðgjörning alls staðar, svo þá gildi ei að hlaupa frá einum til annars. Svo lengi þetta ei gjörist verður ei vinnufólki í aga haldið til gagns í landinu.

f) Hreppstjórar vorir eru eftir vonum sérhlífnir því þeir fá engin laun nema óþökk eina fyrir allt ómakið, bæði hjá yfirboðnum og undirgefnum, en gætu þó til vegar komið besta undirlagi til sveitarinnar velferðar, bæði í andlegum og líkamlegum efnum, ef þeir væru tilsjónarsamir, velviljaðir, og styrktir af sýslumönnum í öllu tilbærilegu. Sed qvis virtutem amplectitur, ipsius præmia si tollas?[3] Spyrji menn hvar þau skuli takast þá þorir enginn að segja: Gjaftollum sýslumannanna er best þar til verjandi. Þeir voru í öndverðu gefnir sjálfkrafa af almúganum til að firra sig vistum og smásektum. Nú mætti gjöra svo gott úr þessu illu að þeim yrði hvörri sveit til velferðar! Ef þeir pössuðu vel upp á sitt embætti fengju þeir og meira í saktali eftir þeim nýju forordningum.

Það sýnist mér og ekki ótilhlýðilegt að þeim hreppstjórum gæfist nokkur fríheit frá því að liggja undir niðursetum og almennilegum sveitarþyngslum sem aðrir bændur verða að hafa, er ekkert ómak gjöra sér til þess að hafa neina forsjón fyrir því er hreppinn varðar nema á sínu eigin heimili.

g) Prestarnir þyrftu og þess við að vera ekki undirorpnir framfæri annarra ómaga og sveitarbarna, þar sem þeir sjálfir annars verða, vetur

[1] Turpe quidem dictu, sed — si modo vera fatemur — / vulgus amicitias utilitate probat: Víst er skömm að segja frá því en — ef við nú viðurkennum hið sanna – þá virðir fjöldinn vináttuna í takti við notagildið. Ovidius, *Pont.* 2.3, 7–8. Hinn lærði lesandi á að þekkja niðurlagið (sbr. skammstöfunina *etc.*) en þar í er áfellisdómurinn.

[2] Ludvig Holberg, *Epistler*, bind 3, s. 354–355.

[3] Virtutem qvis enim amplectitur ipsam præmia si tollas?: Því hver umfaðmar dygðina sjálfa ef þú tekur burt umbunina? Juvenalis, *Sat.* 10, 141–142. Rangt er farið með tilvitnunina en merkingin hin sama.

og sumar, að sjá um allra þeirra uppfræðing, kristindóminum ex publico officio,[1] og halda öðrum til þess að kenna þeim nokkuð gott (sem oftast gengur treglega), líka vel taka ungdóminn (þessa munaðarlausu) heim til sín tímum saman, húsa þau og yfirheyra undir confirmation en hafa alls ekkert fyrir það ómak af sveitinni. Ég er hræddur um að það muni kunna að smeygja sér inn hjá oss sameiginlega sem hið heiðna skáld hefur kveðið: Ipse decor recti facti, si præmia desint, non movet et gratis pænitet esse probum.[2] Sérdeilis í almennilegum harðindum, þegar menn hafa lítið að lifa við sjálfir, og eru þar hjá helst aðsóktir framar öðrum af gestum og gangandi fólki, sem ætla sér til gistinga á þeirra stöðum, en kostpeningar öngvir tíðkaðir í landinu. At nemini tacuisse nocet, nocet esse locutum![3]

h) Það eina get ég að síðustu að mér sýnist engin þörf að fást um selstöður eða fjárrekstur til afrétta á meðan sauðpeningi fjölgar ekki aftur nokkuð töluvert í landinu. Það ómak gefur ei operæ pretium.[4] Ekki heldur er hér í mörgum stöðum að fá torfskurð til eldiviðar, en að kaupa það og færa til sín frá öðrum jörðum er fátækum bónda og einvirkja ómögulegt.

Um kál og matarjurtir getum vér ei tilreynt hér í sýslu (þótt vildum) því oss hefur altíð vantað sæði þar til og líka undirvísun um aðferðina sem enginn hér hefur neitt vit á.

Ég vona mínir elskulegu hr. hr. Commissarii forþenki ei þessi mín fákænleg margyrði og aabenhjertighed,[5] sem ég hefi í ljósi látið í trausti þeirra góða conduites[6] og afrækt til föðurlandsins velferðar.

Nemo patriam, qvia magna est amat, sed qvia sua,[7] segir Senecca.

1 Samkvæmt opinberri skyldu.

2 Ipse decor recte facti, si praemia desint, / non mouet et gratis paenitet esse probum: Sjálfur heiðurinn af réttlátu verki skiptir engu, ef launin vantar og menn iðrast að gera rétt án borgunar. Ovidius, *Pont.* 2.3, 13–14.

3 Rumores fuge neu studeas nouus auctor haberi; / Nam nulli tacuisse nocet, nocet esse locutum: Flýðu slaður og láttu ei hafa þig fyrir nýju. Ei skaðar að hafa þagað heldur talað. *Disticha Catonis* 1. 12. Rangt er farið með tilvitnunina en latínan er rétt og merkingin hin sama.

4 Er ekki fyrirhafnarinnar virði.

5 Einlægni, hreinskilni.

6 Úrræðasemi, hyggindi. Danska *konduite*.

7 Enginn elskar föðurlandið af því það er stórt heldur af því það er hans.

Yrði nú þetta allt sem hér er áminnst lagfært, kalla ég það mikla og góða restitution.[1]

Guðs almáttugs tilhlutan, hér að ofan, leggi til vors allra náðugasta konungs, yðar sjálfra (sem hans trúrra erindisreka) og allra vorra góðs ásetnings, náð sína, lukku og blessan í Jesú nafni, amen.

SUPPLEMENTUM

Ég minnist aftur á agaleysi og blygðunarleysi barna og vinnuhjúa hér í landi, sem er svo commune malum[2] að það gjörir öllum illt, bæði til viðbúðar og afspurnar. Og þyrftu því allir að leggja fram hvað helst þeir kunni því til lækningar og lagfæringar að upphugsa, með því hér eru öngvir barnaskólar, hvar inni þau fái að læra skikkanlegt siðferði. Þá veit ég ei nema hér gæti komist á gang einn ambulerandi præceptor[3] (eins og í Noreg skal vera) sá eð færi um sóknina til að sjá eftir barnanna typtan og tilsögn, og kenndi líka beqvæmelega[4] aðferð þar út í. Hreppstjórar skipta sér ekkert af bæjarbrag annarra. Húsagaforordningunni[5] er ei framfylgt. Prestar koma einu sinni á ári (þeir geta og vel ei oftar) og er heimafólki hægt að dylja sína annmarka þá stundina. Nescio, qvid dicam, aut qvo me vertam![6]

Ég hefi reynt mig innan héraðs og vel víðar að tala um soddan sakir! Sæpe premente deo, fert deus alter opem![7] Og aftur segir annar gamall spekingur: Pars sanitatis velle sanari fuit.[8] Ég óska: Bene feliciterq[ve] res hæcce vertat! fiat, fiat![9]

* * *

1 Endurgjald, umbun.
2 Almennt böl.
3 Farkennari.
4 Hentuga. Danska *bekvemmelig*.
5 *Lovsamling for Island* II, s. 605–620 (Anordning om Hustugt paa Island, 3.6.1746).
6 Ég veit ekki hvað ég á að segja eða hvert ég á að snúa mér.
7 Oft þegar guð stöðvar veitir annar guð hjálp. Ovidius, *Trist*. 1.2.4.
8 Hluti lækningarinnar var að vilja læknast. Seneca, *Phaedra* 249.
9 Þetta mál snúist vel og gæfusamlega, það verði, það verði.

[Oversættelse 1771]

Translation

LANDFORBEDRINGSTANCKER NYEBEFUNDEN

Det er alle fornufftige og bekjendte mennisker vitterligt, at den almindelig boeskapsstandsmaade[1] her i landet staaer paa disse 4re föder:

1° Söjdqvægets auflingen,[2] hvoraf folck haver föde, klæde og skoe paa födderne og tilkjöber sig dermed alle nödvendige og behövende ting baade inden- og udenlandz. Hvorom nu gafner ej meere at tale, der denne bedre forfoed[3] er ej alleene kommen paa knæe, men endogsaa nær falden til fyldest[4] paa de fleeste stæder, hvorved ingen lindring eller læggelse[5] faaes.

2° Den anden foed under vor boe, som er höeskabsauflingen, paa den behöve vii nu des fastere at stande til at föde og formeere kjör og nööd paa de stæder, hvor mand seer, dertil er beqvæmmeligst, og synes mig, den kunde endnu noget forbedres med det.

α) At gjerde[6] var omkring tunet, paa den samme maade som været have i gamle dage, saa de hverken bides af creature eller saa meget opblæses af vinde. Heller maatte være best ved udgjerder,[7] hvor nu er slettest.

β) At oplade stakgarde[8] paa udmarke eens[9] og videst[10] maae see at have været tilforne, hvad, jeg meener, ej eeneste at være skeed af hestemangel i haarde tiider, eller og til at spare paa sommertimen og törre dagene, paa hvilke mand töver sig til at flötte höet hjem videst een lang vej, og kand mand imedens gjöre dobbelt arbejd ved höevær-

[1] I den islandske udgave af brevet henvises til almuens landbrugsform. Islandsk *búskaparlag*.
[2] Avling.
[3] Forben. Brevskriveren mener sandsynligvis, at fåreavlen er den vigtigste næringsvej inden for landbruget.
[4] Her fuldstændigt.
[5] Lægelse, dvs. helbredelse.
[6] Gærde.
[7] Dvs. lige ved gærdet.
[8] Gærder omkring en plads hvor høet stakkes. Islandsk *stakkgarður*.
[9] Her i betydningen ligesom. Islandsk *eins*.
[10] De fleste steder. Islandsk *víða*.

ket paa udengerne. Om anden engers eller udmarkers forbedring vil jeg icke tale, thi at krafteslösshed og fattigdom fölges ad hos os. Men dette, som forhen er sagt, tænker jeg, det kunde lade sig gjöre, om almindelig lov kom derom. Höet maae flöttes hjem paa hösten og altiid, der ey forhindres höeskappen.[1]

3° Treede foeden, som mand behöve nu som mest og best at stande paa, er fiskeriet ved söen, og er det at sande videst iagttaget og befordrest, som mueligt er. Forordningen af 28de February 1758[2] derom formeldende er meget god og nödvendig, end dog somme endnu ubekjendt. Jeg seer derudi ey nogen umuelig ting befalet, ja langt meere er der kuns lidt efftergjordt, særdeeles fattes den 6., 7., 8., 14., 15. og 16. articuls effterlevelse. O, hvad om vi hafde fiskehucherter,[3] baade til at fange paa dybet med og ligesaa at flötte fisken imellom landets udstrækninger og næsserne hen til de stæder, hvor de ellers har besværligt at henflötte. Dette synest mig et beste og nödvendigste hjelpemiddel, særdeeles for ald Norderlandet i denne qvægfaldene tiid. NB. Salt og fiskegarn mangler allestæds.

4° Kjöbstædshandlingen er den fjerde foed under vor lands boe. Den har længe gaaet her mislige[4] til, dog offtest paa den maade at vii tyckes ligge under. Vores vahre forringes i værdien, viist tilbage og gjör udkast.[5] Den utaxerede feldest[6] til stoer skade, særdeeles tvinnet smaaebaandspronlæss,[7] saa mand faaer aldeeles at legge need smaaebandsgodsarbejde, som dog hafde været os nu meget tjenligere formedelst uldemangelen. Jeg vil ej tale om den gamle taxt paa Islands vadmel, som nu er icke at tælle[8] og næsten ligesaadanne med qvæget i denne tiid.

Nööd eller stude undslaaer sig mange fra at drive til kjöbstæden, dog de vare til, fordi at de ere her meget mindre i værdien antagne, end de selges os imellem indbyrdes. For denne aarsage skyld komme

1 Høslæt. Islandsk *heyskapur*.
2 *Lovsamling for Island* III, s. 291–295 (Reskript til Amtmand Magnus Gislason, ang. Fiskeriets Drift i Island, 28.2.1758).
3 Hukkert. Fladbundet skib med rund agterende og op til tre master.
4 Utilfredsstillende.
5 Her i betydningen smide ud, kasseres.
6 Den utakserede nedsættes i værdi. Islandsk *felld*.
7 Strikvarer af fint uldgarn. Islandsk *smábandsprjónles*.
8 I den islandske udgave af brevet står *óþolandi*, dvs. uacceptabel.

icke halfdeelen af almuen til kjöbstæden aar efter aar og lever ved stor mangel og armoed hjemme. Jeg veed, at dette er allereede til ledelse[1] klaget, og derfor vil jeg ej ordlange[2] meere derom. Men i den allernaadigste tilladelse, som Hands kongelig Mayestett haver givet, icke alleeneste embedsmændene, men endog een og hver indbyggere til at undervisse og raadlegge den kongelig Commission efter sine videnskaber, hvad som til landets almindelig vedretting[3] tjene kand, da fordrister jeg mig til at gjöre forslag paa dette efterfölgende:

1° Ville vii have kjöbstædshandlingen aarlig alleeneste ved vores allernaadigste Konges undersaatter, som flötte til landet alle fornödentlige vahre, og ingen anden og komme herhid saa tidlig om sommeren, som mueligst skee kand. Separat handling[4] var tjenligere end compagnie, som alle landets patrioter med bevisinger demonstreret og iliigemaade forlanget.

2° Taxten, som gjordest 1702,[5] ville vii holdest (som vii nu have haft udi 70 aar) paa alle tunge vahre samt andre, som der er tilnefnt, og nu nödvendig er at indföre effter tidernes tilstand. End de utaxerede vahre bliver efter den priis, som de vare nedsadte til næstledne sommer, som faae dog faaer at vide. Islandske vahren igjen derimod forlanger vii ydmygeligen at maatte fremföres i nærværende dyrtiid paa denne maade.

1° Eet aars gammelt faar 30 f., 2 aars 40 f., 3 aars 50 f., og 4re aars 60 f. Dette alt er efter den her gamle landsviis og er dog uimodsigelig vist, at de faae söyder, som vi nu eje efter, ere meget bedre, end de vare tilforn, og kommer det af got foeder, de nyde om vinteren, som de nu have meere end tilforn.

2° Nööd eller stude aar gammel 100 f., 2 aars 140 f., 3 aars 180 f.,

1 Her i betydningen kedsomhed, jf. den islandske tekst. Islandsk *leiðindi*.

2 I den islandske udgave af brevet anvendes ordet *fjölyrða*, som betyder at tale længe og detaljeret om noget.

3 Genopretning. Islandsk *viðrétting*.

4 Separathandelen. Organisering af handelen, hvor havnene blev forpagtet individuelt af købmændene, som det foregik i første del af det 18. århundrede i modsætning til kompagnihandel (compagnieshandel), hvor alle landets havne blev lejet til et samlet kompagni eller handelsselskab, som f.eks. Det Almindelige Handelskompagni (1764–1774).

5 *Lovsamling for Island* I, s. 563–575 (Forordning om den islandske Taxt og Handel, 10.4.1702).

4 aars 2 hndr. 40 f. eller 7 rdlr. Kjör paa samme maade effter væxt og anden godhed.

3° Smaaebaandspronlæss, mandshoeser hviide vel arbejdet af tvinnet baand 24 f., blaaemeleret eller rödmeleret[1] strömper, eens gode 30 f., qvindfolckhoeser hviide vel tette 12 f., börnehoeser 8 f.

4° Een hviid pronlæsströye af tvinned smaaeband 60 f., eenbaandströje vel toved[2] modröd[3] 45 f., ditto hviid 40 f., anden ditto slettere 35 f., groveste ditto 30 f., alle store og fuldkommen. Teldukar[4] saakaldet eller fiin vadmel maatte og vel selges fra os 1 alen à 8 fiske, skin af aar gammel sel 10 f. etc. Saa meget overflöd af toback og brendeviin, som herhid flöttes aarlig, er landet til udarmelse og mange til ulycke. Mand giver derfor det, mand behöve til livetz ophold, og hungrer siden etc.

§ II

Til at forbedre noget de fattige præsters indtegter.

1° Var det den gjemenste vey at tillegge deres kalde een eller anden jord fra bispestoelen og de rigeste klostere i stifftet, hvilcke jeg kalder at komme dem vel, heller[5] end nu er. End maae icke sligt nefnes, og ej heller noget fra syselmændene drage.[6] Da synes mig, det kunde lade sig gjöre foruden almuens store tvingen,[7] α) at hver præst, som have mindre end 50 rdr. indtegt, visse aarligen faae her eenslags fisketiende, eens og længe været have udi Westmanöe, som de kalle undergift. Saaleedes at hver sognemand gjelder[8] sin præst her oppe i landet 1 fisk af 1 hndr., som hand aufler sig ved söesiden det aaret, naar hand kommer hjem af læsteferden[9] det sommer.

Præster i söestæderne have self temmelige indtegter, bedre end oppe i landsbygden, og behöve icke at tage told af fremmede söemænd. De

1 Farvede i blå eller rød nuancer.
2 Valket. Islandsk þæfa.
3 Rødbrun. Islandsk *móraud*.
4 Vadmel af fint uld. Islandsk *þeldúkar*.
5 Snarere. Islandsk *heldur*.
6 Trække.
7 Brevskriveren henviser til, at det ikke bliver en stor byrde for almuen. Islandsk *þvingun*.
8 Her betaler.
9 Her er tale om en rejse til handelsstedet med pakheste til at transportere varerne hjem. Islandsk *lestarferð*.

give dem og icke sin tjeneste, naar behov gjöres. Mandtalsfiske,[1] som söemænd betale ombudets öfrighed under Jökelen,[2] var husbonden velkommen, om de hafde nogen eftertanke[3] om söemandens troe tjeneste og hans forseelig flittighed ved husbonden. End er den tjeneste intet agtet, da veed jeg icke, hvorfor disse komme skal. Ingen rettergang er hertil at sige offtest.

Præsterne er og tjent med det, at de fick allernaadigst opgif[4] paa alle extraskatter og nye paalæg, som de aldrig have hafft förend nu i haardeste tiider saasom tugthuustolden og bondeskattens paafordring etc. Alle præste burde at faae noget i lön for sin extra embedsforretning. Vedlige og statuered var for Syderstiftet[5] i synodo generali paa Altinget 1764,[6] som ingensteds er her i ald Holestift det mindste efter eller foregivet endnu.

2° Om kirker fick her tiender af Kongens og bispestoelens, clostere og kirkejorder ligesom bönderne, da var det dem til nogen styrkelse, end sognefolcket hjelpede paa det andet, fornödentlig maatte mangle.

3° Oeconomien, baade den gejstlige og verdslige, holder jeg kunde forbedres her videre, om nogen bedre styrelse eller regjæring blev holden over vore tjenestefolck, som er altfor selvraadigt og har ingen frygt eller redssel. Löber bort af tjenesten foruden ald aarsag og afsiger at være længer hos sin forrige husbond, naar hand finder noget ad ved dem, og far saa, hvor de agter sig og tyckes neppe at være under nogen lov som alle andre Kongens undersaatter.

Jeg vilde önske, at allernaadigst blev confirmeret den ordre, som stifftamtmand Peter Raben skriv til bispen sal. Stein Jonsson paa Altinget dateret Fregatten 10de July 1720, som ligner ret her vid dette efne.[7] Hand siger derudi, lader af prædickestoelen forkynde, at ingen skulle overgive herefter sin tjeneste og vige til andre pladser, medmin-

[1] Mandtalsfisk. Afgift lagt på tilrejsende, der kom til fiskepladserne for at fiske, og som gik til sysselmændene som honorar for øget retshåndhævelse i fangstsæsonen. Forekommer først og fremmest på Snæfellsnes og i Gullbringusyssel.

[2] Snæfellsnesjökull, Snæf.

[3] Opsyn med. Islandsk *umsjón*.

[4] Frafald. Islandsk *uppgjöf*.

[5] Suðurstift, dvs. Skálholtsstift.

[6] Et kirkeligt møde på Alting. Se: *ÞÍ*. Bps. A. III. 4. Prestastefnubók 1735–1810, s. 255–256 (Synode generali, 12.7.1764).

[7] *Alþingisbækur Íslands* X, s. 509–513 (Brev Peter Rabens, Fregaten 10.7.1720).

dre hand have og bær med sig sins sognepræstes skrifftlige vidnesbyrd, at hand med villje og vidende sin forrige husbond er hos andre til tjeneste fæsted og have levet skickelig i det sogneherret, hvor hand var.

Vil hand icke dette gjöre effter præstens paaminding, der hvor hand kommer, da faar hand ej sacramentet för og stande siden aabenbahre skriffte. Var dette lov tagen, da hindrede det noget tjenestefolcks bortlöbende fra een husbond til anden her, og da vare de maaeske icke saa hastig modtagne med begge hænder af andre, om de bar saadan eet sandfærdig attest med sig. At endelig er det udtryckelig befalet i tugthuusforordningen articul 26,[1] at alle skulle begjære vidnesbyrd, naar de skifter tjenester, og ingen des foruden antages. Men som der er icke nogen straff paalagt hver i sit stæd paa husbonden eller tjeneren, saa lever ingen af dem begge dereffter. Og somme drenge siger sig gilde eene, hvordan vidnesbyrdet er, som husbonden giver dem. De faae eens vel tjeneste andrestæder alligevel nu som tilforne etc. Imedens huusregjæringsstanden forbedres icke hos os, og hreppstjorer[2] befatter sig icke dermed, da er ingen forhaabning, at vor landoeconomie faae bod og bedring til gafns.

Det behövtes og med lovlig midler at fastsette een viss arbejdzlön for tjenestefolck og kjöbemænd, som slaae græs hos bönderne sommertimen og paastaae ubillig lön og det beste marg[3] af bondens boe, bære det bort om hösten.

Jeg vilde, at politieforordningen, som gjordest her paa Altinget 1720,[4] var i alt lovtagen i punct og prik (intet ved jeg her tjenligere), og gabestock opsatt af syselmændene paa hver tingstæd og ved hver kirke. Og hreppstjorerne given befalning og myndighed at sette dem derudi med sognepræstens samtycke, alle ondskabs ustyrrelige ungdomme, foruden ald process. Og saa længe det icke skeer, faae her ingen hallstarrige drenge eller piiger hindrelse eller blive kinröde[5] inden hrepps.

Gamle mænd have sagt mig, at 10 öre have her været almindeligt vindemands lön om aaret for den Storecoppesyge og ejede da meere

[1] *Lovsamling for Island* II, s. 615–616 (Anordning om Hustugt paa Island, 3.6.1746).
[2] Repstyrer. Islandsk *hreppstjórar*.
[3] Marv. Islandsk *mergur*.
[4] *Alþingisbækur Íslands* X, s. 557–570 (Uppkast lögmanna og sýslumanna að lögreglutilskipun fyrir Ísland, 17.7.1720).
[5] Kindrøde, dvs. rødme af skam. Islandsk *kinnroði*.

endnu til boeskap. Siden tagen og paafordret fuldt 1 hndr. og forödt det siden strax derefter i tobak og klædedragt og anden fremmed overdaadighed over sin maade. Gifft sig siden fattig paa 20te aars alder, vankundig i at see sig noget til beste hverken i sparsommelighed eller huustjeneste eller nogen boestandsregler, og bliver strax hreppen til tyngsel og nedtryckelse med sine fölgere effter faae aar liden. Og opskjære[1] saa snarligen den opvæxt over sine udyder, de gav pröver af, medens de vare hos andre. Turpe qvidem dictu, sed si mode vera fatemur etc.[2]

Det gaar rett vedligt[3] til her hos os om tjenestefolck, og baron Holberg skriver *Epistola* 261 om handverkssvennene udenlands.[4] Men dette er forskjellen, at her er langt mageligere at sette for deres selfraadighed et merkelig anstöd. Landet er lidet og er icke saa got at löbe bort deraf, des aarsag maae her gjöre eet samtegentlig reglement for alle efter deres arbejdstjeneste, om lönnen og ens om anden vedgjörelse allesteds, saa det agtedes ej at löbe fra een til anden. Saa lenge dette ej gjöres, vorder icke tjenestefolck holden i agelse til gafns udi landet.

Vore hreppstjorer som effter formodning skaaner sig self meget i deres forretning, saasom de faae ingen lönn uden vrede og utak for ald deres umage baade af höje standspersohner og undergivne, end kand dog komme i værk at befordre hreppens velfærd til det beste, baade i det aandelige og legemlige, om de vare forsigtige, velvillige og bestyrket af sysselmanden i alt, hvad billigt er. Sed qvis virtutem amplictitur, ipsius premia si tollas.[5] Spörger mand, hvor det skal tages? Da tör vel ingen sige, gjeftolde syselmandens er best dertil falden. De vare i begyndelsen af en selfvillighed given af almuen til at befrie sig for smaae forseelser, nu maatte gjöre got af det onde, at det blef hver

[1] Høster. Islandsk *uppskera*.

[2] Turpe quidem dictu, sed — si modo vera fatemur — / vulgus amicitias utilitate probat: Vist er det en skam at sige det, men — hvis vi nu indrømmer sandheden — så værdsætter de fleste venskabet i takt med anvendeligheden. Ovidius, *Pont.* 2.3, 7–8. Den lærde læser bør kende afslutningen på citatet (jfr. forkortelsen etc.) for det er dér kritikken ligger.

[3] Lignende. Islandsk *viðlíkt*.

[4] Ludvig Holberg, *Epistler*, bind 3, s. 354–355.

[5] Virtutem qvis enim amplectitur ipsam præmia si tollas?: Thi hvem omfavner dyden selv, hvis du fjerner belønningen? Juvenalis, *Sat.* 10, 141–142. Citatet er forkert, men meningen er den samme.

hrepp til velferd! Om de passede vel op sitt embede, fick de og meere forseelsestolde efter den nye forordning.

Det synes mig og icke utilhörligt,[1] at hreppstjorer var given nogen frihed fra dette at betynges med nedersettninger[2] og almindelig sveitetyngsle,[3] som andre bönder maae have, og intet umag gjöre sig dertil at have nogen anseelse for det, hreppen vedkommer, uden paa sit eget hjemme.

Præsterne behövte det og at icke være undertryckt og byrdet med andres (omager[4]) og sveitebörn,[5] saasom de self ellers maae vinter og sommer see om ald deres velfærd i christendommen ex publico officio[6] og holde andre til at lære og kjende dem noget got (som offte gange seendrægtelig til). Ligesaavel maae tage ungdommen (fattige og ingen forsvarshjelp) have hjem til sig tiid og anden, huuse dem og overhöres til confirmation, end have altsaa derfor intet af hreppen for sin umage. Jeg frygter for om, at det monne kunde indsnige sig hos os samtegentlig,[7] som den hedenske poet haver digtet: Ipse decor recti facti, si præmia desint, non movet et gratis pænitet esse probum.[8] Særdeeles i almindelig haarde tiidender, naar mand have lidet at leve self ved og ere derhos helst besögt fremfor anden af gjeste og gangende folck, som agte sig at tage hvile- og nattestæd paa deres hjemme. End kostpenge ere af ingen givet og ey heller i landet brugeligt. At nemini tacuisse nocet, nocet esse locutum.[9]

Dette eene efftertænckеr jeg til sidst, at mig synes ingen fornödenhed gjöres at indrette (selstade[10]) eller drive qvæget til fjelds, imedens

1 Utilbørligt. Islandsk *ótilheyrilegur*.

2 Fattiglemmer, der forsørges af egnens tiendebetalende bønder. Islandsk *niðursetningar*.

3 Byrde af fattigvæsenet. Islandsk *sveitarþyngsli*.

4 Her menes børn. Islandsk *ómagi*.

5 Fattige børn, der forsørges af egnens tiendebetalende bønder. Islandsk *sveitarbörn*.

6 Ifølge offentligt embede.

7 Til fælles. Islandsk *sameiginlega*.

8 Ipse decor recte facti, si praemia desint, / non mouet et gratis paenitet esse probum: Selve æren af et retfærdigt arbejde betyder intet, hvis lønnen mangler, og mænd fortryder at gøre det rigtige uden betaling. Ovidius, *Pont.* 2.3, 13–14.

9 Rumores fuge neu studeas nouus auctor haberi; / Nam nulli tacuisse nocet, nocet esse locutum: Fly sladder og vær ikke årsag til ny. Det skader ikke at have tiet snarere at have talt. *Disticha Catonis* 1. 12. Citatet er forkert, men latinen er korrekt, og meningen den samme.

10 Sæter. Islandsk *selstaða*.

söjdqvæget icke formeerer noget anseeligt paa tallet i landet igjen. Det umag giver ej operæ pretiu.[1] Icke heller er her paa mange stæder at faae torvskjær til at brænde. End at kjöbe det og siden flötte det fra andre jorder ere fattige bönder, som ere eene paa hjemmet, umueligt.

Om kaal og madurter kand vi icke sætte nogen pröve eller forsög med her i syselet, dog vii vilde, thi os have altid manglet sædfröet dertil og ligesaa undervisning om indrettningen, som ingen her har nogen videnskab om.

Jeg formoeder mine elskelige herrer Commissarier fortæncker ej disse mine eenfoldige og mange sammen tagne ord og aabenhjertighed, som jeg have leedt for lyset i den fortröstning deres goede conduites[2] finde noget, som tjene kand til faderlandets velferd.

Nemo patriam, qvia magna est amat, sed qvia sua,[3] siger Senecca. Vorde nu dette alt, som jeg her rört ved forbedring, kalder jeg det nu meget og goed restitution.[4]

Den almægtige gudskraft her ovenfra legge til vores allernaadigste Konges Eder self, (som hans troefaste ærende have forrettet), og alle vores en god og naadig bönhörelse at maatte nyde og dertil lycke og velsignelse i Jesu nafn amen.

SUPPLEMENTUM

Jeg minder offtere paa agelöse og bluefærdiglöse börn og tjenere her i landet, som er saa commune malum,[5] at det gjör alle ondt, som höre og spörge, og behövte det, at alle fremlagde middel hvad helst, der til lægedom og forbedrelse kunde tjene at optæncke. Saasom her ere ingen börneskoeler, hvorinde de kunde faae at lære skickelige sæder, da veed jeg ej andet, det kunde jo komme her i gang een ambulerande præceptor[6] (ligesom udi Norge skal være) den samme at rejse omkring i sognene til at eftersöge börnenes behandling og undervisning og tillige kjende og betyde herudinden beqvemmelige adfærder. Hreppstjorerne bekymre sig intet om, hvad skik i andres huusse bruges eller gjöres.

1 Er ikke umagen værd.
2 Konduite, situationsfornemmelse.
3 Ingen elsker fædrelandet, fordi det er stor, men snarere fordi det er hans.
4 Gengældelse.
5 Alment onde.
6 Omgangslærere, omrejsende lærere.

Huustugtsforordningen[1] er icke fremfölgt, præsterne komme end gang om aaret (de kand og vel ej offtere komme), og er det hjemmefolket en let sag at dölge sine uskicker paa den stund. Nescio, qvid dicam, aut qvo me vertam.[2]

Jeg haver forsögt mig inden herredet og fleere stæder at tale om saadanne sager. Sæpe premente deo, fert deus alter opem.[3] Og atter en anden gammel viisinge siger: Pars sanitatis velle saneri fuit.[4] Jeg önsker: Bene filiciterq[ve] res hæcce vertat! fiat, fiat.[5]

L. S.

Séra Guðmundur Guðmundsson í Undirfelli og séra Jónas Benediktsson í Vesturhópshólum skrifa um aga vinnuhjúa og fleira 5.5.1771. Lit. Oo. N° 1.

Pastor Guðmundur Guðmundsson i Undirfell og pastor Jónas Benediktsson i Vesturhópshólar skriver om tugt af tjenestefolk med mere 5.5.1771. Lit. Oo. N° 1

ÞÍ. Rtk. D3/5–20.
Innskráð/*indskrevet* 15.7.1771.

Áritun/*påskrift*: Under mit Couvert indsendt til Commissionen den 15. Julii 1771. Fieldsted; Lit. Oo. N° 1; Hunevands Syssel.

Veleðla og velbyrðigi herr. Andreas Holt!
Veleðla og hávísi herr. Þorkell Fjeldsted!
Veleðla og höyfornehemme herr. Thomas Windekilde!

[1] *Lovsamling for Island* II, s. 605–620 (Anordning om Hustugt paa Island, 3.6.1746).
[2] Jeg ved ikke, hvad jeg skal sige, eller hvor jeg skal vende mig hen.
[3] Lukker en gud en dør, åbner en anden. Ovidius, *Trist*. 1.2.4.
[4] En del af helbredelsen var at ville helbredes. Seneca, *Phaedra* 249.
[5] Denne sag må gå vel og lykkeligt! Det bliver således. Det bliver således.

Allra náðugast forordnede Landcommissarii!
Háttbjóðandi gúnstigu herrar!

Eftir sem hans kongel. May^t^ af sérdeilis háföðurlegri umhyggju fyrir þessa fátæka lands velferðarframkvæmd hefur allra náðugast fundið fyrir gott að umbjóða yðar veleðlaheitum inn hingað til landsins að reisa, fyrir ljós að leiða og meðdeila hvað sem helst álítast kann þénanlegt til landsins og innbyggjaranna almennilegs besta og uppreistar.

Sömuleiðis allra náðugast befalað að hvað sem helst einn eður annar af kærleika til föðurlandsins og þess velferðar getur ráðlagt á þann hátt og til nefnds augamiðs, það sama skuli hann gefa an fyrir yðar veleðlaheitum. Svo viljum vér í auðmjúkustu undirgefni tilkynna vorar einfaldar beþenkingar sem fylgir.

I° Vel vitum vér að dygðin og sannur guðsótti eigi og megi heita vissasti grundvöllur til stjórnarstandsins viðhalds, eflingar og besta í einu landi, og höfum að hrósa loflegri og kristilegri lagaskipan vorra hásál. guðhræddu konunga (óskandi að tilbærilega væri svo vel yfir þeim sömu haldið sem eftir lifað). Kunnum því og ekki að sjá né útgrunda nokkuð sérdeilis sem in statu qvo[1] geti hér í landi fljótt og vel þénað til meiri andlegrar uppbyggingar og viðréttingar disciplinæ ecclesiasticæ et domesticæ fere prorsus collapsæ.[2]

En í þess stað óskum vér einasta í undirgefni að yðar veleðlaheit vildu láta sér þóknast eftir hafandi háum myndugleika að recommendera[3] til Hóladómkirkju bókþrykkirins 2^ær^ bækur þeirra sælu hálærðu manna, nefnilega *Summaria* biskups hr. Guðbrands[4] yfir biblíuna, sem áður fyrr í hans tíð hafa þrykkt verið, og *Commentarium* biskups mag. Vídalíns[5] yfir epistolas Pauli,[6] sem aldrei hefur enn undir pressu komið, og er enn til alleina í fárra lærðra manna höndum. Báðar þessar bækur álítum vér mikið þénanlegar fyrir stúderandi geistlegar persónur hér í landi sem fátæktar vegna eru ei í standi til aðrar stærri og dýrari utanlands frá að innkaupa.

1 Miðað við núverandi ástand mála.
2 Kirkju- og heimilisaga sem er að hruni kominn.
3 Mæla með, leggja til.
4 Guðbrandur Þorláksson (1541(?)–1627) Hólabiskup 1571–1627.
5 Jón Vídalín (1666–1720) Skálholtsbiskup 1698–1720.
6 Þýðingar og skýringar á bréfum Páls postula. Óprentað. Varðveitt í handritum á Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni.

En hvört þénanlegt sýndist að hér publiceraðist ein bók innihaldandi moralískar og oeconomískar reglur og þanka, eftir annarra landa aðferð og háttalagi að svo miklu leyti sem best kynni saman að koma við þessa fátæka lands, fólksins og tíðanna ásigkomulag, setjum vér í undirgefni til æðri og vitrari manna beþenkingar.

II° Eitt sem meðal margs annars þrykkir og graverar statum oeconomicum[1] hér í landi er sannarlega skortur á þjónustufólki. Svo búendur geta þess vegna hvörki benýttað[2] sér heyskap né fiskerí til nauðsynlegrar lífsatvinnu.

Orsakast þetta malum α) af of háu og ólöglegu kaupgjaldi sem svokallaðir kaupamenn úr sjóplátsum heimta af búandi fólki í sveitum fyrir þeirra vinnu um heyskapartímann, nefnilega 3 fj. smjörs fyrir hvörja viku, sem er sú besta landsins vara og gildir í nærverandi tíð ei minna en 2 sléttir dalir. Hér að auk vilja nefndir kaupamenn hafa fæði, skóleður, nauðsynlega uppvartning alla, haga fyrir hesta sína etc. Allt þetta gratis[3] sem kostar þó vel meir en 2 mk. um vikuna.

Hér af flýtur β) að þeir sem enn eru ársvistarmenn hjá búandafólki vilja gjörast lausamenn í von viðlíks ábata, hvörjir lausamenn dag frá degi, ár frá ári, fjölga og taka um heyskapartímann jafnmikil laun sem áðurtaldir kaupamenn.

Allt svo fækka γ) vinnufærir karlmenn meir og meir hjá búandafólki. Og þeir fáir sem í vistum eru hlaupa árlega frá þeim eina til annars sem meira kaup býður í þessari aðþrengjandi dýru tíð. En yfir allt er nú vinnufólksins kaupgjald uppstigið fram yfir forna venju meir en til helminga, þar hvör einn sléttur vinnumaður lætur sér ei líka minna en 1 hndr. 20 al. um árið, sem þessa lands fátækt þolir öngvan veginn í góðri, enn síður í hallæristíð.

Og nær fátækir búendur megna ei svo miklu kaupgjaldi að svara árlega, svo hljóta þeir að missa sitt vinnufólk, þar aðrir ríkari sitja fyrir sem meira kaup bjóða vinnufólki, eftir sem hér er nú engin viss regla eður almennur jöfnuður á orðinn. Annars þykir þó mörgu af vinnufólki umgetið kaupgjald slétt lítið og unir lítt sínum kosti, sökum þess stóra ábata sem það sér að kaupamenn og lausamenn taka alleina um 10 vikna tíma af árinu meðan slátturinn yfirstendur.

[1] Grefur stöðugt undan efnahagnum.
[2] Fært sér í nyt.
[3] Að kostnaðarlausu, ókeypis.

Þess vegna álítum vér hærst nauðsynlegt og ómissandi til oeconomiens viðurhalds og forbedring:

1° Að komið sé í veg fyrir kaupamannanna óbillegar prætensioner[1] upp á þeirra kaupgjald um sumartímann (svo sem bændur yfir allt þurfa þó ætíð við þeirra þjónustu meðan heyskapurinn yfir stendur). Og gjörð uniformis regula[2] þar um, upp á líkan hátt sem politie anordningin, er gjörðist af vitrustu mönnum lands þessa á Alþingi A° 1720 útvísar,[3] nefnilega að hvör sá kaupamaður sem slær 3ja daga slátt á 6 dögum skuli til launa fá 2 fj. smjörs eður 20 al. í smjöri og peningum, fyrir hvörja viku, minna ef minna vinnur.

2° Að afskaffist þau fríheit sem allt of margir taka sér fyrir á þessum tímum til að vera lausamenn, þvert á móti fornri lagavenju hér í landi, svo að mannfólkið kynni því betur að haldast í vistum hjá búandafólki.

3° Að fastsetjist upphæð á vinnufólks kaupgjaldi yfir allt hjá ríkum og fátækum. Sýnist oss að landsins fátækt þoli ei að sama stígi hærra en til 90 al. árlega fyrir hvörn gagnlegan vinnumann til lands og sjóar. En fyrir vinnukonu 30 al., en vefkonu eður þeirrar sem talsvert gjörir að karlmannaverkum 40 al., auk annarrar góðvildar sem húsbændur skyldast til að sýna hvörutveggjum án reiknings. En smiðir sem vinna allt nauðsynlegt búsmíði uppberi 1 hndr. Tiltekið kaup greiðist sérhvörjum í peningum, vaðmáli og annars slags fatnaði sem fólkinu hentar best, líkavel[4] í fríðum peningi,[5] nær fólkið girnist það og húsbændur fá því orkað án síns baga.

4° Sýnist oss bæði húsbændum og þjónustufólki þénanlegt að vinnufólk blífi sem lengst í sömu skikkanlegri vist við áðurtalda kosti og væri ei óbillegt að hvör sá karlmaður sem þjónar með dygð og hollustu í sömu vist 6, 7 til 8 ár, þiggi af sínum húsbændum þá burt víkur 1 hndr. til verðaura, fyrir utan tiltekið venjulegt árskaup. En gagnleg vinnukona 40 al. undir sama skilyrði. En hvör sá sem lengur staðnæmist í sömu vist, þjónar með dygð og ráðvendni, og slítur sinni heilsu, sá er víst enn meira góðs maklegur.

1 Ósanngjarnar kröfur.
2 Almenn regla.
3 *Alþingisbækur Íslands* X, s. 557–570 (Uppkast lögmanna og sýslumanna að lögreglutilskipun fyrir Ísland, 17.7.1720).
4 Einnig.
5 Lifandi búfé.

Þetta meinum vér að vinnufólki væri víst haganlegra en að flækjast úr einni vist í aðra ár frá ári. Sýna víðast lítinn dugnað, og forþéna svo enn minna til að setja með fætur undir sitt bú síðar meir. Þar allfáir hafa þolinmæði í sömu vist nokkur samfelld ár að þjóna og hagfelld laun að ávinna, heldur hlaupa örfátækir til að giftast á æskualdri, áður til gagns lært hafa nauðsynleg vinnubrögð og búsforstand. Þénar svo yngisfólks præmaturum conjugium[1] því síður til að populera[2] þetta land, að slíkir með konum og börnum verða fám árum síðar betlarar og húsgangsfólk, sjálfum sér og sveitunum til stærstu þyngsla og vandræða sem allt of mörg dæmi daglega sanna.

III° Hvört heldur compagnietsins höndlan skal hér framvegis viðblífa (sem vissra hluta vegna mundi oss þénanlegust) eður önnur ókennd uppréttast, álítum vér með mörgum öðrum ei óbillegt að landsins producter,[3] vaðmál, smáprjónles, smjör, tólg og einkanlega sauðir, kynnu mögulega hér eftir taxerast[4] nokkuð hærra (svo sem bevísanlegt er að allar þessar sorter eru nú miklu dýrari meðal innlendra, heldur en að viðgengst í höndlaninni við danska eftir þeim fastsetta taxta) án þess að sú útlenska vara verði þar í mót uppsett meir en komið er, hvað fátækum landsins innbyggjurum yrði víst óþolanlegt.

Vér vitum vel að vorir ordensbræður,[5] og margir aðrir, hafa bæði um þessa og marga fleiri hluti skrifað yðar veleðlaheitum af miklu stærri fornuft en vér, sem þó í sannleika ekki álítum vorn eigin hag eður gagnsmuni hér við (vildi þetta og annars lítið létta undir nýjan extraordinair[6] þunga oss fátækum prestmönnum uppálagðan), heldur innstillum vér þessar vorar einfaldar beþenkingar undir yðar samtlige veleðlaheita gúnstigasta álit og nákvæmustu yfirvegun, biðjandi auðmjúklegast að vort fáfræði hér út í pardonerest![7]

I övrigt óskum vér að alls mektugur Guð virðist að upplýsa yðar hjörtu og augu með sínum sanna vísdómsanda, til að ígrunda, útvelja

[1] Ótímabær hjúskapur.
[2] Fjölga íbúum og byggja upp landið.
[3] Framleiðsluvörur.
[4] Verðleggjast.
[5] Bókstaflega reglubræður. Hér í merkingunni starfsbræður.
[6] Sérstakur, aukalegur.
[7] Afsakist.

og framkvæma hvað sem helst hans dýrð er til eflingar hans kongel. May^t ódauðlegrar hrósunar, það svo víslega stjórnað hafi herrans arfi, landinu og innbyggjurunum til hvörs kyns bestu nytsemdar en yðar veleðlaheitum samtlige til ævarandi lofstírs, virðingar og samviskufagnaðar, nær trúlega og farsællega hafið útrétt Guðs og hans smurða erindi í fullri vissu um trúrra þjóna verkkaup eilíflega!

Forblífandi með vedbörlig höyagtelse og soummission.
Yðar samtlige veleðlaheita, þénustu skyldugir auðmjúkir þénarar.

Undirfelli,
d. 5ta Maji 1771.

Guðmundur Guðmundsson
prestur til Undirfells og Márstaða[1]

Jónas Benediktsson
prestur til Vesturhópshóla[2]

* * *

[Oversættelse 2015]

Velædle og velbyrdige herr. Andreas Holt!
Velædle og højvise herr. Þorkell Fjeldsted!
Velædle og højfornemme herr. Thomas Windekilde!
Allernådigst forordnede Landcommissarii!
Højtbydende gunstige herrer!

Eftersom hans kongelige Majestæt af særdeles højfaderlig omhu for udviklingen af dette fattige lands velfærd allernådigst har fundet det for godt at give Deres velædelheder mandat til at rejse her til landet for at udlede og meddele, hvad man især må anse for tjenligt til landets og indbyggernes almene bedste og oprejsning.

[At han] ligeledes allernådigst har befalet, at hvad som helst en eller anden af kærlighed til fædrelandet og dets velfærd kan tilråde således og i den nævnte hensigt, det skal han angive over for Deres velædelheder. Derfor vil vi i den ydmygste underdanighed meddele vore simple overvejelser således.

[1] Guðmundur Guðmundsson (1736–1794) prestur, Undirfell, Áshreppur og Másstaðir, Sveinsstaðahreppur, Hún.

[2] Jónas Benediktsson (1738–1819) prestur, Vesturhópshólar, Þverárhreppur, Hún.

I° Vi ved udmærket, at dyden og den sande gudsfrygt skal og kan kaldes det sikreste grundlag for styreformens vedligeholdelse, styrkelse og bedste i et land, og kan rose en fortræffelig og kristelig lovforfatning fra vore højsalige, gudfrygtige konger (med ønske om at der tilbørligt værnes så godt over samme, og den efterleves). Derfor kan vi ikke se eller udtænke noget specielt, som in statu qvo hurtigt og godt kan tjene til mere åndelig opbyggelse og oprettelse af disciplinæ ecclesiasticæ et domestica fere prorsus collapsæ[1] her i landet.

